



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. febrúar 2006 — 50. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Með læti á pöllumum

Sigrún Ríkhardsdóttir
er fyrst kvenna í
formannssæti Knatt-
spyrnufélags ÍA.



TÍMAMÓT 64

Rappar og teiknar verur

Tónlistarmaðurinn og teiknarinn
Marlon Pollock, sonur rokkarans
Mike, hefur gefið út plötuna Apocal-
iptik Magik Child. Marlon hefur verið
búsettur í London undanfarið ár þar
sem hann hefur einbeitt sér að tónlist-
arferlinum auk þess sem hann hefur
reynt að koma teikningum sínum á
framfæri.

FÓLK 34

Vopnaburður varaforsætans


Erfitt er að ímynda sér átakanlegri
útmálan á stefnu og framferði Banda-
ríkjastjórnar en skothríð varaforseta
Bandaríkjanna á vin sinn sem hann
mun hafa ruglast á og akurhænu í
rökrinu.

Gulir og glaðir

Arnar Gunnlaugsson og Þórður
Guðjónsson mynda nú
framherjapar ÍA á ný
eftir 15 ára fjarveru. Þeir
virðast engu hafa gleymt
og ná einstaklega vel
saman.

ÍÞRÓTTIR 28

VEÐRIÐ Í DAG



FLOTT FYRIR AUSTAN í dag
verður vaxandi sunnanátt með landinu
vestanverðu, allhvasst síðdegis og í
kvöld. Austan til verður vindur hægari.
Bjartviðri á austanverðu landinu en
þykkar upp og fer að rigna vestan til
síðdegis. Milt í veðri.

VEÐUR 4

Íslendingar óttast
ekki fuglaflensuna

Rúm 80 prósent telja að fuglaflensan muni berast hingað til lands, samkvæmt
skoðanakönnun Fréttablaðsins. 14 prósent óttast að smitast af flensunni. Sótt-
varnalæknir er hæstánægður með niðurstöðurnar.

SKOÐANAKÖNNUN Íslendingar ótt-
ast ekki að smitast af fuglaflensu,
að því er fram kemur í nýrri skoð-
anakönnun Fréttablaðsins. Mikill
meirihluti, eða tæplega 86 pró-
sent, sögðust ekki óttast slíkt smit
en rúmlega 14 prósent svöruðu
spurningunni játandi.

Mun fleiri telja að fugla-
flensan muni berast til landsins,
eða rétt tæp 83 prósent. Rúmlega
17 prósent sögðust ekki telja að
fuglaflensan bærisk hingað til
lands. Í síðustu viku bárust fréttir
af því að fuglar, sýktir hættulega
afbrigðinu af fuglaflensu H5N1,
hafi fundist í Evrópu. Um tíma

var óttast að afbrigðið af veirunni
hefði fundist í svönum í Danmörku
en svo reyndist ekki vera.

Haraldur Briem sóttvarna-
læknir segir þessar niðurstöður
athyglisverðar og í fullu samræmi
við það sem fram hafi komið hjá
landlæknisembættinu. Hann segir
að það sé líklegt að fuglaflensan
berisk hingað til lands en það er
mjög sjaldgæft að svona veira
stökkbreytist og því afar litlar
líkur á að fólk smitist.

Um 90 hafa látist eftir að hafa
sýkst af fuglaflensunni frá því hún
kom fyrst upp í Asíu fyrir þremur
árum. Allir sem hafa sýkst eru

taldir hafa sýkst vegna beinn-
ar snertingar við sýkta fugla, en
ekki er talið að fuglaflensuveiran
hafi enn stökkbreyst svo að hún
geti smitast á milli manna.

„Því lengur sem fuglaflensan
er í gangi aukast líkur á stökk-
breytingu vissulega,“ segir Har-
aldur. „Við getum fengið heims-
faraldur influensu yfir okkur en
það er eitthvað sem gerist þrisvar
sinnum á öld.“ Haraldur er hæst-
ánægður með þessar niðurstöður
og telur þær sýna að skilaboð-
in frá embættinu hafi komist til
skila.

- ss/ sdg/ sjá síðu 4



GAMLIR ROKKARAR The Rolling Stones héldu heljarinnar tónleika á Copacabana ströndinni í Rio de Janeiro á laugardag en um tvær milljónir manna sóttu tónleikana. Aðgangur að tónleikunum var ókeypis en sjónvarpsstöðvar og borgaryfirvöld borguðu brúsann. Tónleikarnir báru yfirskriftina „A bigger bang“.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hæstu tilboð í lóðir í Reykjavík hafa hækkað mikið á síðustu sex árum:

Lóðaverð hefur margfaldast

LÓÐAÚTBOD Hæstu tilboð í einbýlis-
húsaloðir í Reykjavík hafa hækkað
um tæplega fimmhundruð prósent
frá því í desember 1999, séu
hæstu tilboð í einbýlishúsaloðir í
Úlfarsárdal tekin með í reikning-
inn.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson,
oddviti Sjálfstæðismanna í borg-
arstjórn, kennir um lóðaskorti og
óráðsú R-listans í stjórnun borg-
arinnar. „Það hefur verið viðvar-
andi lóðaskortur í borginni árum
saman og það er auðvitað grunn-
urinn að þeim vanda sem upp er
kominn. Þessum lóðaskorti verður
að útrýma.“

Tilboð í fjölbýlishúsaloðir

hafa hækkað um næstum fjögur-
hundruð prósent á meðan hæstu
tilboð í raðhús-, tvíbýlis- og par-
húsaloðir hafa hækkað um rúm
þrjúhundruð prósent.

Hæsta tilboð í fjölbýlishúsaloð
árið 1999 var tæpar tvær milljónir
króna en var 7,6 milljónir í
lóðaútbodinu fyrir byggingarétt í
Úlfarsárdal nú í febrúar.


Hæsta tilboð í raðhús-, tvíbýlis-
is- og parhúsaloðir var tæpar fjórar
milljónir árið 1999, en það var
rúmar tólf milljónir króna í útboð-
inu nú í febrúar.

Framkvæmdaráð Reykjavíkur
mun funda um útboðsmál í
dag.

-mh / sjá síðu 2

ÞRÓUN VERÐTILBOÐA Í EINBÝLIS-
HÚSALOÐIR Í REYKJAVÍK

Tölur í milljónum króna



VETTvangur morðsins Rannsókn morðs-
ins er í algjörum forgangi.

FRÉTTABLAÐIÐ/CARLOS

Morðin í El Salvador:

Búið að rann-
saka vettvang

SAKAMÁL Búið er að rannsaka morð-
vettvang þar sem Íslendingurinn var
myrtur í El Salvador í síðustu viku.
Krufningu er lokið, að sögn lögreglu
sem gefur ekki meira upp að svo
stöðdu.

Upplýsingafulltrúi utanríkisráðu-
neytisins í El Salvador, Jenny Galda-
mez de Avelar, segir grannt fylgst
með málinu. „Utanríkisráðuneytinu
hefur enn ekki borist nein beiðni
um aðstoð en við erum boðin og búin
komi til þess.“

Íslenska utanríkisráðuneytið
hefur komið að þessu máli með tven-
um hætti. „Annars vegar við að veita
upplýsingar sem varða stjórnkerfið í
El Salvador og hins vegar við aðstoð á
flutningum á líkinu heim til Íslands,“
segir Pétur Ásgeirsson skrifstofu-
stjóri utanríkisráðuneytisins.

- sdg

Nauðgunardómur mildaður:

Stúlkan var
ekki hrein mey


ITALÍA Hæstiréttur á Ítalíu hefur
úrskurðað að nauðgun á fjórtán ára
gamalli stúlku sé ekki jafnalvar-
legt brot þar sem stúlkan hafi haft
kynmök áður en brotið var framið.
Í skriflegri ákvörðun hæstaréttar
kom fram að hæstaréttardómar-
arnir telja nauðgun á stúlkum undir
lögaldri ekki jafnalvarlegt brot ef
þær hafa misst meydóminn.

Maðurinn sem nauðgaði stúlk-
unni er á fertugsaldri en stúlkan
var vinkona dóttur mannsins.

Úrskurður hæstaréttar hefur
kallað á hörð viðbrögð stjórnma-
anna og þeirra sem starfa að
barnavernd á Ítalíu.

- jóa

vidbuin.is

Flugfrakt
og sjófraktATLANTSSKIP
-FLYTJA VÖRUR-

591 3000



SPURNING DAGSINS

Kristján, er öll nótt úti?

Nei. Það er aldrei öll nótt úti.

Kristján Hreinsson er einn þeirra texta-höfunda, í forkeppni Eurovision, sem er óánægður með að eitt lag hafi fengið spílun á netinu áður en það var frumflutt í keppninni, sem er andstætt reglum keppinnar. Lagið sem lak á netið var lag Silvíu Nóttar sem bar sigur úr þýtum á laugardag.

Laun hermdarverkamanna: Al-Kaída greiða laun og orlof

ATVINNUMÁL Ráðningarsamningur frá al-Kaída var nýlega gerður



BIN LADEN

opinber af bandaríska varnarmálaráðuneytinu. Þar segir að nýliðar fái greiddar þúsund krónur og fá fimm daga frí í mánuði. Strangar reglur gilda um launamál í neti hermdarverkamanna sem starfa hjá samtökunum. Samkvæmt CNN fundust skjölín á heimili eins stjórnenda al-Kaída í Afganistan. ■

LÖGREGLUFRÉTTIR

Þrír bílar í spyrnu Lögregla á Ísafirði hafði afskipti af þremur ökuðómnum sem voru í spyrnu á Skutulsfjarðarbraut í gær. Ísing var á veginum og keyrðu ökuðómninir verulega hratt miðað við aðra umferð. Allir þrír náðust og munu verða kærðir.

Keyrðu of hratt í sólinni Tíu ökuðómnum voru teknir fyrir hraðakstur af lögreglunni á Ólafsfirði og í Dalvík um helgina. Snjósleðamót var haldið á Ólafsfirði, sem skýrir fjöldann að sögn lögreglu, en einnig báru ökuðómnum því við að sólín og blíðviðrið ættu þátt í hraðakstrinum.

Stútur keyrði út af Umferðaróhapp varð á Gaulverjabæjarvegi skammt frá Stokkseyri í gær. Bill fór út af veginum og er bílstjóri grunaður um ölvun. Málið er í rannsókn og niðurstöðu blóðprufu beðið að sögn lögreglunnar á Selfossi.

Maður rotaður Ráðist var á mann í Keflavík á sunnudagsmorgun sem, að sögn vitna, hafði verið að angra konu. Nærstaddir réðust þá á manninn með höggum og spörkum. Konan þekkti ekki árásmennina. Maðurinn var fluttur til aðhlynnningar á heilsugæsluna í Keflavík og þaðan á Landspítalann. Eftir skoðun var manninnum leyft að fara heim. Málið er í rannsókn.

Sigurvegari prófkjörs Framsóknarmanna á Akureyri:

Gagnrýnir flokksforystuna

STJÓRNMÁL Jóhannes Bjarnason hlaut 1. sæti í prófkjörinu og telur sigurinn viðurkenningu á sínum störfum í bæjarstjórn undanfarin fjögur ár. Það er mikil eining í hópi frambjóðenda að sögn Jóhannesar og þeir sem ekki komust í efstu sex sæti munu taka þátt í málefnavinnu og undirbúningi.

Jóhannes segir Framsóknarflokkinn hafa mjög sterka stöðu á Akureyri eftir að hafa verið í meirihluta seinasta kjörtímabil en hefur þungar áhyggjur af slakri útkomu flokksins á landsvísi í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Þar bætir Sjálfstæðisflokkur við sig fylgi meðan Framsókn-

arflokkurinn fer niður fyrir sjö prósent og telur Jóhannes mjög óeðlilegt að annar flokkur í ríkisstjórn stækki meðan hinn minnki. Hann kallar eftir naflaskoðun í flokknum og segist ósáttur við þá stefnu forystu flokksins að bera ekki hönd fyrir höfuð sér gegn endalausum áróðri stjórnarandstöðunnar. Vissulega hafi mistök verið gerð og þá höggstaður gefinn en það þarf að draga öll göðu málin fram í dagsljósið, þjóðfélagsástandið hafi aldrei boðið upp á fleiri kosti. „Taktíkin er ekki rétt,“ segir Jóhannes að lokum og telur ekki nóg að segja að fylgið komi í kosningum.

-sdg



JÓHANNES GUNNAR BJARNASON
Segir uppgang hafa verið á Akureyri og að Framsóknarflokkurinn hafi sterka stöðu þar.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANNES

Samfylkingin réði útboðsskilmálunum

Aðeins þrír fulltrúar Samfylkingarinnar samþykktu útboðsskilmála vegna útboðs lóða í Úlfarsfelli. Augljóst að aðeins þeir ríku myndu fá lóðirnar, segja borgarfulltrúarnir Árni Þór Sigurðsson og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

LÓÐAÚTBOÐ Árni Þór Sigurðsson, sem situr í borgarstjórn fyrir Vinstri hreyfinguna - grænt framboð, segir það hafa legið ljóst fyrir frá því að útboðsskilmálar voru samþykktir í borgarráði að „þingavaldið réði því hverjir myndu byggja hús í Úlfarsárdal“.

Hann segist ekki hafa getað stutt þá tillögu sem lögð var fram af fulltrúum Samfylkingarinnar þar sem í henni fólst að aðeins þeir fjársterku myndu fá lóðirnar. „Það hefur nú komið í ljós að þetta var rétt athugasemd sem ég lét bóka við afgreiðslu málsins. Enda lá það alveg ljóst fyrir að niðurstaðan yrði sú að þeir sem gætu borgað mest myndu fá lóðirnar.“

Aðeins Dagur B. Eggertsson, Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Stefán Jón Hafstein greiddu atkvæði með skilmálunum í borgarráði en aðrir borgarráðsfulltrúar sátu hjá við atkvæðagreiðsluna.

Dagur B. Eggertsson, formaður skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, segir markmið útboðsskilmálanna ekki nást þar sem sami einstaklingur eigi hæsta boð í næstum öllum tilfellum. „Ef þessi niðurstaða útboðsins stendur óbreytt þá



ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON
Lýsti yfir andstöðu sinni við þá útboðsskilmála sem samþykktir voru af fulltrúum Samfylkingarinnar í borgarráði.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



FRÁ BYGGINGARSVÆÐINU VIÐ ÚLFARSFELL
Útboð á einbýlishúsaloðum þarna hefur heldur betur dregið dilk á eftir sér.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

næst ekki helsta markmið þessara útboðsskilmála. Við höfum fullan hug á því að ná því markmiði, sem var að gefa fjölskyldufólki kost á því að byggja yfir sig.“

Framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar mun í dag ræða það hvort einbýlishúsaloðirnar í Úlfarsfelli verði boðnar út að nýju þar sem einn einstaklingur, Benedikt Jóseppson, átti hæsta boð í 39 lóðir af 40. Hann er eigandi byggingarfyrtækisins ByggBen ehf. en sótti um einbýlishúsaloðirnar undir sínu eigin nafni.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti Sjálfstæðismanna í borgarstjórn, segir það augljóst mál að

stefna Samfylkingarinnar í lóðamálum í borginni sé komin í ógöngur. „Það er forgangsmál í borginni að lóðaskorti verði útrýmt. Samfylkingarfólk, þá sérstaklega Dagur B. Eggertsson, formaður skipulagsráðs og Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri, ber að sjálfsögðu mikla ábyrgð á þeirri stöðu sem upp er komin. Við Sjálfstæðismenn munum leggja mikla áherslu á það að nógu margar lóðir verði í boði borginni. Þannig hefur málum ekki verið háttað í stjórnartíð R-listans, sem hefur búið til þessa lóðarskorts- og lóðauppboðsstefnu.“

magnush@frettabladid.is

Mótmæli múslíma:

Mannskæð átök í Nígeríu

NÍGERÍA, AP Fimmtán manns létust þegar hópur vopnaðra múslíma í Lagos í Nígeríu, mótmælti teikningunum af Múhameð spámanni harðlega á laugardag. Fólkið réðst á kristna menn, brenndi 15 kirkjur og réðst inn í bifreiðar fólks í mannskæðustu mótmælum hingað til sem tengjast teikningunum sem Jótlandspósturinn birti af spámanninum.

Hafa að minnsta kosti 45 manns látið lífið í mótmælum gegn teikningunum víða um heim til þessa.

Ósætti á milli kristinna manna og múslíma í Nígeríu hafa leitt til þúsunda dauðsfalla á síðustu árum. trúarhópa.

-bg



FLENSA

Niðurstöður úr rannsóknum:

Ekki fuglaflensa í Finnlandi

FINNLAND Niðurstöður úr rannsóknunum á hræjum dauðra svana í Finnlandi benda til þess að dauði þeirra tengist ekki fuglaflensu. Fuglarnir fundust í Hanko í Finnlandi og á Álandseyjum, en sýni úr þeim voru send til rannsóknar til Öryggis.

Samkvæmt Mia Lindertz, yfirdýralækni í Karja í Finnlandi, höfðu fuglarnir haft vetursetu á svæðinu og drepist af öðrum orsökum.

-bg

Ókeypis inn á nektarbúllur:

Opið hús í Rauða hverfinu

AMSTERDAM, AP Opið hús var hjá nokkrum strippbúllum og kynlífs-sýningahúsum í Rauða hverfi Amsterdam í Hollandi um helgina.

Akveðið var að halda opið hús eftir að leiðtogi stærsta stjórnmálaflokks Amsterdam reyndi að fá í Rauða hverfi Amsterdam um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Frítt inn Ekkert kostði inn á búllur sem þessa reyndi að fá í Rauða hverfi Amsterdam um helgina.

-smk



www.expressferdir.is

GOLF

HANBURY MANOR

GOLFFERÐ TIL LONDON

55.900 kr.

INNIFALID: Flug með Iceland Express

til Stansted með flugvallasköttum, tvær nætur á hótelinu ásamt tveimur hringjum á golfvælinum.

Einnig er hægt að kaupa 4 nóttu pakka með 4 golfhringjum á **79.900 kr.**

➤ Nánar á www.expressferdir.is

Express Ferðir, Grimsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100

Express Ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Urgur í háskólastúdentum á Akureyri:

Íhuga framboð í bæjarstjórn

FRAMBOÐ Hópur stúdenta við Háskólann á Akureyri íhugar að bjóða fram lista til bæjarstjórnarkosninganna á Akureyri í vor.

Fundur hefur verið boðaður á morgun klukkan 10:15 í rannsóknarhúsi Háskólans að Borgum og hvetur hópurinn samnemendur sína til að ganga úr tíma og sækja fundinn.

Egill Arnar Sigurþórsson, talsmaður hópsins, segir hugmyndina á bak við hugsanlegt framboð einfalda. „Hópurinn vill mótmæla aðgerðar og áhugaleysi menntamálaráðherra, þingmanna kjördæmisins og bæjarfulltrúa á Akureyri á málefnum háskólans“, segir Egil Arnar. Hann segir fyrirhugaðan niðurskurð til háskólans hafa hleypt umræðunni af stað. „Við skiljum ekki þetta áhugaleysi stjórnvalda á uppbyggingu skól-

ans. Við teljum að háskólinn sé álver Eyfirðinga og komi til með að skapa mun meiri auð fyrir svæðið til langs tíma heldur en nokkur stóriðja myndi gera“. Mikill hugur er í hópnum að sögn Egils Arnars og segir hann hópinn hafa orðið var við mikinn stuðning innan veggja skólans.

A fundinum á morgun er ætlunin að gefa nemendum

tækifæri að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og um leið kanna grundvöll til framboðs.

-æþ

HÁSKÓLINN Á AKUREYRI Mikil óánægja er meðal stúdenta í Háskólanum á Akureyri vegna skilningsleysis stjórnvalda á málefnum skólans. Þeir íhuga nú framboð.

FRÉTTABLAÐIÐ/EGIR



Volkswagen Passat

Lúxusbíll ársins!



Nýr Passat býðst með nýjum og öflugum FSI® bensín- og TDI® dísilvélum með 6 gíra handskiptingu eða 6 þrepa sjálfskiptingu.

Meðal staðalbúnaðar má nefna hemlælæsivörn (ABS), rafstýrða stöðugleikastýringu (ESP), spólvörn (ASR), loftkælingu og loftræstingu (AC), rafræna handbremsu og byltingarkenndan kveikjubúnað sem aðeins er að finna í Volkswagen Passat.

Verð frá **2.150.000 kr.**



Bandalag íslenskra bílابلaðamanna
valdi Volkswagen Passat bíl ársins í
flokki stærri fjölskyldu- og lúxusbíla.



Aus Liebe zum Automobil

Einstaklega **veg**legur



Meiri Corolla – sama verð

Nú færðu í takmarkaðan tíma meiri Corolla fyrir sama verð. **Veglegur aukahlutapakki** gerir aksturinn enn ánægjulegri: álfelgur, vindskeið og skyggðar rúður fylgja öllum Corolla bifreiðum.

Corolla er einn vinsælasti bíll síðustu tveggja áratuga. Aksturseiginleikar, öryggi, sparneytni og lág bilanatiðni hafa skipað honum sérstakan sess í hugum Íslendinga.

Á endanum velur þú Corolla.

150 þúsund króna aukahlutapakki fylgir öllum Corolla bifreiðum: álfelgur, vindskeið og skyggðar rúður.

Verð frá **1.685.000 kr.**



TODAY TOMORROW **TOYOTA**



KJÖRKASSINN

Á Ríkisútvarpið að fara af auglýsingamarkaði?

Já	43,8%
Nei	56,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Á að leyfa áfengisauglýsingar?

Segðu þína skoðun á Vísir.is

VÍSIR



EYÞÓR ARNALDS Lagði áherslu á málefnafundum frekar en auglýsingaherferðir og telur kostnað við framboðið nema rúmri hálfri milljón.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eyþór Arnalds:

Skýr vilji að fá nýtt fólk inn

STJÓRNMÁL Eyþór Arnalds, sem hreppti 1. sætið í prófkjörinu, segir kosningabátttökuna hafa farið fram úr sínum björtustu vonum. Um 1100 manns kusu í prófkjörinu af tæplega 7000 íbúum sveitarfélagsins eða tæp 16 prósent.

„Það er greinilega skýr og almennur vilji kjósenda að fá nýtt fólk að,“ segir Eyþór og bætir við að allir frambjóðendur hafi sagst ætla að taka því sæti sem þeir lentu í. Páll Leó Jónsson, oddviti flokksins, fékk einungis 89 atkvæði og lenti í 11. sæti. Ekki náðist í Pál Leó vegna málsins.

-sdg

Kristján Hreinsson:

Horfði ekki á Eurovision

EUROVISION „Ég horfði ekki á keppnina og veit ekki hvernig þetta fór,“ sagði Kristján Hreinsson lagahöfundur þegar Fréttablaðið leitaði eftir viðbrögðum hans við úrslitum í forkeppni Eurovision sem fram fór á laugardagskvöld.

KRISTJÁN HREINSSON

Kristján segir hóp lagahöfunda, sem ekki er sáttur við vinnubrögð RÚV í keppninni, ætla að halda sínu striki og fylgja málinu til enda. „Við munum leita lögformlegra leiða í málinu,“ segir Kristján.

Hann hefur verið talsmaður hópsins sem mótmælt hefur því að eitt lag hafi fengið forskot á önnur þegar lagið lak á netið. Lagið sem um ræðir er sigurlagið Til hamingju Ísland í flutningi Silvíu Nóttar. Kristján segist mótmæla því að reglum hafi verið breytt í miðri keppni óháð því hvaða lag á þar í hlut.

-jóa

BANDARÍKIN

McDonalds í vondum málum

McDonalds keðjan hefur fengið á sig að minnsta kosti þrjár kærur eftir að keðjan viðurkenndi í síðustu viku að frönsku kartöflunarbæði hveiti- og mjólkurafurðir. Kærurnar byggjast á því að almenningur hafi verið blekkur. Meðal kærenda er fólk sem þjáist af glúteínofnæmi og mjólkuróþoli sem veiktist eftir neyslu á frönskum. McDonalds er nú að láta ofnæmisprófa franskarnar.

Ólafur Þ. Harðarson segir stuðning við ríkisstjórnina vera lítinn þessa dagana:

Samstarfið hangir á blápræði

STJÓRNMÁL Framsóknarflokkur hefur átt í erfiðleikum að undanfögnu og þess vegna kemur það ekki á óvart að fylgi við hann, og ríkisstjórnina, mælist ekki hátt í skoðanakönnunum. Þetta segir Ólafur Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, en hann segir flokkinn hafa átt í erfiðleikum frá því Halldór Ásgrímsson tók við embætti forsætisráðherra.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist með 44,3 prósentu fylgi á landsvísu sem er tæplega sex prósentu stiga fylgisaukning frá síðustu könnun sem gerð var í nóvember á síðasta ári.


Ólafur segir það athyglisvert að formannsskipti í Sjálfstæðisflokknum hafi leitt af sér mikla fylgisaukningu.

„Sjálfstæðisflokkurinn hefur bætt við sig miklu fylgi frá því Geir H. Haarde tók við af Davíð Oddssyni sem formaður. Það er sláandi að sjá þá breytingu. Það sem hefur breyst á þessu kjörtímabili er það að stuðningurinn við ríkisstjórnina hefur verið í kringum 50 prósent nær allt tímabilið, sem er mikil breyting frá kjörtímabilunum á undan þegar ríkisstjórnarflokkarnir höfðu samantlagt mun meira fylgi.“

-mh

KAFLASKIL Í ÍSLENSKUM STJÓRNMÁLUM FRÁ KOSNINGUM 2003

Skoðanakannanir Fréttablaðsins



ÁTAKASVÆÐIÐ Byggingarlandið sem á að rúma 900 íbúðir og næstu kynslóð af Hvergerðingum er austan við Ölfusborgir sem sjást á myndinni. Þetta er síðasta stóra landsvæðið sem bærinn átti.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Samningur bæjarins við Eykt veldur deilum

Íbúar Hveragerðis skiptast í tvær fylkingar um samning bæjarins við Eykt um uppbyggingu á síðasta stóra eignarlandi Hveragerðisbæjar. Samningurinn hefur verið kærður.

SVEITARSTJÓRNARMÁL Hvergerðingar eru fjarri því á eitt sættir um samning sem meirihluti bæjarstjórnar hefur samþykkt fyrir hönd bæjarins við verktakafyrirtækið Eykt um uppbyggingu 900 íbúða á næstu árum. Flestar athugasemdir íbúa lúta að gagn-

rýni á að samningurinn var gerður án útboðs og að farið sé of geyst. Ekki liggi á að byggja svo margar íbúðir á síðasta byggingarlandi Hveragerðisbæjar.

Orri Hlöðversson bæjarstjóri segir þetta misskilning og bendir á þá hröðu uppbyggingu sem

átt hefur sér stað á höfuðborgarsvæðinu og í nágrannasveitarfélögum. „Markmið meirihlutans hefur verið að tvöfalda íbúafjöldann á tólf árum og samningurinn við Eykt er skref á þeirri leið. Með honum viljum við reyna að hafa áhrif á verðmyndun eigna í framtíðinni til að freista þess að bærinn verði aðgengilegur þeim sem áhuga hafa á að búa hér í framtíðinni.“

Minnihlutinn í bæjarstjórn hefur sem kunnugt er gagnrýnt harðlega ákvörðun meirihlutans. Þegar hefur verið lögð fram kæra vegna hennar og er það í þriðja sinn sem ákvörðun meirihlutans er kærð. Aldís Hafsteinsdóttir, oddviti minnihlutans, segir ástæðuna einfalda. „Samningurinn snýst um það að Eykt fær leyfi til að búa til allar þær tekjur sem hægt er af landi sem bærinn átti. Svo skila þeir okkur landinu aftur sem við áttum og þá innheimtum

við lóðarleigu. Hvergerðingar gefa frá sér mikil verðmæti, fá ekkert fyrir og við verðum sjálf að standa straum af allri uppbyggingu. Á sama tíma lýsa aðrir yfir áhuga á samningi svipuðum þeim sem gerður var við Eykt, en það má ekki skoða. Hver maður sér að þetta er fásinna.“

„Áhuginn sem Aldís talar um hefur verið óformlegur tölvupóstur sem sendur hefur verið til bæjarfulltrúa á lokastigum vörðuna við Eykt,“ segir Herdís Þórðardóttir, formaður bæjarráðs. „Það er nánast daglegt brauð að minnihlutinn kæri uppbyggingu hér og við kippum okkur ekki upp við það. Auðvitað stendur alltaf stýr um allar stórar breytingar á högum fólks og þetta er einhver stærsta ákvörðun sem bærinn hefur tekið lengi og með það að sjónarmiði að íbúum fjölgi og þjónusta aukist þegar fram líða stundir.“

albert@frettabladid.is

Voru gerð mistök með samningnum við Eykt?



GUNNAR ÞORBERGUR

„Ég fór ekki á þennan margutalaða fund og sannast sagna skiptir þetta mig litlu máli hvort betri samningnum hefði mátt ná. Þetta er búið og gert.“



HRÖNN VALTÝSDÓTTIR

Stór biti til sama aðila

„Ég hef verið mótfallin þessum samningi við Eykt þar sem mér finnst þetta ákaflega stór biti og hefði mátt skipta þessu landi meira niður og taka minni skref í

uppbyggingunni en samningurinn við Eykt felur í sér, en ég tek fram að ég hef ekki kynnt mér öll gögn til hlítar.“



VALGÝ EIRÍKSÓTTIR

Ekki tímabært

„Persónulega finnst mér þetta alls ekki tímabært því ég sé ekki hvaðan allt þetta fólk á að koma sem á að búa í þeim 900 íbúðum sem þarna á að byggja,“ sagði Valgý Eiríksdóttir.

„Það er mikið af lausum lóðum í bænum ennþá sem nær væri að klára áður en lengra er haldið. Þar að auki fer verð á íbúðum síhækkandi og ef verðið stígur mikið meira verður svipað dýrt hér og í höfuðborginni og þá er farin sú ástæða sem margir gefa fyrir að flytja hingað.“

Alfarið á móti

„Þetta er alveg út í hött að mínu mati



SIGURÐUR BJÖRGVINSSON

verði að fara hægar í sakirnar.“



STEINUNN ÞORGRÍMSDÓTTIR

Þorgrímsdóttir.

og ég er alfarið á móti að landið sé nánast gefið einu fyrirtæki,“ sagði Sigurður Björgvinsson.

„Þarna hefur Eykt nælt sér í afar góðan samning að mínu mati og bærinn að sama skapi misst spón úr aski sínum. Betur hefði

Hef skipt um skoðun

„Fyrst þegar ég frétti af þessu leist mér illa á og var á móti en eftir að hafa kynnt mér hvað til stendur að gera þarna og hvers konar samningur þetta er þá hef ég skipt um skoðun,“ sagði Steinunn

„Þetta ræða margir í bænum og fólk hefur skipt um tvær fylkingar en ég held líka að margir séu ekki búnir að kynna sér málið til hlítar. Mér list alveg bærilega á samninginn við Eykt og held að erfitt hafi verið að fá betri samning fyrir bæinn.“



JÓNÍNA ÞRASTARDÓTTIR

Þrastardóttir.

„Þarna er stórt svæði sem stór verktaki mun byggja upp í góðu samstarfi við bæjaryfirvöld og fyrir vikið held ég að öll uppbyggingin verði betri og hraðari en ella.“

Ný kynslóð salatbara

Sjáðu þetta

40 spennandi tegundir

Meðal annars:

- Kjúklingur
- Hummus
- Kjúklingabollur
- Ferskar melónur
- Mozzarella salat
- Romain salat
- Kjötbollur í rabbabarasósu
- Kús kús tandoori
- Tortelini m/engifer
- Austurlenskar rækjur
- Spínat
- Alabama salat
- Léttfeti m/kryddi
- Ávaxtasalat í kókósskysósu
- Kryddfeti í olíu
- Sólþurrkaðir tómatar
- Ætípastill

...og margt fleira



Með hverju keyptu salatboxi fylgir
0.5 ltr. Coke light með í kaupbæti.*

*Tilboðið gildir til 28. febrúar

Fiskréttur dagsins



Kjöt & fisktorgið

Steinbítur, lax og rækjur
í austurlenskri sósu með mangó keim
Sett í eldfast mót og eldað í u.þ.b.
20 mínútur við um 200°C eða steikt á
pönnu í um 20 mín.

TILBOÐ
998 kr/kg
Verð áður 1.649,-

Rúnar Gíslason
Matreiðslumeistari og sjónvarpskokkur
kokkarnir.is

Gildir 20. febrúar eða á meðan birgðir endast.

Landsins mesta úrval matvöru

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



VEISTU SVARIÐ

- 1 Hver er leikhússtjóri leikfélags Akureyrar?
- 2 Hvar eru hinar illræmdu fangabúðir Bandaríkjamann á Kúbu?
- 3 Hvar fara vetrarólympíuleikarnir fram um þessar mundir?

SVÖRIN ERU Á BLS. 34

RÚV selur hálfra aldar gömul húsgögn af skrifstofu útvarpstjóra:

Andvirðið fer í dagskrárgerð

VERSLUN „Ríkisútvarpið reisir sér ekki bautasteina með dönskum húsgögnum heldur með góðri dagskrá,“ segir Páll Magnússon, útvarpstjóri Ríkisútvarpsins.

Skrifstofuhúsgögn sem hafa verið á skrifstofu útvarpsstjóra í um hálfra öld eru nú til sölu á antíkmarkaði í Perlunni fyrir um eina og hálfra milljón króna.

Páll er nýbúinn að skipta um húsgögn á skrifstofunni vegna þess að honum þótti þessi ekki nógu hentug og af því að þau voru ekki í notkun lengur sá hann ekkert því til fyrirstöðu að koma þeim í verð.

Viðbrögð almennings við sölu hafa verið góð að sögn Páls. Innur

eftir hvort hann geri ráð fyrir að sala húsgagnanna fari fyrir brjóstið á einhverjum sem telji þau hluta af sögu Ríkisútvarpsins sem þjóðareignar Íslendinga blæs hann á slíkar raddir og segir að menningararfur Íslendinga eigi ekki að felast í gömlum dönskum húsgögnum. Páll segir betra að nota upphæðina sem fæst við sölu húsgagnanna í dagskrárefni fyrir Ríkisútvarpið.

-sdg

DÖNSKU HÚSGÖGNIN Hér gefur að líta hluta húsgagnanna í Perlunni. Þau voru sérsníðuð fyrir Ríkisútvarpið og keypt af Vilhjálmí Þ. Gíslasni útvarpsstjóra árið 1959 í Kaupmannahöfn.



Dönsk fyrirtæki auglýsa:

Biðja múslima afsökunar

DANMÖRK Dönsk fyrirtæki sem stunda útlutning til Mið-Austurlanda hafa sett auglýsingar í sáðiarabísk dagblöð þar sem þau biðjast afsökunar á myndbirtingum Jótlandspóstsins.

Erlendar fréttastofur mis-skildu tilkynningarnar og töldu Jótlandspóstinn standa að baki þeim. Carsten Juste, ritstjóri Jótlandspóstsins, þvertur fyrir það en segir þær þó í takt við þær afsökunarbeiðnir sem blaðið hefur þegar sent frá sér. Dönsk fyrirtæki telja sig tapa milljónum á dag enda hafa múslimar sniðgengið danskur vörur í kjölfar myndbirtinganna.

-hmm

Allt til
ferðalaga

A-hús



www.evro.is

ELLINGSEN **EVRO**

Grandagarði 2, sími 580 8500

Einbreiðar brýr á landinu eru 802:

Flestar eru á Héraði

SAMGÖNGUR Hvergi á landinu eru fleiri einbreiðar brýr en á Fljótsdalshéraði eða sextíu talsins en þar á eftir kemur sveitarfélagið Dalabyggð með 54 einbreiðar brýr. Einungis ein einbreið brú er í Reykjavík en hún er styttri en



BRÚIN YFIR HORNAFJARÐARFLJÓT Ökumenn hafa oft lent í vandræðum á þessari brú og til dæmis skemmdi flutningabíll brúarhandriðið í mars árið 2003.

10 metrar og var byggð á fimmta áratug síðustu aldar. Í öllum sveitarfélögum á landinu utan nú eru fleiri en ein einbreið brú.

Þetta kemur fram í svari Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möller alþingismanns.

Fimm sveitarfélög eru með á bilinu 30 til 40 einbreiðar brýr: Sveitarfélagið Skagafjörður 38, Vesturbyggð 37, sveitarfélagið Hornafjörður 32, Skaftárhreppur, 32 og Húnaþing vestra 32.

Lengsta einbreiða brúin á landinu er í sveitarfélaginu Hornafirði og er hún tæpir 880 metrar að lengd.

Alls eru 802 einbreiðar brýr á landinu og að minnsta kosti 19 þeirra eru byggðar fyrir 1930. Ekki er vitað um byggingartíma á þrjátíu og einni brú.

-kk



BARN Á LEIÐINNI Fleiri karlar en konur vildu eignast börn á Kýpur og í Litháen og Tékklandi samkvæmt könnuninni.

Áhyggjur fækka Evrópubúum

Ný könnun sýnir að miklar áhyggjur af peningamálum og kostnaði við uppeldi barna veldur því Evrópubúar eignast færri börn en þá langar til.

BELGÍA, AP Peningaáhyggjur koma í veg fyrir að Evrópubúar eignist fleiri börn en þá í raun og veru langar til. Þetta kemur fram í nýlegri skoðanakönnun sem gerð var í fjórtán Evrópulöndum.

Rúmlega helmingur þeirra 34 þúsunda sem tóku þátt í könnuninni sagðist vilja eignast að minnsta kosti tvö börn en átti í raun og veru færri. Ástæðan er sú að fólkið hafði áhyggjur af framtíðinni og þeim kostnaði sem fylgir því að ala upp barn.

Í könnuninni kom fram að munur á milli meðalfjölda barna og þess hve mörg börn fólk vildi eignast hefði fundist á Kýpur og í Póllandi, Finnlandi, Eistlandi, Litháen, Ungverjalandi og Hollandi. Hvöttu vísindamennirnir sem stóðu að könnuninni stjórnvöld í þessum löndum til að tileinka sér fjölskylduvænna umhverfi.

Fólk í þó nokkrum ríkjum í vesturhluta Evrópu var síður en svo áfjád í að stofna fjölskyldu. Í Þýskalandi, Austurríki, Belgíu, Tékklandi og á Ítalíu vildi fólk

ignast færri en tvö börn. Þar af vildu í Þýskalandi 15% kvenna og 22% karla ekki eignast nein börn.

Oftast er það þannig að konur vilji eignast fleiri börn en karlar en sú var ekki raunin á Kýpur, í Litháen og í Tékklandi.

Þrátt fyrir að skilnuðum hafi fjölgað á undanförnum árum og fleira fólk vilji búa eitt virðist það ekki hafa dregið úr fjölda fæðinga. Samkvæmt könnuninni hafa fæðingar haldist í stöðugu horfi undanfarin tíu ár en á sama tíma hefur börnum einstæðra mæðra fjölgað um 30 til 40%.

Flestir eignast börn eftir að hafa gengið í hjónaband, sérstaklega í suður- og austurevrópskum löndum. Um 80% Ítala, Litháa og Pólverja töldu að best væri að ganga í hjónaband áður en barn fæddist í heiminn.

Engu að síður virðist það vera sífellt víðurkenndara í samfélaginu að pör búi saman án þess að eignast börn. 26 til 31 prósent voru því fylgjandi í Tékklandi, Þýskalandi og Hollandi. freyr@frettabladid.is

Foreldrar athugið!

Við viljum ekki missa fleiri ungmenni í neyslu fíkniefna. Því viljum við minna ykkur á foreldrafundi í eftirtöldum skólum á vegum Maritafraðslunnar:

Öldutúnsskóli, Eftirfylgd
Öldutúnsskóli
FSU Selfossi, Eftirfylgd
fyrir 10.b Vallaskóla
Ölduselsskóli

Mán.20. feb. kl 17:30
Þri. 21. feb. kl 20:00

Mið. 22. feb. kl 18:00 og 20:00
Fim. 23. feb. kl 20:00

Leikari upplýsingar og að fá í viðkomandi skóla

Markmiðið er að samhæfa aðgerðir foreldra í því að styðja unglinga til að taka afstöðu gegn neyslu vímuefna. Reynsla undanfarinna ára sýnir að það ber árangur þegar foreldrar standa saman og setja sameiginlegar reglur og markmið. Nýlega var árangur starfsins metin og benda niðurstöður til þess að þessi fræðsla hefur áhrif á viðhorf unglinga. Að félaginu standa Lögreglan í Reykjavík, Reykjavíkurborg og Marita, forvarnarsvið Samhjalpar.

Jói
Fel

kostaði auglýsinguna



ÁÐUR EN ÞÚ BYRJAR



Dýrnar

að þínum draumum

Skápar til innbyggingar

Rústfrítt stál og ál



RS21KLSR - Stál
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm
tvö kælikerfi og klakavél og kælt
vatn. Sér kælihölf í skápnum
til að afþýða eða hraðkæla.

299.990,-



RS21KLAL - Ál
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm
tvö kælikerfi og klakavél og kælt
vatn. Sér kælihölf í skápnum
til að afþýða eða hraðkæla.

329.990,-



RS21KCSM
Lakkað Stál.
Kælir og frystir
176 x 91x 72 cm
tvö kælikerfi og
Klakavél og kælt
vatn. Sér kælihölf í
skápnum til að
afþýða eða
hraðkæla.

229.990,-

Stál, kámfríir

SAMSUNG

RS21DASM
Lakkað Stál
Kælir og frystir 176 x 91x
72 cm tvö kælikerfi og
klakavél og kælt vatn.

189.990,-



SAMSUNG

SAMSUNG

kæli- og
frystiskápar

Hvítir kæli- og frystiskápar



RS21NASV Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm
tvö kælikerfi og LCD stjórnborð.

139.900,-



RS21DASV Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö
kælikerfi og klakavél og kælt vatn.

159.900,-



RS21FASV Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö
kælikerfi og klakavél og kælt vatn.

169.900,-



RS21KCSV Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi
og klakavél og kælt vatn. Sér kælihölf í
skápnum til að afþýða eða hraðkæla.

199.990,-

Einfaldir kæli- og frystiskápar

SAMSUNG



RL36ESBW Hvítur
182 cm á hæð kælir
og frystir

69.990,-



RL39EBSM Stál lakkaður
192 cm á hæð kælir
og frystir

89.990,-



RL39WBSW Hvítur
192 cm á hæð kælir og
frystir og með vatns
tank fyrir kalt vatn

89.990,-



RL39WBMS Stál lakkað
192 cm á hæð kælir og
frystir og með vatns
tank fyrir kalt vatn.

99.990,-

Umboðsmenn:

Suðurland: Árvirkinn Selfossi og Eyjaradio Vestmannaeyjum.

Vesturland: Model Akranesi, Rafbúðin Hafnarfirði og Ljósboginn Keflavík

Vestfirðir: Pristur Ísafirði og Vestmennt Patreksfirði.

Norðurland: Bókaverslun Þórarinnssonar Stefánssonar Húsavík, Kaupfélag Skagfirðinga Suðárkróki, SR Byggingarvörur Siglufirði, Krákur Blönduósi og Verslunin Urð Raufarhöfn.

Austurland: HS Raf Eskifirði, Verslunin Vík Neskaupstað og Reyðarfirði, Beint í Mark Vopnavirði, Rafholt Egilstöðum.

RADIONAUST
Furuvöllum 5 • Sími 461 5000



ORMSSON

SMÁRALIND
Sími 530 2900
LÁGMÚLA 8
Sími 530 2800



HVÍLD Þessi maður stundaði einhvers konar hugleiðslu snemma morguns á svartri strönd í Búlgaríu á sunnudag. Eftir afar kalt tímabil er hitastigið í bænum Varna komið í tíu gráður á celsíus.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óskað eftir skýringum vegna brottrekstrar trúnaðarmanns við Kárahnjúka:

Sakaður um ýmis brot í starfi

KÁRAHNJÚKAR Trúnaðarmaðurinn, sem Impregilo rak úr starfi í vikunni, hafði gerst brotlegur fjórúmm sinnum á einu ári og fengið þrjár viðvaranir. Allt sneri það að umferðaróhöppum nema síðasta aðvörunin sem var vegna meintra afskipta af skipulagi. Manninum var sagt upp eftir að hann lenti í árekstri í síðustu viku.

„Það var kornið sem fyllti mælinn,“ segir Ómar R. Valdimarsson, talsmaður Impregilo. „Maðurinn hafði ítrekað farið á svig við vinnureglur, farið út fyrir verksvið sitt og valdið fyrirtækinu eignatjóni.“

Ómar segir að Impregilo skilji



ADALTRÚNAÐARMAÐUR VILL SKÝRINGAR Oddur Friðriksson aðaltrúnaðarmaður hefur óskað eftir skýringum á brottrekstri trúnaðarmanns.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

mikilvægi þess að verkalýðshreyfingin hafi trúnaðarmenn á staðnum og virði þann rétt en brot mannsins hafi verið ítrekuð og framkoma slík að ekki hafi þótt fært að hafa hann lengur í vinnu.

Oddur Friðriksson, aðaltrúnaðarmaður verkalýðsfélaganna við Kárahnjúka telur rót vandans þá að trúnaðarmaðurinn hafi gert athugasemdir við að of fáir vinnutímar voru skráðir á hann í haust. Það hafi verið leiðrétt en ekki gert upp aftur í tímann. Um umferðaróhöppin segir hann: „Bílstjóri ber ákveðna ábyrgð en það fríar ekki öryggisdeild fyrirtækisins frá því að hafa ekki brugðist nægilega við í tveimur tilfellum.“

Málið er nú komið í hendur lögmanna Afls, starfsgreinafélags Austurlands, sem munu taka ákvörðun um viðbrögð að sögn Odds.

- ghs/sdg

Konungur Nepal:

Vill endurreisa lýðræði að nýju

NEPAL Gyanendra, konungur Nepals, hvatti stjórnmálaflokka í landinu til að taka þátt í viðræðum um endurreisn lýðræðis í landinu. Andspyrnumenn segja beiðni konungsins merkingarlausa og óljósa. Væri konungi alvara með beiðninni hefði hann óskað eftir beinum viðræðum við stjórnmálaflokkana.

Fyrir einu ári rak Gyanendra ríkisstjórn landsins og tók sér alræðisvald. Síðan þá hefur kóngurinn verið undir mikilli innlendri og alþjóðlegri pressu og er þetta í fyrsta skipti sem konungur biðlar til stjórnmálaflokka anna eftir sáttaleiðum. ■

Stílhreinir skammtarar – úr ryðfríu stáli á tilboði



Lotus Professional

Hagkvæm heildarlausan fyrir snyrtinguna



4.779 kr.

Lotus Miðap.
skápur Marapön RVS



4.779 kr.

Lotus sápuskammtari RVS



6.968 kr.

Compact WC statíf RVS 2rl.

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhalsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



GRÆNLANDSJÖKULL Ný rannsókn sýnir að Grænlandsjökull bráðnar nú mun hraðar en fyrir fimm árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gróðurhúsaáhrif hafa meiri áhrif en áður var talið:

Grænlandsjökull bráðnar hratt

GRÓÐURHÚSAÁHRIFIN Jöklar Grænlands bráðna nú mun hraðar en vísindamenn töldu áður. Skriðjöklar á suður- og austurhluta Grænlands hafa aukið skriðhraða sinn og berst nú tvisvar sinnum meiri ís á haf út heldur en fyrir fimm árum, samkvæmt nýlegri bandarískri rannsókn sem birt var í vísindatímaritinu Science í gær.

Vísindamenn telja helstu ástæðu bráðunarinnar vera hlýnandi hitastig jarðarinnar sem stafar af gróðurhúsaáhrifunum.

Jökulbreiðan á Grænlandi er alls um 1,7 milljónir ferkílómetra og allt að þriggja kílómetra þykk.

Hingað til hafa vísindamenn talið að breiðan muni bráðna á næstu þúsund árum ef hlýnun jarðar heldur áfram eins og hingað til, en nú er talið að það geti gerst mun fyrr. Hlýnandi yfirborð jarðar er talið auðvelda ferð skriðjökla, þar sem leysingavatn ber jökla yfir grjótt á leið þeirra niður að hafi. Ef allur Grænlandsísinn bráðnar, þá má gera ráð fyrir að yfirborð sjávar hækki um sjö metra alls staðar í heiminum.

Að sögn vísindamannanna getur eingöngu aukin snjókoma á Grænlandi stöðvað þessa þróun.

- smk

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

ENNPÁ BETRI Í FEBRÚAR!

Subaru Forester sameinar veggæð jepplings, afl sportbils (158 hestöfl) og frábæra aksturseiginleika Subaru. Lárétt Boxer-vél og Subaru fjórhjóladrif bregðast við ástandi vegar og vegleysu af óviðjafnanlegri getu. Og í febrúar færðu **230.000 króna kaupauka** sem gerir hann ennþá meira freistandi!

Tegund	Verð
FORESTER beinskiptur	2.390.000,-
FORESTER sjálfskiptur	2.550.000,-

230.000 kr. KAUPAUKI

- Vindskeið
- 16" álfelgur
- Heilsársdekk
- Upphækkun í 23 cm veggæð



www.subaru.is

SYMMETRICAL AWD



SUBARU

MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN

Ingvar Helgason

Sævarhólta 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opilið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Hrísmýri 2a
800 Selfossi
482-3100Sæmundargötu 3
550 Sauðárkrúki
483-9141Holtsgötu 52
250 Njarðvík
421-8808Dalbraut 2b
300 Akuressis
431-1376Víkurbraut 4
780 Hólmur í Hornafirði
478-1990Leiruvogi 6
730 Reykjavíkur
474-1453Óseyri 5
605 Múrenni
461-2960

Aukabúnaður á mynd: Pokuljós.



Svefn & heilsa



EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR

SVEFN & HEILSA
GEGNIR
MIKILVÆGU
HLUTVERKI

Veldu það besta!

Chiropractic® í 15 ár á Íslandi



Sú besta

samkvæmt stærstu
samtökum kírópraktora í heimi



Chiropractic eru einu heilsudýnurnar sem
eru þróaðar og viðurkenndar af amerísku
og kanadísku kírópraktorsamtökunum.

Yfir 32.000 kírópraktorar mæla með
Chiropractic, þar á meðal þeir íslensku.



AFMÆLISTILBOÐ Í FEBRÚAR

Biflex er mest selda
stillanlega rúmið hjá
okkur.
6 ára reynsla okkar á
Biflex er einstaklega
góð.

**FEBRÚAR-
TILBOÐ**



Fjölstillanlegur
Wallhugger „S- cape“

WALLHUGGER dregst
að veggnum eins og
nafnið bendir til.
Þannig helst þú alltaf
við hlið náttborðsins.

- Mest seldi ameríski
botninn í heiminum.



- ★ GÆÐI
- ★ GÓÐ VERÐ
- ★ ÞJÓNUSTA
- ★ ÚRVAL
- ★ ÞEKKING



REYKJAVÍK



AKUREYRI

Svefn & heilsa



Verið velkomin

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opíð virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00



INDLAND Hænur stínga hausnum út úr búi á markaði í Kalkútta á sunnudag. Heilbrigðiseftirlitsmenn og bændur slátruðu þúsundum hænsna í Vestur-Indlandi sama dag eða degi eftir að tilkynnt var um fuglaflensu í landinu.

Vaxandi áhugi manna á hreindýraveiðum:

Tvö þúsund sóttu um leyfi

SKOTVEIÐI Alls bárust tæplega tvö þúsund umsóknir um hreindýraveiðileyfi í ár. Er það 18 prósentu aukning frá árinu áður en þá bárust 1.670 umsóknir. Einungis er leyfilegt að fella 909 dýr og því þarf líkt og tvö undanfarin ár, að draga um leyfin.

Jóhann G. Gunnarsson, starfsmaður veiðistjórnunarsviðs Umhverfisstofnunar, segir eftirspurn eftir veiðileyfum fara vaxandi en í fyrra fjölgaði umsóknunum verulega.

„Hreindýrastofninn fer einnig stækkandi á flestum svæðum og í ár má veiða 109 fleiri dýr en í fyrra,“ segir Jóhann.

Sama verð er á veiðileyfum í ár og í fyrra. Dýrasta leyfið kostar 110 þúsund krónur fyrir tarf á svæði tvö, Jökuldals- og Fljótsdalsheiði, en verð á veiðileyfi á kýr fer niður í 35 þúsund krónur.

Undanfarin ár hefur veiðitímabilið staðið frá 15. júlí til 15. september og segir Jóhann að svo verði að líkindum einnig í ár.

- kk

VEIÐIÐMAÐUR MEÐ FALLIÐ HREINDÝR Viðsældir hreindýraveiðar hafa farið hraðvaxandi á undanförunum árum. Til marks um það sóttu á dögnum um tvö þúsund manns um leyfi til að veiða tæplega þúsund dýr.



Ofsaakstur í Kollafirði:

Ók á 170 kílómetra hraða

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Akranesi stöðvaði ökumann á tvítugsaldri í fyrradag sem ók bifreið sinni á 170 kílómetra hraða í Kollafirði.

Maðurinn var færður til skýrslutöku á lögreglustöðinni á Akranesi og var hann sviptur öku leyfinu að henni lokinni.

Þá var harður árekstur á gatnamótum Þjóðbrautar og Innnesvegjar á Akranesi. Bílarnir tveir sem í árekstrinum lentu skemmdust mikið og eru taldir óökuhæfir.

Ökumenn bílanna, sem báðir voru einir í bílum sínum, meiddust lítið en voru þó báðir færðir á slysadeild til aðhlynningar. -mh

Blómasala á konudaginn:

Prefalt meiri en venjulega

KONUDAGURINN Mikið var að gera hjá blómasölum um helgina, að sögn blómaheildsala en í gær var konudagurinn haldinn hátíðlegur.

Í vikunni fyrir konudaginn selst þrefalt meira af blómum en fyrir venjulega helgi.

Mun dýrari og fjölbreyttari blóm eru keypt fyrir konudaginn en fyrir bóndadaginn. Fyrir hann og Valentínusardaginn selst um það bil helmingi meira af blómum heldur en venjulega.

Blandaðir blómvendir seljast mest en rósir eru alltaf mjög vinsælar og sala á túlpönum hefur aukist jafnt og þétt. Sjötíu prósent af sölnni er innlend framleiðsla.

Sá siður að eiginmenn gefi konum sínum blóm á konudaginn hófst á sjötta áratug tuttugustu aldar.

- hbs

Danska fyrirtækið Arla vill sættir við múslima:

Tapar 85 milljónum daglega

DANMÖRK, AP Danská fyrirtækið Arla Foods, eitt af stærstu mjólkurvörfyrirtækjum Evrópu, telur að það hafi tapað um 85 milljónum króna á hverjum degi eftir að múslimar í um tuttugu löndum ákváðu þann 26. janúar að sniðganga vörur þess. Ástæðan er umdeildar teikningar af spámanninum Múhamed sem birtust í dönskum dagblöðum.

Fyrirtækið mun taka þátt í viðskiptaráðstefnu í Dubai á næstunni og vonast til að taka á málinu þar. „Við eigum ekki von á að þátttaka okkar í ráðstefnunni muni hafa áhrif á viðskiptin við þessi lönd því neytendur ráða hvað þeir kaupa. En við fáum tækifæri til að ræða við þá sem við eigum viðskipti við. Að tala við fólk undir fjögur augu er mjög mikilvægt í Mið-Austurlöndum og ekki er hægt að skipta á því og einu



VONDIR DANIR Mótmælendur á Filippseyjum halda á dönskum fána þar sem á stendur „slæm þjóð“.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

símtali,“ sagði Jan E. Pedersen, ráðamaður hjá Arla Foods.

Danski ríkisbankinn hefur reiknað út að útlutningur landsins

á vörum að verðmæti um eitt hundrad milljarða króna á hverju ári sé í hættu vegna viðskiptabannsins.

-fb

Aðalfundur SARK:

Um 50 þúsund utan þjóðkirkju

TRÚMÁL Samtök um aðskilnað ríkis og kirkju hvetja stjórnarskrárnefnd til að taka skýra afstöðu til þess að skilja að ríki og kirkju.

Benda samtökin á að þjóðkirkjan nær nú aðeins til 84% landsmanna, um 48 þúsund Íslendingar eru utan hennar. Tilheyrar þeir ýmist öðrum trúfélögum eða eru utan trúfélaga.

Samtökin fagna auknu fylgi og aukinni umræðu um þá grundvallarstefnu sína að aðskilja beri ríki og kirkju. Samtökin telja enn fremur einsýnt að aðskilnaðarstefnan eigi sér mjög mikinn hlómgrunn meðal þjóðarinnar og að aðeins sé tímaspursmál hvenær ríkjandi stjórnmöld og forysta þjóðkirkjunnar svokölluðu láti loks undan síga gagnvart æ háværar röddum um að hrinda þessu jafnréttis- og réttlætismáli í framkvæmd.

- hmn

Nokkrir góðir!



Klettháls

VW Polo Basicline 1,2 beinsk.

skráður 06/04 ek. 64.000

verð 940.000 kr. verð áður 1.030.000 kr.

Afborgun pr. mán.: **12.967 kr.** í 72 mán.*



Klettháls

VW Passat 1,8T sjálfsk.

skráður 07/02 ek. 49.000

verð 1.790.000 kr. verð áður 1.910.000 kr.

Afborgun pr. mán.: **28.733 kr.** í 60 mán.*



Klettháls

VW Golf 2,0 FSI sjálfsk.

skráður 03/04 ek. 31.000

verð 2.290.000 kr. verð áður 2.440.000 kr.

Afborgun pr. mán.: **31.483 kr.** í 72 mán.*

Aukabúnaður: Sölluga og leðurinnrétting.



Klettháls

VW Golf Trendline 1,6 beinsk.

skráður 06/04 ek. 59.000

verð 1.490.000 kr. verð áður 1.590.000 kr.

Afborgun pr. mán.: **20.511 kr.** í 72 mán.*



Klettháls

VW Golf Highline 1,6 beinsk.

skráður 08/02 ek. 67.000

verð 1.090.000 kr. verð áður 1.240.000 kr.

Afborgun pr. mán.: **15.024 kr.** í 72 mán.*



Klettháls

VW Passat 2,0 sjálfsk.

skráður 07/01 ek. 60.000

verð 1.290.000 kr. verð áður 1.350.000 kr.

Afborgun pr. mán.: **26.543 kr.** í 48 mán.*



Klettháls

VW Polo Basicline 1,2 beinsk.

skráður 06/04 ek. 43.000

verð 980.000 kr. verð áður 1.090.000 kr.

Afborgun pr. mán.: **13.516 kr.** í 72 mán.*



Klettháls

VW Touran 1,6 FSI beinsk.

skráður 07/04 ek. 21.000

verð 1.750.000 kr. verð áður 1.850.000 kr.

Afborgun pr. mán.: **24.077 kr.** í 72 mán.*

Opið mánudaga til föstudaga 10–18 • Laugardaga 12–16

Laugavegi 174

sími 590 5000

Kletthálsi 11

sími 590 5760

www.bilathing.is



BÍLAPING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

Bollívúdd á Indlandi:

Stjarna reynist veiðipjófur

INDLAND, AP Frægð og frami eru ekki nóg fyrir suma. Ein helsta Bollívúdd-stjarna Indlands, Salm-an Khan, hefur verið dæmdur í árs fangelsi fyrir veiðiljófnað og gert að greiða 70.000 króna sekt.

Kahn var ákærður fyrir að veida fágæta antílópu innan eyðimerkurfriðlands árið 1998, en skepan er talin heilög af frumbyggjum. Khan er sagður hafa ekið inn á friðlandið í tökuhléi kvikmyndar sem hann var að leika í, og hafist handa við að skjóta antílopurnar.

Framleiðendur kvikmyndanna sem hann leikur í eru ákaflega uggaði yfir árinu sem Khan mun dása í steininum - smk

Froskar í útrýmingarhættu í Bandaríkjunum:

Hækkandi hitastig banvænt



FROSKURINN Einn af froskunum sem eru í útrýmingarhættu sést hér synda í rólegheitum.

sem þeir þarfnast inn í kroppinn. Hlýnandi loftslag hefur gert svepp þessum kleift að dreifa sér afar hratt um víða veröld, og er hann meðal annars talinn ástæða útrýmingar 112 froskategunda í Kosta Ríka.

Einnig stafar froskunum hættan af aðfluttum silungi. Menn hafast áratugum saman flutt silung í svöfn og ár Yosemite-garðsins svo fólk geti veitt þá sér til skemmtunar, en silungarnir éta froskana. Yfirvöld í þjóðgarðinum eru því nú í óða önn að útrýma silungunum í von um að bæta heimkynni froskanna. Þó óttast líffræðingar að það sé um seinan.



ÚTSKRIFT Palestínskur öryggisvörður gefur skipanir á útskriftarathöfn í Rafah, suður af Gazasvæðinu á sunnudag. Í baksýn sést mynd af Yasser Arafat.



MÓTMÆLI Rúmlega tíu þúsund manns mótmæltu teikningunum af Múhameð.

Teikningar af Múhamed:

Tíu þúsund mótmæltu

LONDON, AP Rúmlega tíu þúsund manns söfnuðust saman í miðborg Lundúna um helgina til að mótmæla teikningunum af Múhameð sem hafa vakið hörð viðbrögð út um allan heim að undanfögnu.

„Málrelsi og móðganir“ stóð á sumum mótmælaspjöldunum. „Hvernig dirfist þið að móðga hinn blessaða spámann Múhammed?“, stóð á öðrum.

Engar fregnir bárust af ofbeldi eða handtökum á Trafalgartorgi þar sem mótmælin fóru fram. -fb

Teknir með fíkniefni:

Grunaðir um sölu á Ísafirði

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Ísafirði hefur nú í haldi tvo menn sem grunaðir eru um að hafa ætlað að selja fíkniefni á Ísafirði.

Mennirnir voru handteknir um klukkan tíu á laugardagsmorgun í Ísafjarðardjúpi en þeir voru þá að koma akandi til Ísafjarðarbæjar frá Reykjavík.

Lögreglan hafði rökstudd-
an grun um að för mannanna
tengdist fíkniefnamisferli og var
bífreið mannanna því stöðvuð
og leitað í bílnum. Þar fundust
fíkniefni í sölueiningum en lög-
reglan á Ísafirði neitaði að gefa
upp hversu mikið magn af efnum
var um að ræða. Þáðir mennirnir
hafa komið við sögu lögreglu áður
vegna fíkniefnamála.

Lögreglan á Ísafirði hefur lagt fram kröfu um gæsluvarðhald beggja mannanna fyrir Héraðsdóm Vestfjarða.

LÖGREGLUFRÉTT

Bíslýs í Hvalfjarðargöngum

Ölvaður ökumaður ók utan í vegg í Hvalfjarðargöngum seint í fyrrakvöld. Lögreglan á Akranesi kom fljótt á vettvang og færði manninn á lögreglustöð þar sem tekin var af honum skýrsla. Billinn skemmdist mikið og var dreginn burtu úr göngunum.

Árekstur á Breiðholtsbraut

Tveir bílar skulu saman á Breiðholtsbraut og hálftré leytið í fyrri nótt. Engin alvarleg slys urðu á fólki en bílarnir skemmdust töluvert. Lögreglan og sjúkrahúsið komu fljótt á vettvang og voru öðrum beggja bílanna fluttur á slysadeild.



„Ég borðaði All-Bran á hverjum degi og mér líður betur.“

Þorleifur F. Magnússon.

VELLÍÐAN

Prófaðu að borða eina skál daglega af All-Bran Original í 10 daga og þú finnur muninn á heilsunni, því varla er völ á hollara morgunkorni.

All-Bran Original inniheldur 50% af ráðlögðum dagskammti af trefjum sem bæta meltingu og hlaða líkamann fullan af orku sem fleytir þér inn í daginn.



All-Bran eykur velliðan og bætir útlit

„ORÐRÉTT“

Einmitt

„Það er alveg ljóst að þeir sem eru óákveðnir munu skipta sköpum þegar kemur að kosningum. Ég er viss um að öflugt innra starf í floknum mun skipta sköpum.“

MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON
FRJÁLSLYNDA FLOKKNUM UM
SLAKA ÚTKOMU Í SKOÐANAKÖNN-
UN FRÉTTABLAÐSINS.

Akkúrat

„Framsóknarflokkurinn hefur aldrei mælst neitt sérstaklega vel í könnun-um en í kosningum kemur hann vel út, vegna þess að fólk treystir okkur til góðra verka.“

VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR
FRAMSÓKNARFLOKKNUM UM
SLAKA ÚTKOMU Í SKOÐANAKÖNN-
UN FRÉTTABLAÐSINS.

nær og fjær
tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? PÁLMI GUNNARSSON TÓNLISTARMAÐUR

Þögðum í tíu ár samfleytt

„Ég er þessa dagana að semja tónlist og spila á tónleikum. Við vorum með tónleika úti í Sal um daginn, ég, Magnús Eiríksson og Manna-korn sem tókust alveg frábærlega,“ segir Pálmi Gunnarsson tónlistarmaður þegar Fréttablaðið ónáðaði hann í gær. Hann segir að mikið standi til því tónleikarnir voru teknir upp og því diskur í farvatninu. Hann veit ekki hvenær það verður en næst á dagskrá hjá honum er að fara í tónleikaferð út á land. En það er ekki allt. „Það stendur líka til hjá okkur að taka upp plötu með nýju efni á þessu ári. Það er alveg hrikalega gaman. Við þögðum nú í tíu ár samfleytt en gáfum svo út disk fyrir tveim-ur árum. Það er ekki annað hægt því það er svo skemmtilegt að spila með góðu fólki.“ Af hverju komuð þið aftur saman á þessum tíma?“ spyr blaðamaður. „Menn á þessum stað í lífinu eru ekki bundnir af tímanum.“

Pálma Gunnarssyni er fleira til lista lagt en að semja og flytja frábæra tónlit. Frá unga aldri hefur hann notið þess umfram flest annað að veiða á stöng. Þeir sem hafa séð Pálma á árbakka vita að þar fer fullnuma



flugukastari sem ber mikla virðingu fyrir náttúrunni og þeim sem í henni búa. Skiptir þar engu hvort í hlut á stórt eða smátt, því lónbúanum sem hann leggur mikið á sig til að krækja í, er jafnan sleppt aftur í hylinn og honum þökkúð viðkynnin. „Að labba meðfram góðri á í góðum félagsskap er klassi. Við ætlum að fara nokkrir félagar til Grænlands. Það er alveg brjálæðislega gaman að koma þangað. Það eru gríðarlega margar ár þarna og reyndar vötn líka með sterkum bleikjustofnum. Bleikjan þar er miklu stærri en hérna heima og langt yfir því sem við getum látið okkur dreyma um. Þetta eru að mestu óveidd-ir stofnar og þess vegna ná þeir 16 til 18 pundum. Ég hef fengið stærsta 12 punda bleikju og hún var alveg ofboðslega öflug, mikið öflugri en lax af sömu stærð. Svo er ég kannski á leiðinni til Kanada þar sem þær verða stærstar. Metbleikjan sem hefur komið þar er 32 pund. Ég á mynd af henni og hún er svakaleg, nýgengin.“

Blaðamaður kveður Pálma með myndina af bleikjunni ljóslifandi fyrir hugskotssjónum. En Pálmi? Kannski er hann farinn til að hnýta flugu eða semja lag um lónbúann sem biður hans.



Í SÓL OG SUMARYL Íbúar og ferðamenn á Hawai þurfa ekki að klæðast úlpum og húfum eins og Íslendingar þessa dagana enda blíðviðri hið mesta þar um slóðir.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eyfirskt öl eins og evrópskt

Framkvæmdir við nýja brugg-verksmiðju á Árskógssandi í Eyjafirði hefjast á næstu dögum. Í verskmiðjunni verður bruggaður bjór að evrópskri fyrirmynd og er stefnt á að hann komi í hillur vín-búða fyrir næstu verslunarmanna-helgi. Kostnaðaráætlun hljóðar upp á um 60 milljónir króna en verksmiðjan mun skapa fimm ný störf í byggðarlaginu. Hjónin Agnes Sigurðardótt-ir og Ólafur Þróstur Ólafsson á Árskógssandi standa fyrir fram-kvæmdunum og stefna þau á 200 þúsund lítra ársframleiðslu innan tveggja ára. „Við vonumst til að byrjað verði að grafa fyrir 300 fermetra verksmiðjuhúsi í næstu viku.

Búnaður hefur verið pantaður frá Tékklandi og fer hann í skip 19. maí en sjálf framleiðslan hefst í júní,“ segir Agnes.

Búið er að ráða tékkneskan bruggmeistara en ekki er komið



BJÓRFRAMLEIÐANDINN Á ÁRSKÓGSSANDI Agnes hefur rekið matvöru-verslunina á Sandinum undanfarin 15 ár með manni sínum Ólafi Presti. Þau hyggjast nú breyta versluninni og reka í henni líka litla sveitakrá árið um kring.

nafn á ölið. „Við óskum eftir góðum hugmyndum og sá sem kemur með gott nafn verður leystur út með góðum skammti af eyfirsku eðalöli,“ segir Agnes.

- kk

Góð
ávöxtun
og lítil
áhætta

Peningabréf eru áhættu-minnsti sjóður Landsbankans. Mikil áhersla er lögð á stöðuga og örugga ávöxtun við rekstur sjóðsins. Gengi sjóðsins hefur aldrei lækkað á milli daga og því hentar hann þeim sem fjárfesta til skamms tíma og vilja taka litla áhættu. Lágmarkskaup eru 5.000 kr. en hægt er að vera í mánaðarlegri áskrift að sjóðnum. Peningabréf eru stærsti sjóður landsins, en þann 1. febrúar var hann 42 milljarðar. Komdu við í næsta útibúi Landsbankans og gerðu meira úr þínum peningum.

Enn eitt met Sri Chimnoy


Kraftlyftingamaðurinn og mannvínurinn Sri Chimnoy bætti á dögnum eigið heimsmet í úlnliðslyftu. Lyfti hann 122,7 kílóa lóði með úlnliðsvöðvum beggja handa. Og það 30 sinnum með hvorum úlnlið!

Óhætt er að segja að Sri Chinmoy sé ekki eins og fólk er flest. Hann hefur varið síðustu áratugum lífs síns í að ferðast um heiminn og boða vináttu og kærleik og hefur vakið á sér athygli með aflraunum af ýmsu tagi. Eftir að hafa lyft 122,7 kílóum þrjátíu sinnum með hvorum úlnlið sagði hann: „Ég er 74 ára ungur. Ég tileinka öllum á mínum aldri þessa lyftu, af öllum mínum kærleika og væntumþykju.“

Þó Sri sé rammur að afli er ógjörningur að lyfta þunga sem þessum með vöðvunum einum saman. Eitthvað annað og meira



ALLT TIL REIÐU Gengið úr skugga um að allt sé eins og það á að vera áður en reynt er að setja nýtt heimsmet.



GRÍÐARLEG ÁTÖK Aðstoðarmenn Sri áttu í basli með að bera lóðin sem hann svo lyfti með úlnliðunum.

þarf að koma til. Og það er þetta annað og meira sem Sri einmitt styðst við. „Þegar við biðjumst fyrir og hugleiðum, þegar við lifum í hartanu, þá er ekkert sem er ómögulegt.“

Sri naut aðstoðar tveggja fílefldra karlamanna við mettilraunina en þeir

áttu í mesta basli með að lyfta lóðinu þunga af gólfi og í rétta stöðu fyrir lyfturnar. Tókst það um síðir en í kjölfarið hóf svo Sri að lyfta því af miklum móð með, eins og áður sagði, úlnliðsaflinu einu.

Sri Chinmoy hefur meðal annars komið til Íslands til að boða frið og vináttu en hér á hann vini og fylgismenn. Frægt var þegar Sri lyfti upp Steingrími Hermannssyni sem þá var forsætisráðherra. ■

SMÁUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Allar smá- auglýsingar einnig frítt í viku á visir.is

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

- smáauglýsingar sem allir sjá

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is


10,5%

nafnávöxtun á ársgrundvelli
frá 3. janúar – 1. febrúar 2006.

Peningabréf Landsbankans

Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðurinn er rekinn af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbanki Íslands hf. er vörsluaðili sjóðsins. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muniinn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslysingar og útdráttar úr útboðslysingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans, www.landsbanki.is.

Svona erum við

> Hreinn hagnaður
fiskvinnslu

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: ENSÍMIÐ SEM BREYTIR ÖLLU

Nikótínfíknin stjórnast af gnum

Sífelld fleiri reyna að hætta að reykja, en þrátt fyrir plástra, pillur og dáleiddslu reynist það mörgum afar erfið að kveða niður tóbaksdrauginn.

Hvernig virkar tóbak?

Tóbaksplantan hefur þróað með sér efnið nikótín sem festir sig við taugafrumur dýra og örvar þá frumurnar á mismunandi hátt. Ef neytandi laufanna er skordýr, reynast áhrif tóbaksins banvæn - sem séð frá bæjardýrum tóbaksplöntunnar er hið besta mál. En í jafn stóru dýri og maðurinn er, þá gefur tóbak í litlu magni notalega tilfinningu (þótt stórir skammtar af nikótíni séu reyndar banvænir mönnum). Nikótínið hefur einnig hálfvaranlegar breytingar á hvernig taugarnar sem það örvar senda skilaboð sín á milli. Í einföldu máli eru áhrifin þau að þessum taugum líður illa án nikótínsins, og þar af leiðandi verður líkaminn háður nikótíninu.



Hvers vegna verða sumir háðari tóbaki en aðrir, og af hverju þarf fólk mismunandi mikið tóbak?

Japanski vísindamaðurinn Hidetoshi Nakamura telur að ensím í líkama fólks ráði hversu marga sigarettu-pakka fólk reykir. Með öðrum orðum, gen fólks ráða því hvort og hversu háð það verður nikótíni byrji það að reykja. Ensímið er kallað CYP2A6 og eitt starfa þess er að breyta nikótíninu í hættuminna efni sem kallað er kótínin, sem síðan er hægt að losa úr líkamanum. Genið sem les CYP2A6 er af þremur gerðum, og til er fólk sem er alls ekki með þetta gen. Samkvæmt niðurstöðum rannsókna Nakamura og félaga hans eru hörðustu reykningamennirnir þeir sem erfa algengustu tegund gensins frá báðum foreldrum, og þeir sem ekki eru með genið reykja minnst. Ástæðan er sú að líkamar þeirra með algengasta genið ráða best við að brjóta niður nikótínið, losa það fljótt úr kerfinu og þar af leiðandi þarfnast þeir annarrar sigarettu fyrr en aðrir. Þannig dregur þróaðasta og algengasta tegund gensins reykningafólk fyrir til dauða, því það reykir meira en hinir, að sögn Nakamura.

SPURT & SVARÐ

ÁHRIF KYNLÍFSÍKNAR

Ekki viður-
kennd röskun

Lokaverkefni Reynis Harðarsonar í sálfræði við Háskóla Íslands fjallaði um gimdrarbruna eða kynlífsfíkn. Hann segir vandann til staðar en heilbrigðiskerfið viðurkenni hann hins vegar ekki.

Hver eru helstu einkenni kynlífsfíknar?

Einkennin geta verið af ýmsum toga en þegar kynlífsfíkn er orðið vandamál þá ver einstaklingur sífelld meiri tíma, orku og peningum í hegðun sem viðkomandi þó finnur berlega að eitrar líf hans.

Er kynlífsfíkn sjúkdómur?

Um það eru deildar meiningar og íslenska heilbrigðiskerfið viðurkennir ekki kynlífsfíkn sem röskun eins og áfengissýki eða spilafíkn. Vanþekking er mikil og algengt að kynlífsfíklar afneiti vandanum.

Hvað er til ráða fyrir kynlífsfíkla?

Kynlífsfíkn verður ekki vandamál fyrr en hún brýst út í óheppilegri hegðun sem samfélagið, einstaklingurinn sjálfur eða hans nánustu, sætta sig ekki við. Gangi fíknin svo langt verður fólk að viðurkenna vandann og halda sig frá þeirri hegðun sem það hefur ekki fulla stjórn á. Eg hvet fólk til að kynna sér málið en hægt er að nálgast margvíslegar upplýsingar á netinu og í erlendum bókum.

REYNIR HARÐARSON
Nemi í sálfræði

Mál gegn ríkinu hafa skipt tugum eða hundruðum síðustu árin en þau eru ekki mörg málin sem embættismenn hafa höfðað vegna brota eða meintra brota ráðherra. Hér verða rifjuð upp nokkur nýleg mál og loks eitt sem endaði með sátt.

Björn Friðfinnsson

Þekktustu málin sem upp hafa komið gegn ríkinu síðustu tvö árin eru þrjú. Það nýjasta er málshöfðun Björns Friðfinnssonar ráðuneytisstjóra sem þingfest var í síðustu viku. Björn krefur ríkið um 52 milljónir króna. Miskabótakrafan er 18 milljónir króna og aðrar kröfur nema 35 milljónum króna. Björn var ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneytinu. Finnur Ingólfsson, þáverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, neitaði því að Björn fengi að koma aftur til starfa í ársbyrjun 1996 og hefur hann því

BJÖRN FRÍÐFINN-
SSON Mál Björns er í fullum gangi nú en Björn krefur ríkið um samtals 52 milljónir þar sem hann fær ekki að mæta aftur til vinnu sinnar sem ráðuneytisstjóri.

HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS Þau eru ekki mörg málin sem embættismenn hafa höfðað gegn ríkinu vegna brota ráðherra en þó nokkur. Sum þeirra eru rifjuð í þessari grein. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGRÐUR

ekki fengið að mæta aftur til vinnu í ráðuneytinu í tíu ár.

Björn telur að ákvörðun ráðherra hafi verið ómálefnaleg og ólögleg og að málsmeðferðin brjóti í bága við stjórnsýslulög. Hann vill að viðurkennt verði að réttur hans til að mæta til starfa í ráðuneytinu sé óskoraður. Björn átti að snúa til starfa um síðustu áramót, samkvæmt samningi, en annar maður var ráðinn í embætti Björns skömmu fyrir síðustu áramót.

Valgerður H. Bjarnadóttir

Annað nýlegt og afar þekkt mál er málshöfðun Valgerðar H. Bjarnadóttur, fyrrverandi framkvæmdastýru Jafnréttisstofu, en í desember voru henni dæmdar sex milljónir króna í starfslokagreiðslur. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að Árni Magnússon félagsmálaráðherra hefði brotið meðalhöfsreglu og farið offari þegar hann fékk hana til að segja upp störfum á Jafnréttisstofu gegn vilja sínum. Valgerður hefði ekki brotið af sér í starfi.

Málsatvik eru þau að Árni hafði fengið Valgerði til að segja af sér sumarið 2003 þegar dómur hafði fallið í Héraðsdómi Norðurlands um að Leikfélag Akureyrar hefði brotið jafnréttislög við ráðn-

ingu leikhússtjóra. Valgerður var formaður stjórnar LA á þessum tíma. Félagsmálaráðherra óskaði eftir fundi með henni, lýsti yfir að hún nyti ekki trausts hans og fékk hana til að láta af störfum. Skömmu síðar komst Hæstiréttur að því að LA hafði ekki brotið gegn jafnréttislögum. Valgerður krafðist bóta frá ríkinu vegna starfslokanna þar sem hún hafði látið af störfum að ósk ráðherra án þess að hafa nokkuð til sakar unnið.

Sigurður Gizurarson

Ekki hafa dómur alltaf fallið embættismönnum í hag. Sigurður Gizurarson sýslumaður var færður til í starfi sýslumanns á Akranesi.

Hann taldi ákvörðun dómsmálaráðherra saknæma og ólögmeða og höfðaði mál á hendur íslenska ríkinu til greiðslu miskagreiðslu. Kröfum hans var hafnað.

Daniel Gestsson og Sigurður Kristinnsson

Þá höfðuðu tveir menn, Daniel Gestsson og Sigurður Kristinnsson, þáverandi starfsmenn Siglingastofnunar mál gegn ríkinu þar sem stöður þeirra voru lagðar niður.

Samgönguráðherra lét í veðri vaka að breytingin væri á öðrum forsendum en embættismennirnir töldu. Embættismennirnir unnu málið.

Hjördís Hákonardóttir

Ágreiningur Hjördísar Hákonardóttur dómstjóra við dómsmálaráðuneytið vegna skipunar í embætti hæstaréttardómara haustið 2003 er minnisstæður þó að það mál hafi endað með samkomulagi milli Hjördísar og Björns Bjarna-

sonar dómsmálaráðherra. Hjördís hafði sótt um embætti hæstaréttardómara en Ólafur Borkur Þorvaldsson var ráðinn. Málið fór fyrir kærufélagið jafnréttismála og úrskurðaði nefndin að ráðherra hefði brotið jafnréttislög þegar hann skipaði Ólaf Bork.

Samkomulagið milli Hjördísar og Björns Bjarnasonar fól í sér ársleyfi á launum fyrir

Hjördísi. Að leyfinu loknu getur Hjördís valið um að snúa aftur til fyrri starfa eða að gera samkomulag um starfslok en hún getur þá farið á eftirlaun samkvæmt 95 ára reglunni. Hjördís hafði undirbúið málsókn á hendur ríkisins vegna málsins en ekki kom til þess vegna samkomulagsins.

Önnur mál hafa komið upp. Sem dæmi má nefna nýlega málshöfðun Tómasar Zoëga, fyrrverandi yfirlæknis á geðsviði Landspítala - háskólasjúkrahúss, en hann taldi breytingu á stöðu sinni ólögmeða. Sem lækni telst Tómas þó ekki embættismaður. Þá hafa fleiri læknað höfðað mál gegn ríkinu. Sama gildir um lögreglumenn og fleiri stéttir.

HJÖRÐÍS HÁKONAR-
DÓTTIR

Máli Hjördísar lauk með samkomulagi og fór því aldrei út í málshöfðun gegn ríkinu.

FRÉTTASKÝRING
GUÐRÚN HELGA SIGURÐARD.
ghs@frettabladid.is

DV

Hefur þú séð DV í dag?

TÓK EKKI MARK Á RÆÐISMANNINUM

Hunsuðu
ábendingu um
lífsvörð fyrir
Jón ÞórUggur í erlendum
sérfræðingum í El Salvador

TILBOÐ

SÚPERTURN

64 BITA 3400+

Leiðandi inn í framtíðina með framúrskarandi 64-bitu tækni, Hyper Transport og 1600FSB



GEFORCE 7300GS

Nýjasta kynslóð skjá korta með 256MB DDR2 810MHz minni, CineFX 4.0 tækni og TV-út tengi



HLJÓDLÁT VINNSLA

Góður og hljóðlátur Dragon turnkassi með ofur hljóðlátum Fortron aflgjafa, hurð og USB2 tengi að framan



Örgjörvi

Minni

Harðdiskur

Skjá kort

Hljóðkort

Annað

3400+ Athlon64 - HT
1600FSB og Hyper Transport
1GB DUAL DDR400 Corsair
400MHz minni með lífstíðarábyrgð
250GB WD SE 8MB - SATA II
SATA2 300, 7200RPM og 8MB buffer
256MB GeForce7 NX7300GS
MSI PCI-E 16X, 810MHz DDR2
Dolby Digital 5.1 - EAX2
6 rása Dolby Digital hljóðkerfi
6xUSB2 tengi, Gigabit netkort
4x SATA Raid, 4x ATA133, o.fl.

SúperTurn tölvurnar koma samsettar og harði diskurinn er forsníðinn og tilbúinn til notkunar. Það eina sem þarf að taka úr eldri vél og setja í nýju er: geisladríf, diskettudríf og stýrikerfi. Svo notar þú að sjálfsgöðu gamla skjáinn, lykilorðið og músina.



VL12
• Samvæls kr. 72.347

5.825

VERÐ 69.900

SÚPERTURN 3

3000+

- 3000+ AMD Sempron 64Bit HT
- 512MB DDR 400MHz minni
- 160GB 7200RPM WD - 8MB
- 128MB ATI Radeon X300 skjá kort
- Dolby Digital 5.1 EAX2 hljóðkerfi
- 10/100 netkort, USB2 og FireWire
- Medium Tower með 300W aflgjafa



VL6
• Samvæls kr. 41297

6.650

VERÐ 39.900

WD HARDIR DISKAR



Western Digital®

SPECIAL EDITION

Special Edition harðdiskar frá Western Digital sem eru 7200RPM og með 8MB buffer

FLUID BEARING

Fluid Dynamic Bearing tæknin skilar mun hljóðlátari og endingarbetri harðdiskum

WESTERN DIGITAL

Betri, hljóðlátari, hraðvirkari og mest seldu harðdiskarnir í dag á enn betra verði en áður



250GB 7.990 | **320GB 12.900**

SÚPERTILBOÐ 3

3000+

- 3000+ AMD Sempron 64Bit HT
- 512MB DDR 400MHz minni
- 128MB ATI Radeon X300 skjá kort
- Dolby Digital 5.1 EAX2 hljóðkerfi
- 10/100 netkort, USB2 og FireWire

VERÐ 24.900

DRAGON 250



250GB

Dragon250 utanáliggjandi USB2 ál hýsing með hljóðlátum WesternDigital 250GBSE harðdisk, tilbúinn til notkunar

VERÐ 14.900

GEFORCE7 NX7800GT



MSI GeForce7 NX7800GT PCI-Express skjá kortið er eitt það öflugasta í dag og er með 256MB 1,0GHz DDR3 minni

VERÐ 34.900

X-FI XTREME



Sound Blaster X-Fi XtremeMusic 7.1 er eitt besta hljóðkortíð í dag fyrir kvikmyndir, leiki og tónlist með EAX5.0, 8MB XRAM o.fl. ótrúlegt kort

VERÐ 12.900



MSI Geforce 6 NX6200 128MB AGP 8x skjá kort

VERÐ 6.990



512MB Corsair 400MHz minni með lífstíðarábyrgð

VERÐ 4.990



1GB Corsair 400MHz minni með lífstíðarábyrgð

VERÐ 9.990



DVD-R 4,7GB Traxdata diskur 16x hraða, 25stk

VERÐ 3.790



Nec 16x DVD +/- Dual Layer skrifari með hugb.

VERÐ 4.990



Sennheiser HD 201, létt og þægileg heyrnartól

VERÐ 2.290



Altec Lansing AH502i stór heyrnatól með hljóðnema

VERÐ 5.990



256MB Corsair USB2 lykill með 10 ára ábyrgð

VERÐ 3.990



Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðarlegar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann

TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

Þú getur fundið allar breytingar, myndavörð og innihafnarvörur

skoðun

SJÓNARMÍÐ
HAFLÍÐI HELGASON

Lóðauðthlutun við Úlfarsfell tókst ekki sem skyldi.

Uppboð eru sanngjörn leið

Talsverður urgur er meðal margra þeirra sem sóttu um einbýlishúsalóðir við Úlfarsfell. Hugmyndin með útboðinu var að gefa annars vegar byggingafyrirtækjum og hins vegar einstaklingum tækifæri til að bjóða í lóðir í útboðinu.

Niðurstaðan er hins vegar sú að einn aðili er með hæsta boð í nánast allar lóðir í nýju hverfi. Niðurstaðan er klaufaleg í ljósi þeirra markmiða sem menn settu sér og ekki skrytið þótt kurr sé í þeim sem ekki fengu. Gagnrýnin á að því leyti rétt á sér að úr því að markmiðið var að einstaklingar fengju tækifæri til að byggja einbýlishús, þá hefði með skýrum hætti þurft að tryggja að sami einstaklingur gæti ekki keypt nema eina lóð.

Vandinn er að allar tilraunir til þess að takmarka aðgang í slíkum útboðum bjóða heim hættu á að menn finni leiðir í kringum reglurnar. Minnihluti sjálfstæðismanna í Reykjavík hefur gagnrýnt þessa úthlutun, en gagnrýnin er einkum á tveimur forsendum. Annars vegar að Reykjavík hafi ekki staðið sig í stykkinu með að tryggja nægt framboð lóða. Hin virðist af þeirri rót að uppboðin séu á einhvern hátt óeðlileg. Sú gagnrýni er illskiljanleg, sérstaklega úr þeim flokki sem lengst hefur gengið í markaðshyggju.

Uppboð á takmörkuðum gæðum eru sanngjarnasta leið sem hægt er að fara. Með þeirri aðferð eru lóðir seldar á því verði sem kaupendur eru tilbúnir til að borga. Ein röksemd sem hefur heyrst í því sambandi er að uppboð á lóðum valdi hærra fasteignaverði. Þetta er rangt. Hátt lóðaverð endurspeglar fyrst og fremst væntingar kaupandans um fasteignaverð, þegar búið er að byggja. Þannig reiknar sá sem kaupir með því að hann fái inn bæði fyrir lóðaverði og byggingakostnaði, auk framlegðar af starfsemiinni þegar upp er staðið. Það hversu hátt verð menn eru til í að borga fyrir lóðir sýnir fyrst og fremst að þeir hafa trú á að fasteignaverðið muni haldast hátt.

Helstu áhrifaþættir í fasteignaverði eru fjármagnskostnaður og kaupmáttur. Lægri vextir og aukinn kaupmáttur hafa verið drifkraftar hækkunar íbúðarhúsnæðis síðustu misserin. Uppboð á lóðum hefur lítið með það að gera.

Þeir sem gagnrýna harðast þetta kerfi verða að koma með lausnir sem eru sanngjarnari en að selja hæstbjóðanda lóðir. Úthlutun þar sem menn eru dregnir út er ekkert annað en happdrætti á vegum hins opinbera. Þannig fá þeir sem eru heppnir afhent verðmæti sem þeir græða á, þegar við afhendingu.

Íslendingar voru lengi heimsmeistarar í að gera allt sjálfir. Venjulegt fólk byggði húsin sín sjálf t að mestu leyti og heilu fjölskyldurnar eyddu megninu af frítíma sínum í að skafa timbur og binda járn. Sumum kann að finnast eftirsjá að þessu, en þeim fer sennilega fækkandi. Sérhæfing samfélagsins fer vaxandi og fagmenn og sérhæfð fyrirtæki byggja nú heilu hverfin og sjá um þau allt frá hönnun til afhendingar. Nágrannaþjóðir okkar hafa haft þennan hátt á um áratuga skeið.

Auðvitað á ekki að útiloka fólk frá því að standa sjálf t í byggingu húsa sinna. Það er hins vegar vafamál hvort eigi að sérgreina einstaklinga og fyrirtæki þegar lóðir eru boðnar upp. Sennilega er best að láta verðið eitt ráða.

Taki menn hins vegar þá afstöðu að hafa slíkan aðskilnað, þá verða menn að standa betur að málum, en gert var við Úlfarsfell.

RÁÐGJÖF

alt

ný vöru- & þjónustu-skrá á visir.is

VEIÐIR

SMÍÐ

visir

ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

	FRÁ DEGI TIL DAGS	
Allir segja satt Fyrir helgi fengu allir fjölmiðlarnir í hendur sömu talnagögnin frá Gallup um lestur dagblaða dagana 20. til 26 janúar síðastliðinn. Með áherslu á „sömu talnagögnin“ er áhugavert ef ekki beinlínis skemmtilegt að skoða hvernig dagblöðin matreiða upplýsingarnar á mismunandi hátt. Litum aðeins á Morgunblaðið og Fréttablaðið. Frétt Morgunblaðsins á blaðsíðu fjögur á laugardaginn var hefst svona: „Meðallestur Morgunblaðsins jókst um rúm fjögur prósentustig í janúar frá því sem var í október síðastliðnum og mældist 50,2 prósent.“ Á blaðsíðu átta í Frétta- blaðinu sama dag er frétt sem byrjar svona: „Ekki hefur mikið breyting orðið á lestri dagblaðanna hér á landi frá því fjölmiðlakönnun	var gerð í október.“ Fréttablaðið birtir súlurit og ber saman lestur dagblaðanna fjögurra í janúar og sem áður er súla Fréttablaðsins hæst. Morgunblaðið birtir línurit yfir lestur blaðanna allar götur frá ársbyrjun 2003 sem sýnir að lestur Morgunblaðsins og Blaðsins eru á uppleið í nýjustu könnuninni en lestur Fréttablaðsins og DV á niðurleið. 70 prósent er fínt Parna er eðli sannleikans ef til vill rétt lýst. Allir leggja sömu gögn til grundvallar en draga upp mismunandi sjónarhorn. Allir hafa rétt fyrir sér með einhverjum hætti en geta	aldrei fært fram eina rétta sjónarhornið. En lestur Blaðsins og Morgunblaðsins er sem sagt á uppleið en lestur Frétta- blaðsins og DV á niðurleið. Einnig er rétt að Fréttablaðið er enn sem fyrr mest lesna blað landsins og breytingarnar ekkert ýkja miklar. Meira að segja hefði mátt búast við meira hruni í lestri DV en raunin er eftir reiðíofsann sem greip um sig vegna forsiðufréttar blaðsins af manni sem síðar stytta sér aldur. Verðugt er að hafa í huga gamalt málteki Gyðinga sem pólska nóbelskáldið Czeslaw Milosz setti í inngang bókar sinnar um Fjötra hugans: Það er ljómandi gott ef einhver kveðst hafa 70 prósent rétt fyrir sér. Enn betra er ef einhver góður maður kveðst hafa 90 prósent rétt fyrir sér og ber að fagna því ákaft. En sá sem segist hafa 100 prósent rétt fyrir sér er þorpari og illmenni og engin ástæða til að taka mark á slíkum fanti.

Vopnaburður varaforsetans

Þeir sem ráða í Bandaríkjunum standa fyrir illa undirbúnum innrásun í önnur lönd og handahófskenndum pyntingum á mönnum sem þeir telja nóg að saka um herfilegar fyrirætlanir. Nú vitum við hvað þessir ráðamenn gera sér til skemmtunar þegar þeir eiga fri.

Þeir fara í byssó. Erfitt er að ímynda sér átakanlegri útmálun á stefnu og framferði Bandaríkja- stjórnar en skothríð varaforseta Bandaríkjanna á vin sinn sem hann mun hafa ruglast á og akur- hænu í rökkrinu. Sú stefna ein- kennist öll af voðaskotum í myrkri – nema þar eru á ferðinni viljandi voðaskot. Það er sama hvar borið er niður í stefnumörkun þessarar ríkisstjórnar: það er bara skotið eitthvað út í lofti í fullkomnu trausti þess að geta ekki brugðist bogalístin, enda hafa þessir menn aldrei farið dult með að þeir telja sig starfa í sértöku umboði Drott- ins á jörðinni. Skothríð Dicks Cheney lýsir sem sé vissu hugar- fari sem gegnsýrir þessa ríkis- stjórn – fullkomnu sjálfstrausti hins fullkomlega vanhæfa manns sem hlustar ekki á neinn, horfir ekki í kringum sig, dregur engar ályktanir, en anar út í ófærurnar í blindri trú á mátt sinn og megin. Og vinirnir súpa seyðið: eða halda menn að Danir hefðu gengið í gegnum þær hremmingar sem hin frámunalegu mótmæli gegn skripamyndum af Múhameð hafa framkallað ef þeir hefðu ekki bundið trúss sitt við Bandaríkja- menn í feigðarflani þeirra í Mið- Austurlöndum? Farið með þeim í byssó.

Þessum byssudólgum vill ríkis- stjórn Íslands treysta fyrir vörn- um og öryggi landsins; þeim vill ríkisstjórn Íslands tengja ímynd Íslands í heiminum. Gengur meira að segja með grasið í skónum á eftir þeim til að fá þá nauðuga til starfrækja áfram herstöð hér,

Í DAG
Í BYSSÓ

GUÐMUNDUR
ANDRI THORSSON

Erfitt er að ímynda sér átak- anlegri útmálun á stefnu og framferði Bandaríkja- stjórnar en skothríð varaforseta Banda- ríkjanna á vin sinn sem hann mun hafa ruglast á og akur- hænu í rökkrinu.

sem þó mun víst eingöngu þjóna táknrænum tilgangi en ver engan fyrir neinum, enda vandfund- ið fólk sem vill ráðast á Ísland, nema ef væru menn í byssó við Bandaríkjamenn. Svo langt hefur ríkisstjórn Íslands meira að segja gengið í skýlausum hollustueiðum sínum við Bandaríkja- stjórn að forsætisráðherra landsins – sem samkvæmt nýjustu könnunum nýtur fylgis 7% landsmanna – dró íslensku þjóðina inn í ófrið Banda- ríkjamanna í Írak, án þess að það kæmi til kasta alþingis eða væri svo mikið sem rétt í þingflokki ráðherrans – og hvað þá að þjóðin væri spurð – og var þó um að ræða gjörtækustu grundvallarbreyt- ingu á íslenskri utanríkisstefnu frá því að Íslendingar fengu þau mál í sínar hendur. Uppáskrift Íslendinga í þessum hernaði var eins og við munum ýmist kennd við „staðfestu“ eða „viljugheit“ en alla tíð hefur verið óljóst hvað í þessu felst nákvæmlega og þess jafnan gætt að hylja aðild Íslands að hernaðinum í myrkum orða- vaðli, en þegar Geir Haarde tók við sem utanríkisráðherra virðist hann þó hafa haft vit á að uppræta

þann vísi að íslenskum her sem Halldór Ásgrímsson og Davíð Oddsson höfðu reynt að koma á fót og hafði að því er manni skild- ist það verkefni með höndum að koma á friði í Afganistan þar sem ófriður hefur ríkt frá því að Alex- ander mikli reyndi að brjóta undir sig landið um 329 fyrir Krist en varð frá að hverfa um síðir; eins og Halldór Ásgrímsson með sinn her.

Nú hafa meira að segja bresk yfirvöld jatað að fangaflutninga- vélar CIA hafi fengið að milli- lenda á enskum flugvöllum, en þegar málið kom til umræðu á alþingi í kjölfar sterkra vísben- dinga um að slíkar vélar hefðu notið fyrirgreiðslu íslenskra flugmála- yfirvalda svaraði Geir Haarde því einungis með vífilengjum og útúrsnúningi, taldi enga þörf á að kanna málið því engar „sannanir“ lægju fyrir – sem er ámóta gáfu- legt og að segja að maður ætli ekki að komast að einhverju því maður hafi ekki þegar komist að því.

Fangaflug Bandaríkjamanna snýst annars vegar um pyntingar í hálfloftunum og hins vegar um að flytja menn til Guantanamo í fangabúðir sem sérstök rannsókn- arnefnd á vegum Sameinuðu þjóð- anna hefur hvatt Bandaríkjamenn til að loka. Þeir menn sem sloppið hafa úr þessu víti segja hroða- legar sögur af vistinni þar, og upplýst hefur verið að menn hafa lent í þessum fangabúðum fyrir þær sakir meðal annars að rugl- ast hefur verið á nöfnum þeirra og nöfnum terrorista. Með þessu framferði er Bandaríkja- stjórn ekki bara að rústa líf einstaklinga sem enginn veit nákvæmlega um hvað eru sekir – en Bush segir vera „vonda menn“ – heldur er hún að kalla reiði og ógn yfir þjóð sína.–

Ög vini sína. Sérstaklega þá vini sem hún heldur að séu hænsni. ■

MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.

ÚTGÁFUÐLÆG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson STEFÁNSDÓTTIR RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaffahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBREIF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabörkum án endurgjalds.

FRÉTTABLAÐIÐ

ISSN 1670-3871

FASTEIGNASÖLUR	
Atlas	11
Árborgir	17
Ás	30-32
Bífröst	6
Draumahús	21-24
Eignastýring	18
Fasteignastofan	15
FMG	27
FMH	19
Foss	15
Hof	8
Húsalind	7
Húseign	16
Húsið	28-29
Höfði	9
Lundur	12
Lyngvík	14
Lögmenn Suðurlands	27
Neteign	25
Nýtt	35
Perla Investment	33
Valhöll	26
X-hús	34

GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn
20. febrúar, 51. dagur
ársins 2006.

Sólarupprás

Hádegis

Sólarlag

Reykjavík

9.06

13.41

18.18

Akureyri

8.58

13.26

17.56

Heimild: Almanak Háskólans

Smáauglýsingasími

550 5000

Auglýsingasími Allt

550 5880

Þú getur pantað
smáauglýsingar á visir.is



Sólvallagata 25.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mikið endurnýjað hús með sögu

Fasteignasalan Foss er með fallett einbýlishús við Sólvallagötu til sölu. Húsið er á þremur hæðum auk kjallara og var byggt árið 1916.

Húsið sem er bárujárnsklætt timburhús með steypum kjallara er 223,8 fermetrar. Á fyrstu hæð er parketlagt eldhús með snyrtilegri innréttingu og borðkrók, sjónvarpshol og hol í alrými, samliggjandi stofa og borðstofa með rennihurð á milli og útgengi út á stórar suðursvalir og í garð, panil- og flísalagt baðherbergi með upphengdu salerni og sturtuklefa og rúm gott þvottahús með góðu hillu- og skápláss. Á annarri hæð eru þrjú svefnherbergi með panil á veggjum og í lofti og stórt bjart baðherbergi með parketi á gólfi og

upphengdu salerni. Eitt svefnherbergjanna er í raun tvö herbergi og úr því er gengið út á svalir. Á þriðju hæð er mikið og bjart rými með ljósu parketti sem býður upp á ýmsa möguleika og geymsla. Í kjallara er vinnuaðstaða í góðu rými, herbergi og geymsla undir stiga en innangengt er úr forstofu í kjallara. Í kjallara er einnig íbúð með sérinnangi, eldhúsi, stofu rúmgóðu herbergi og snyrtingu með sturtu. Rafmagn og hiti í kjallaraíbúð eru á sér mælum.

Húsið hefur verið endurbyggt ofan kjallara, einangrað og lagnir endurnýjaðar auk þess sem skipt hefur verið um glugga í kjallara að hluta.

Garðurinn við húsið snýr móti suðri og er gróinn með stórum trjám, færanlegum geymsluskúr og hellulagðri stétt.

Tilboð óskast.



Verið er að fjölga herbergjum á efstu hæð Hótel Borgar.

Herbergjum fjölgað á Hótel Borg

BREYTINGAR OG ENÐURBÆTUR
STANDA YFIR Á HÓTEL
BORG.

Framkvæmdir eru í fullum gangi við Hótel Borg við Pósthússtræti. Verið er að fjölga herbergjum á efstu hæð og

einnig er unnið að endurnýjun gólfefna og húsgagna. Það eru JÁ verktakar ehf sem hafa verið með höndum og gengur það samkvæmt áætlun en fyrirhugað er að því verði lokið í apríl eða maí í vor.

Við hjálpum þér að eignast draumaheimilið


Fasteignalán

Kynntu þér kostina við fasteignalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Með faglegri ráðgjöf og fjölbreyttum fasteignalánum hjálpum við þér að eignast þitt draumaheimili. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is

Landsbankinn

Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is



SPARKY PROFESSIONAL
– fyrir iðnaðar-
manninn

MÚRBÚÐIN
Byggingavöruslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 • Sími: 544-5470 • www.murbudin.is

Stigahúsatæppi

Stigahúsatæppi
Sími 533 5800
www.slmnet.is/strond

Stigar, allar gerðir
Innihurðir
Franskir gluggar

Heildarlausnir
Hagstæð verð

Mex byggingavörur
Lynghóls 3
Árbæjarhverfi
Sími 567 1300 & 848 3215
www.imex.is

GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

STIGAR
Ryðfritt stál
Harðviður
Glerfittings.
Sérsmíði

Stigalagerinn
Dalbrekku 26 - Kópavogi
www.stigalagerinn.is s:5641890

Loksins á Íslandi !!!

Hús & Tæki ehf. auglýsir
Hin vönduðu og geysivinsælu Norsku Drammen hús.
Íbúðarhús - Heilsárshús. Margar gerðir. Gott verð!!!

www.hthus.is • S - 540 9600 / 896 1081 Hjörtur / 863 6062 Þorkell

GÍTARINN
HLJÓÐFÆRAVERSLUN

Góð Verð...
Gott Úrval...
Góð Þjónusta...

Gítarinn...
...Mögnuð verslun

Stórhófa 27 • Sími: 552-2125 • www.gitarinn.is • gitarinn@gitarinn.is



Hörður Ellert Ólafsson við vinina sína, Dýralæknastofu Dagfinns dýralæknis.

Vinin í eyðimörkinni

Hörður Ellert Ólafsson er arkitektúrljósmyndari og því vanur að líta á byggingar með gagnrýnum augum. Skólavörðustígur 35 er hans uppáhaldshús í Reykjavík.

Á Skólavörðustíg 35 er rekin dýralæknastofa og gæludýra- verslun sem ber það skemmtilega nafn Dagfinnur dýralæknir. Þar fást dýralæknar við að sinna dýrum, smáum sem stórum í miðjum ys borgarinnar. „Ég hef alltaf verið hrifinn af þessum nýja byggingastíl þar sem viður, gler og steypa spila saman og

mynda eina heild,“ segir Hörður. „Byggðin er mjög þétt á Skólavörðustíg og mér finnst Dagfinnur eins og vin í eyðimörk þar sem allt í einu opnast lítið svæði með litlu krúttulegu húsi sem er allt öðruvísi en nærliggjandi byggingar.“

Húsið er merkilegt fyrir margar sakir. Það er klætt íslenskum rekavið og á þaki þess vex villtur íslenskur gróður. Arkitekt hússins er Gunnlaugur Björn Jónsson en húsasmíðameistari Björgvin J. Jóhannsson.

Hörður hefur einnig veikan blett gagnvart Þjóðleikhúsinu. „Það er líka mjög falleg bygging. Byggingin er, að mér finnst,

virðuleg og stendur á sínum stað með stolti,“ segir Hörður. „Svo finnst mér loftið í sal stóra sviðsins alveg hrikalega fallegt.“

Hörður hefur reyndar lítinn tíma fyrir íbúðir og hús annarra þessa dagana þar sem hann er að flytja inn í nýja íbúð á Skarphéðingsgötu. „Ég og kærasta mín vorum að festa kaup á okkar fyrstu íbúð og núna erum við að koma henni í stand en það er heilmikil vinna,“ segir Hörður. „Við þurfum að mála allt, skipta um skápa og taka klósettið og eldhúsið gjörsamlega í gegn, enda vildi kærastan alls ekki halda mölétinu, djúpláu og eldrauðu eldhúsinnréttingunni.“

Hvar ... }

fást hústateikningar?

Allar aðalteikningar og verkfræðiteikningar eru geymdar hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar. Þar má fá grunnmyndir af íbúðum og húsum, lagnateikningar, yfirlit yfir burðarþol og afstöðumyndir. Þar er hins vegar ekki að finna raflagnateikningar af íbúðum í Reykjavík og á Kjalarnesi. Óski fólk eftir að nálgast teikningar er best að mæta á skrifstofu byggingarfulltrúa Reykjavíkur í Borgartúni 3 á annari hæð en þar er opið frá tíu til korter yfir fjögur alla virka daga. Ljósritin kosta 100 til 200 krónur. Raflagnateikningar má finna í Borgarskjalasafni að Tryggvagötu 15. Í flestum tilfellum eru ekki til teikningar af húsum sem byggð eru fyrir árið 1969 þar sem ekki var skyldt að skila inn raflagnateikningum fyrir þann tíma.



Grunnteikningar af baði - fyrir og eftir.



Það er mikilvægt að hugsa vel um málverkin sín svo þau verði ekki ónýtt.

Viðhald málverka

Gömul málverk þarf oft að láta ramma inn aftur þar sem eldri innrömmun getur hreinlega eyðilagt þau.

Það er mikilvægt að hugsa vel um gömul málverk svo þau skemmist ekki og oft er nauðsynlegt að láta ramma myndir inn aftur. „Myndir sem voru rammaðar inn fyrir 1990 geta orðið ónýtar því yfirleitt voru ekki notuð sýrufrí efni við innrömmun á þeim tíma,“ segir Tryggvi Friðriksson hjá Gallerí Fold. Hann segir að oftast hafi myndir verið málaðar á sýrufrían pappír en þegar þær hafi verið rammaðar inn hafi verið sett bak við pappírinn sem hafi yfirleitt ekki verið sýrufrítt. „Ef að bakið er ekki sýrufrítt þá étur það sig inn í myndina og eyðileggur hana.“

Tryggvi segir að oft hafi gler- ið líka verið látið liggja alveg við myndirnar sem skemmist þær ennþá frekar þar sem myndirnar geta farið að loða við glerið með tímanum. „Núna eru bara notuð sýrufrí efni við innrömmun og haft sýrufrítt karton á milli mynda og glers sem fer miklu betur með þær,“ segir Tryggvi.

Tryggvi mælir með því að fólk hugi að gömlum málverkum og láti ramma þau inn aftur ef þess er þörf. Hann segir að það sé líka mikilvægt að fylgjast með olíumálverkunum þó að þau séu ekki innrömmuð.

„Olíumálverk verða óhrein með tímanum þar sem ekki er gler yfir þeim og það er ágætt að láta hreinsa þau á svona fjórtíu ára fresti,“ segir hann.

AUGLÝSINGASÍMI
FRÉTTABLAÐIÐ
550 5000



Pórunn Maggý Mýrdal Guðmundsdóttir við eitt af myndverkum sínum á veitingastaðnum Galileo. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Beinskeytt málverk

Pórunn Maggý Mýrdal Guðmundsdóttir, setti nýlega upp sína fyrstu myndverkasýningu.

Maggý lauk námi við The Art Institute of Philadelphia fyrir nokkrum árum síðan. Hún segir að hún hafi í fyrstu ætlað sér að gerast grafískur hönnuður en hafi síðar endað með að útskrifast á myndlistarbraut. „Áhugi minnbeindist meira út í myndlistina eftir að ég byrjaði í grafískri hönnun. Ég byrjaði því að taka fleiri tíma í myndlist og öðru slíku.“ Síðan Maggý kom heim hefur hún að mestu séð um rekstur kaffihúss í miðborg Reykjavíkur. Hún

segir hins vegar að hún hafi verið að gera málverk allt frá barnsaldri og að lokum hafi hún ákveðið að halda sína fyrstu myndlistarsýningu. „Þetta er í raun mín fyrsta sýning. Áður fyrr hafði ég ekki þorað að sýna neitt.“ Maggý er hins vegar afar ánægð með viðbrögð gesta á sýningunni það sem af er. „Fólk segir að myndirnar tali til sín enda nota ég mikið af setningum og orðum. Myndirnar tala því á vissan hátt við mann og gefa fólki eitthvað til að hugsa um. Myndirnar segja sig reyndar að mestu sjálfar. Þær eru hráar og hefðbundnar en hafa samt sinn boðskap, það er minn stíll.“ Í framhaldi af jákvæðum við-

brögðum við sýningunni segist Maggý nú ætla að reyna að feta sig áfram á myndlistarsviðinu. „Ég hef verið svo feimin við að sýna verkin mín en ég ákvað að prófa. Í kjölfarið hef ég fengið svo góð viðbrögð að það hvetur mig til þess að halda áfram og vonandi getur þetta orðið að mínu aðalstarfi.“ Maggý sýnir í kjallara veitingastaðarins Galileo við Hafnarstræti. Maggý gerir ráð fyrir því að sýningin standi til páska. „Ég ætla síðan að reyna að komast að á öðrum stöðum. Vonandi get ég alltaf verið með eitthvað í gangi og ekkert að stoppa,“ segir hin jákvæða Maggý að lokum. steinthor@frettabladid.is

Nú á að panta málningu

Þó svo að það séu enn rúmlega tveir mánuðir í það að sól verði nógu hátt á lofti til þess að málameistarar fari að sletta málningu á vegg er ekki of snemmt að tryggja sér starfskrafta þeirra.

Margir brenna sig á því að panta ekki fagmenn tímanlega þegar mála á að vori. Málameistarar hefjast flestir handa í byrjun maí en þeir hafa þegar skipulagt sumarið í lok apríl. Ingimundur Einarsson málameistari segir að það gerist allt

of oft að fólk átti sig ekki á þessu. „Fólk þarf að panta tíma strax í byrjun mars ef það vill vera öruggt því líklegast verða allir málara komnir upp fyrir haus í vor,“ segir Ingimundur. Þrátt fyrir að veðurfar hafi batnað hefur málningartímabilið lítið breyst. „Til að mála þurfa bara ákveðin skilyrði að vera fyrir hendi svo hægt sé að gera vel. Það er hægt að gera ýmislegt annað eins og að laga steypuveggi langt fram í desember svo lengi sem það er frostlaust en það á ekki við um málninguna,“ segir Ingimundur.



Brautir - Glerveggir - Glerhurðir - Hert Gler

JARN OG GLER
Járn og gler ehf - Skútuvogur 1h
Barkarvogsmegin - S: 58 58 900
www.jarnogkler.is

NÚ er rétti tíminn fyrir

THE NeverTurn MATTRESS

Febrúartilboð á Spring Air heilsudýnum

Komdu í verslun okkar að Faxafeni 5 og við hjálpum þér að finna réttu dýnuna fyrir þig. **Ekki missa af þessu!**

Ný hönnun
SpringAir dýnan er gædd öllum eiginleikum sem tryggja góða hvíld. Yfirborð dýnunnar er gert úr gæðaeftum þannig að áralöng notkun skilur ekki eftir líkamsfar og það þarf aldrei að snúa henni. SpringAir er dýnan fyrir þig sem vilt þægindi og gott verð.

Þú þarft aldrei að snúa henni
Ólíkt venjulegu viðsnúanlegu dýnunum þá byggist ending SpringAir dýnunnar ekki á því að henni sé snúið við. Gæti ekki verið auðveldara.

Val um 100% náttúruleg gæðaeftirni

Laserskarin ConformFoam eða Latex heilsu og hægindalag

Steyptar hliðarstyrkingar tryggja stífan setkant og meira svefnsvæði

Tvíhert háþróað gormakerfi


Staðreyndir um SpringAir

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opíð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

SKIPULAG



Skápar á brautum
Hámarks nýting á plássi



Leitið tilboða




Skjalaskápar



200 cm


100 cm



Læstir fataskápar
fyrir vinnustaði og skóla
Margar stærðir og gerðir!
Gæði og gott verð!



Geymsluskápar



Ísöld ehf.

Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

www.isold.is • www.hillur.is



Ø50 mm
Glerpunktastestingar



Q-Railing – Fyrir fagmenn
engin rafsúða – einfalt og snyrtilegt!
Efnið úr AISI 304(V2A) og AISI 316 (V4A).



ATLANTSKAUP

Upplýsingar á www.atlantskaup.is

Atlantskaup ehf. Bæjarflöt 6,
112 Reykjavík S:533-3700.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Hér er viður úr gömlum kínverskum verksmiðjum endurnýttur í grófa skápa með járnflúri.

Flott útlit fyrir nútímaheimili

Nýja vor- og sumarlínan frá Broste-Copenhagen er innblásin af karíbasumrinu.

Broste-Copenhagen hefur sérhæft sig í hönnun innanhússmuna með fallegum nytjahlutum og nýja vor- og sumarlínan þaðan í ár minnir á litrík timburhús með heillandi

veröndum við strendur Flórída. Hönnuðirnir hafa fært andrúmsloft Karíbahafsins yfir í danskan bóhemstíl með viðeigandi mýkt í hönnun og blómamynstrum. Handunnir „terracotta“-pottar, körfur með stórum prentuðum blómum, keramikpottar og -skálar eru upplífandi viðbót inn á heimilið og hinir mjúku pastellitir aðlagast

auðveldlega hvaða umhverfi sem er eins og bráðinn rjómaís. Nýja vorlínan er komin upp hjá sérvöldum verslunum um land allt og þær veita félögum í Broste-Copenhagen klúbbnum afslátt af vörulínunni en í klúbbnum eru á annað þúsund Íslendinga og hann er sá eini sinnar tegundar í heiminum.



Stórir diskar fyrir ávexti, kökur og annað góðgæti.



Bróðeraðir púðar og heklaðar diskamottur mynda rómantíska stérningu í sumarbústaðnum.




Broste hvetur fólk til að vera óhrætt við að blanda saman gömlu og nýju.

flísar }

Lóðrétt og lárétt

FÓLK SKREYTIR EINFALDAR OG LÁTLAUSAR FLÍSAR MEÐ RÖND AF SKRAUT-FLÍSUM.

Þótt einfaldleikinn sé ráðandi í flísavali í dag eru raðir af skraut-flísum vinsælar. Þá er ekki mikið um að settar séu skrautlegar eða litríkar flísar á við og dreif heldur eru þær settar í rönd annað hvort lárétt eða lóðrétt. Oft ná þær lárétt allan hringinn á veggnum eða lóðrétt frá lofti niður í gólf. Með þessum flísum eru síðan hafðar ein-litar flísar og nokkuð hlutlausar. Hér eru dæmi um skrautflísar úr Flísabúðinni.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



20-60%
afsláttur



Ármúla 23 • S. 568 1888



Við hjálpum þér af stað...

byrjaðu að spara reglulega og SPK leggur þér lið við fyrstu innborgun

- Auka innborgun frá SPK við upphaf sparnaðar
- Fjölbreyttar sparnaðarleiðir
- Góð ávöxtun
- Sveigjanleiki, hægt að draga úr eða auka við sparnaðinn eftir hentugleika
- Góð yfirsýn í Heimabanka

eitt símtal... og þú byrjar að spara

515 1950





Sveinbjörg B. Sveinbjörnsdóttir,
löggitur fasteignasali og hdl.



Hraunbær - 3ja herbergja Nýtt



Einstaklega snyrtileg og björt 81,2 fm íbúð á fyrstu hæð, (annarri hæð frá bílastæði) í ný steinklæddu fjölbyli. Nýleg hvít/beiki eldhúsinnrétting með hvítum AEG-öfn, víftu og helluborði. Baðherbergi flíslagt í hólf og gólf. Merkt bílastæði fylgir eigninni. Snyrtileg sameign. **Verð 17,1 millj.**



Bókaðu skoðun

Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir,
sölustjóri s: 899 5949
husalind@husalind.is



Sólvallagata - Séreign



Séreign á þremur hæðum sem skiptist í fjórar íbúðir, samtals 174,6 fm á vinsælum stað í gamla vesturbænum. Íbúðin sem er í risinu er 54,2 fm og er hún öll nýuppgerð. Á miðhæðinni eru tvær stúdíó íbúðir, samtals 65,3 fm og í kjallaranum er 55,1 fm íbúð. Góðir leigutekjumöguleikar. **Verð 36 millj.**



Bókaðu skoðun

Rósa Pétursdóttir, viðskiptafr. og
sölumaður s: 698 7067
husalind@husalind.is



Frostafoð - 2ja herbergja



Björt og snyrtileg 70,7 fm íbúð á fyrstu hæð með góðu aðgengi fyrir fatlaða. Suðvestur svalir. Þvottahús inn af eldhúsi. Hvít eldhúsinnrétting, nýleg eldavel og vífta, rúmgóður borðkrókur. Húsið er í góðu ásigkomulagi þar sem framkvæmdir hafa verið gerðar jafnt og þétt á húsinu. Sérmerkt bílastæði. Húsvörður. **Verð 15,7 millj.**



Bókaðu skoðun

Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir,
sölustjóri s: 899 5949
husalind@husalind.is



Álfkonuhvarf - 4ra herbergja



Björt og rúmgóð 130,8 fm endaíbúð á jarðhæð ásamt stæði í bílageymslu í nýju lyftuhúsi. Skemmtilega hönnuð íbúð með JKE innréttingum. Sér innangangur. Sér garður í suður. Sér þvottahús. Afhendist án gólfema nema á baðherbergi, þvottahúsi og forstofu. Afhending í janúar. **Verð 30,5 millj.**



Bókaðu skoðun

Rósa Pétursdóttir, viðskiptafr. og
sölumaður s: 698 7067
husalind@husalind.is



Ljósavík - 3ja herbergja



Björt og opin 105 fm 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í litlu fjölbyli á eftirsóttum stað í Grafarvogi. Vandaðar innréttingar og gólfefni eru í íbúðinni. Í eldhúsi er innrétting frá Axis og tæki frá Rönning (Fagor). Sérinnangangur í íbúðina af svölum. Þvottahús innan íbúðar. Stutt í skóla og þjónustu. **Verð 24,9 millj.**



Bókaðu skoðun

Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir,
sölustjóri s: 899 5949
husalind@husalind.is



Kársnesbraut - útsýni



Falleg 3ja herbergja 73,9 fm íbúð á 2. hæð í litlu fjölbyli. Mjög björt og velmeðfarin íbúð. Yfirb.svalir með gólfhita. Þvottahús og geymsla inn af eldhúsi. Gólfefni parket og flísar. **Tilboð óskast í eignina.**



Bókaðu skoðun

Rósa Pétursdóttir, viðskiptafr. og
sölumaður s: 698 7067
husalind@husalind.is



Sumarhús - Borgarfjörður



Einstaklega vandaður nýr 58,1 fm sumarbústaður á fallegum stað í um 4 mínútna akstri frá Borgarnesi. Bústaðurinn skiptist í stofu, eldhús, tvö svefnherbergi, svefnloft og baðherbergi. Eldhús er með fallegri innréttingu, tækjum og innbyggðri uppþvottavél. Pallur í kringum bústaðinn, nuddpottur. **Allar nánari upplýsingar á Húsaland fasteignasölu.**



Bókaðu skoðun

Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir,
sölustjóri s: 899 5949
husalind@husalind.is



Reynihvammur - Einbýlishús



Vel staðsett og fallegt einbýli á 2 hæðum, aukaíbúð á neðri hæð ásamt tveimur bílskúrum, samt. 220 fm. Pallur og stórar suður svalir. Fallega ræktaður garður. Möguleiki á stækkun hússins yfir bílskúr. Íbúð á jarðhæð með sérinnangangi. **Ásett verð kr. 44,0 millj.**



Bókaðu skoðun

Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir,
sölustjóri s: 899 5949
husalind@husalind.is



Hjarðarhagi- 3ja herbergja



Falleg og björt 88,7 fm 3ja herb. lítið niðurgráfin kjallaraíbúð á góðum stað í vesturbænum. Tvö rúmgóð svefnherb. Baðherb. með glugga, stór sturta. Parket á gólfi í herb. Gluggar eru nýmálaðir, bæði að innan og utan. Garður í suðurátt. Stutt í alla þjónustu, verslanir og Háskóla Íslands. **Verð 20,6 millj.**



Bókaðu skoðun

Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir,
sölustjóri s: 899 5949
husalind@husalind.is



Ásholt - 2ja herbergja



Björt og hlýleg 57,4 fm íbúð á fyrstu hæð í lyftuhúsi með húsverði og góðu bílastæði í bílageymslu undir húsinu. Rúmgott hjónaherbergi með góðu skápa-plássi. Baðherbergi með baðkari og sturtuadöstöðu, tengi fyrir þvottavél. Útgenget er út í garð frá stofu. Garðurinn er lokaður fyrir umgang almennings. **Ásett verð 17,3 millj.**



Bókaðu skoðun

Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir,
sölustjóri s: 899 5949
husalind@husalind.is





Pálmi B. Almarsson
Löggiltur fasteignasali



Krókabyggð 270 Mos.



Mjög glæsilegt 230.fm einbýlishús á einni hæð með tvöföldum bílskúr og verðlauna garði. Húsið sem stendur á hornlóð er teiknað af Jóni Guðmundssyni og innanhús arkitekt er Finnur P. Fróðason. Allar innréttingar,skápar og hurðir eru sérsníðaðar úr lerkí, innfeld halogen lýsing er í öllu húsinu og sérstaklega góð lofthæð. Lagnakjallari er undir húsinu og geymsluloft. Gegnheilt parket úr hlyn og granitflisar eru á gólfum. Þetta er einstaklega fallegt og vel skipulagt hús þar sem engu hefur verið til sparað.



Bókaðu skoðun

Vegna mikilla anna og vaxtarverkja vantar okkur manneskju til þess að taka að sér eftirfarandi starf. Starfið er fjöl-þætt en felur í sér mikil mannleg sam-skípti. Þeir kostir sem við erum að leita eftir eru eftirfarandi. 1. styrkur í mann-legum samskiptum. 2. skipulagni. 3. kunna á helstu tölvu, e-mail og bókun-arforrit. 4. geta tekist á við krefjandi verkefni. 5. hafa viljann og áhuga til þess að selja. 6. Ekki væri verra ef við-komandi hefur lokið einhverjum áfanga í förðun þó er það ekki nauðsynlegt. 7. Vera sveigjanleg og skilningsrík. 8. Stundvís og hreinleg. 9. Vera glaðlynd og góð manneskja. 10. Umfram allt áhugasöm og heiðarleg. Uppl. í s. 561 8677 og info@didrix.is

Langar þig að vinna sjálf-stætt við hárgreiðslu?
Erum með góða aðstöðu til leigu fyrir duglega og áhugasama einstaklinga. Það er mikið að gera hjá okkur og góð-ur mórall. Uppl. í s. 561 8677.

Atvinna óskast
Rúmlega 40 ára kvk óskar eftir vinnu, er vön t.d. skrifstofu, eldhús, afgr. og fl. Gsm. 663 5440.
Tvítug stúlka óskar eftir vinnu fyrir part dags. Er í öldungadeild. Uppl. í 846 3063.

Viðskiptatækifæri

Ef þú villt skapa þér algjört fjárhagslegt frelsi skaltu skoða á www.sigradu.com.



Einkamál



Óskar eftir að ráða í eftirtalin störf:

1. Jarðvinnudeild

Menn með vinnuvélaréttindi og meirapróf.
Óskum eftir vönum jarðvinnumönnum. Vinnuvélapróf og meirapróf æskilegt. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar um störfin eru gefin í síma 595-1500



Öflugur byggingastjóri óskast

Byggingastjóri óskast til að stýra krefjandi byggingar-verkefnum á höfuðborgarsvæðinu.

Góð laun í boði hjá öflugu fyrirtæki með góðan starfsanda. Upplýsingar veitir **Einar í síma 897 0770**





MÝRARHÚSASKÓLI

Mýrarhúsaskóli er einn elsti grunn-skóli landsins. Hann var stofnaður árið 1875 og eru því 131 ár síðan fyrstu nemendurnir settust á skóla-bekk. Það var Ólafur Guðmundsson útvegsbóndi sem átti veg og vanda að stofnun skólans. Fyrstu sjö skóla-árin var kennt í litlu timburhúsi sem stóð í hlaði Mýrarhúsa. Skólinn flutti svo í betra húsnaði 1883 og aftur

1906. Í núverandi húsnaði fluttist starfsemin 1960 en síðan þá hefur verið byggt við skólann fjórum sinn-um. Mýrarhúsaskóli er annar tveggja skóla sem mynda Grunnskóla Sel-tjarnarness. Hinn er Valhúsaskóli en hann er gagnfræðaskóli en Mýrar-húsaskóli er barnaskóli. Skólastjóri Mýrarhúsaskóla er Sigfús Grétarsson.



DRAUMAHÚSIÐ MITT DAGUR B. EGGERTSSON BORGARFULLTRÚI

Gamalt hús svo það er alltaf eitthvað að gera

Það hefur verið nóg að gera hjá Degi B. Eggertssyni síðustu misseri. Kosningabarátt-an hefur átt hug hans allan þannig að svarið þarf ekki að koma á óvart þegar hann er inntur eftir síðustu framkvæmdinni sem fór fram heima fyrir.


„Við vorum að skila af okkur kosninga-skrifstofunni sem fór eiginlega þannig fram að allt dótið var sett í kassa og flutt heim til mín,“ segir Dagur og hlær. „Ég sit því heima fyrir og sortera bæklinga og skjöl og fyrir þá sem vilja eru enn eftir nokkrir stórglæsilegir kosningabólir.“

Dagur býr í fallegu húsi á Óðinsgötu í miðbæ Reykjavíkur. „Þessa stundina eru píparar að skipta um blöndunartæki. Þetta er gamalt hús svo það er alltaf eitthvað,“ segir Dagur að lokum..

Dagur B Eggertsson borgarfulltrúi



SELDAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU*



*þinglýstir kaupsamningar, heimild Fasteignamat ríkisins.



Allar horfur eru á að þessi börn fái nýja skólabyggingu á næstu árum.

FRETABLAÐID/GVA

Álftanesskóli á að stækka

Gert er ráð fyrir stækkun Álftanesskóla á næstu árum að undangenginni ítarlegri úttekt á húsnaðisþörfinni.

Á þriggja ára fjárhagsáætlun bæjarstjórnar Álftaness er gert ráð fyrir 275 milljónum króna í stækkun Álftanesskóla. Einnig á að verja 136 milljónum í stækkun á íþróttamiðstöð á nesinu, ásamt nýrri sundlaug. Þá er gert ráð fyrir að hefja framkvæmdir við uppbyggingu ráðhúss á þessu ári og er fyrirhugað að framkvæmd-um verði lokið 2007.

allt
tilboð

Alla föstudaga

Vildarþjónusta fyrirtækja



Vildarþjónusta fyrirtækja

- Þinn eigin fyrirtækjafulltrúi
- Greiðsluþjónusta – frí fyrsta árið
- Frítt greiðslukort fyrsta árið
- Sérstakur sparnaðarreikningur, þrepaskiptur, óbundinn með hærri innlánsvöxtum
- SPH innkaupakort þér að kostnaðarlausu
- Afsláttur á lántökugjaldi
- Sérstök bílalán á betri kjörum

Alltaf að vinna?

Í meira en 100 ár höfum við aðstoðað fyrirtæki við fjármálin. Við leggjum áherslu á langtímasamband og sérhæfðar lausnir sem taka mið af sérstökum aðstæðum og starfsumhverfi viðskiptavina okkar.

Leyfðu okkur að aðstoða þig og nýttu tímann í annað.

SPH – fyrir þig og fyrirtækið!



550 2000 | www.sph.is

Stórefla þarf verknám

UMRÆÐAN
RAGNHILDUR L. GUÐMUNDSDÓTTIR
SKRIFAR UM VERKNÁM.

Eru skólar strákavænir? Nei það tel ég ekki svo vera. Strákar þurfa oftar meira verknámsmiðað nám heldur en stelpur og því rekast margir þeirra illa innan grunnskólans eins og hann er byggður upp. Strákar (einnig stelpur, en færri) þurfa nám sem byggir á því að gera eða skapa, (e. learning by doing).

Drengir (oftast) sem rekast illa í skóla, hafa jafnvel verið greindir með ofvirkni með athyglisbresti eða aðrar greiningar s.s. með lestrarerfiðleika snemma á grunnskóla-aldri missa oft fótanna í náminu og

jafnhliða versnandi námsárangri fer hegðun þeirra oft einnig versnandi. Í ljósi reynslu minnar hef ég sérstaklega að skoðað þessi mál og komist að þeirri niðurstöðu að til þess að koma til móts við þennan hóp þyrfti að stórefla verklega kennslu í grunnskólanum. Helst hefði ég viljað sjá að grunnskól-anum væri skipt upp í bóknám og verknám þegar á unglingastigi 8. til 10. bekkur, en það myndi sjálf-sagt reynast of dýr biti fyrir sveitarfélögin að halda slíkri deild út fyrir fremur litla hópa.

Í grunnskólanum í Sandgerði varð úr að stofna lítinn verknáms-bekk þ.e. stefnt er að því að stórefla verklega kennslu fyrir þá nemend-ur sem koma í þann bekk og mikið

er lagt upp úr því að efla félags-færni nemenda og bæta líðan. Ef nemanda líður illa og finnur sig ekki í náminu þá er engin von til þess að námsárangur þeirra verði betri. En það er mjög dýrt að halda uppi verknámi og því hef ég verið að velta fyrir mér frekari kost-um. Eg legg til að sveitarfélögin Reykjanesbær, Sandgerði og Garð-ur og fleiri setji á fót sameiginleg-an verknámsskóla á grunnskóla-stigi. Þessi skóli væri þá rekinn sameiginlega aðrir mættu koma að kostun slíks skóla enda allra hagur að stórefla verkmenntun í landinu, einnig væri hugsanlegt að framhaldsskólinn tæki þátt í slíkri þróunarvinnu. Þessi skóli yrði að geta tekið á námsvanda nemenda

og vinna að því að öll hjálpargögn sem hægt er að nota í bóknámi s.s. hljóðsnældur með öllu námsefni og fjölbreyttar kennsluaðferðir notaðar s.s. munnleg próf. Fyr-irtæki sem tækju þátt gætu þá e.t.v. notið einhverrar ívilnunar frá hendi sveitarfélaganna sem gæti verið hvati fyrir þau að taka að sér einstaka þætti s.s. verklegt nám innan síns fyrirtækis þannig að nemendur fái bæði kennslu og þjálfun til verka.

Við búum við það að ungt fólk á svæðinu einkum drengir flosna upp úr framhaldsskóla af því að þeir hreinlega höndla ekki námið og þrátt fyrir að framhaldsskólinn bjóði upp á verknám þá fylgir öllu námi bóklegar greinar sem þessir

nemendur þurfa að ganga í gegn-um á sama hátt og aðrir nemendur þó svo að upp á námsgetu þeirra skortir t.d. varðandi lestrargetu. Þessi verknámsskóli gæti hugsan-lega einnig boðið upp á verknám fyrir 16 til 18 ára sem þeir gætu svo lokið í almennum framhalds-skóla og væru þá hugsanlega búnir með allar bóklegar greinar, þyrftu aðeins einhver misseri í verklegu og sveinspróf væri tekið í fram-haldsskólanum. Ég tel að Reykja-nesbær ætti að hafa forgöngu um slíkt samstarf þar sem miðstöð fræðslumála fyrir svæðið er hér í bænum.

Höfundur er félagsfræðingur og kennari,



Mjólk er góð

Það er meira en nóg af mjólk og mjólkur-afurðum framleitt í Evrópusambandinu og íslenski markaðurinn myndi ekki mjólka þann markað svo tekið yrði eftir. Ef við íslenskir neytendur eigum bara að fá það sama og Evrópubúar þá yrði ódýrara fyrir okkur að kaupa bara innfluttar mjólkuraf-urðir. Hvað er orðið íslenskt við mjólkina þegar hún kemur úr kúastofni sem ekki er lengur íslenskur? Þessir „business“-bændur sem ekki virðast skilja hvaða hráefni þeir hafa í höndunum eru ef til vill betur komn-ir við vinnu í álverum en búskap.

Valdimar Thor H. á murinn.is

Hlutlausir miðlar

Til að átta sig á meintu hlutleysi fjölmiðla er ágætt að skoða hvernig þeir fjalla um sjálfa sig og hagsmunum sína. Þetta birtist til að mynda í umfjöllun þeirra um nið-urstöður fjölmiðlakannana, en ein slík var birt í gær.

Fréttastofa NFS afgangið könnunina til að mynda með því að fjalla alls ekkert um hana í aðalfréttatíma sínum klukkan 18:30. Ætla má að umfjöllunin hefði orðið meiri en engin ef einhver af þáttum miðla 365 hefðu náð inn á lista yfir tíu vinsælustu þætt í sjónvarpi á könnunartímabilinu, eða ef fréttir NFS hefðu sótt í sig veðrið, en hvorugu var að heilsa.

Vejjóðviljinn á andriki.is

Átti boltinn að fara í mark?

Marsibil Sæmundardóttir, varaborgarfull-trúi, hljóp í skarðið fyrir mig í áskorenda-keppni í körfubolta og hitti auðvitað beint í mark.

Ég hafði tekið að mér fyrir nokkrum dögum að vera fulltrúi Framsóknarflokksins and-spænis hinum forystumönnum flokkanna. Verkefnið var að reyna að hitta beint ofa í körfuna frá miðju og var okkur gert að gefa upp hvaða góðgerðarsamtök við myndum vilja styrkja ef við myndum sigra. Ég gaf upp Neistann, samtök hjartveikra barna.

Björn Ingi Hrafnsson á bjorningi.is

Keramik fyrir alla

Dömu kvöld



Fimmtudag 23.feb. kl 20-23.

Opið hús með mat. Matur kr. 950 + keramik.

Keramik fyrir alla
sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



Ert þú með þitt svefn DNA á hreinu?

Nafn: Birgitta
Aldur: 33 ára


Svefn DNA: 



fullkomnasta svefnkerfið

1 Hátæknirúm

Besta svefnkerfið samkvæmt samanburðarrannsóknum. Svæðaskiptur stifleiki, fjaðureiningar með minni.



2 Þitt svefn DNA

Ert þú með þitt svefn DNA á hreinu? Allir hafa sitt sérstaka svefn DNA, engir tveir eru eins.



3 Fjaðrirnar

Fjaðrirnar eru stilltar eftir þínu svefn DNA.



4 Komdu til okkar

Komdu og við finnum þit svefn DNA.





Reykjavík: Möркиn 4, sími: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504 Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954

Opið virka daga: 10–18 & laug: 11–15

BÁRA SIGURJÓNSDÓTTIR
(1922) Á AFMÆLI Í DAG.

„Hæverska og góðir
mannasiðir fegra
hverja konu meira
en fötin sem hún
klæðist.“

Bára rak lengi fataverslunina
Hjá Báru á Hverfisgötu.



tímamót

timamot@frettabladid.is

AFMÆLI

Arnhildur Jónsdóttir leikkona er 75 ára.



Brynja Benedikts-
dóttir leikstjóri er 68 ára.



Ólöf Kolbrún Har-
dóttir óperusöng-
kona er 57 ára.




Karl Ágúst Guð-
mundsson tónlistar-
maður er 30 ára.

FÆDDUST PENNAN DAG



1808 Honore Daumi-
er listmálari.



1902 Ansel Adams
ljósmyndari.



1904 Aleksey Kosygin,
sovétrur leiðtogi.

ANDLÁT

Ásta Kristlaug Árnadóttir lést á
hjúkrunarheimilinu Skjólí laugardag-
inn 4. febrúar. Útför hefur farið fram
í kyrrþey.

Ástríður I. Sigurðardóttir lést á
hjúkrunarheimilinu Ljósheimum,
Selfossi, fimmtudaginn 16. febrúar.

Garðar Sigjónsson, Hrafnistu í
Hafnarfirði, áður til heimilis á Höfn
í Hornafirði, lést miðvikudaginn 15.
febrúar.

J. Guðrún Sveinsdóttir (Bína),
Réttarholtsvegi 87, Reykjavík, lést
á krabbameinsdeild Landspítalans
við Hringbraut, fimmtudaginn 16.
febrúar.

Rúnar Kristinn Jónsson, Dverga-
borgum 10, lést miðvikudaginn 15.
febrúar.

Sigríður Hauksdóttir, Tjaderstí-
gen 1, 560-13 Hok, Svíþjóð, lést
á háskólasjúkrahúsinu Ryhov í
Jönköping þriðjudaginn 14. febrúar.

Sigríður G. Johnson lést á hjúkrun-
arheimilinu Sóltúni fimmtudaginn
16. febrúar.

Þuríður María Þorvaldsdóttir
Nyhus lést í Vancouver í Kanada
sunnudaginn 29. janúar.

JARÐARFARIR

15.00 Steinunn Árnadóttir, áður
til heimilis á Miklubraut 62,
verður jarðsöngin frá Foss-
vogskapelli.

PETTA GERÐIST > 20. FEBRÚAR 1993

Barnungir morðingjar ákærðir

Á þessum degi árið 1993 voru
tveir tíu ára drengir ákærðir
fyrir að ræna og myrða hinn
tveggja ára gamla James Bulger
í Liverpool. Drengurinn hvarf úr
verslanamiðstöð 12. febrúar og
lík hans fannst tveimur dögum
síðar við lestarteina tæpum
fimm kílómetrum frá staðnum
þar sem síðast sást til hans.

Þann 18. febrúar voru tveir
drengir, Jon Venables og Robert
Thomson, handteknir. Þeir voru
síðar dæmdir fyrir mannrán
og morð í nóvember sama ár.
Báðir hlutu þeir átta ára dóm
sem síðar var hækkaður upp í
tíu ár. Árið 1999 fór málið fyrir



RÁNIÐ Á JAMES BULGER

mannréttindadómstólinn þar
sem lögreglingar drengjanna
töldu að ekki hefði átt að dæma

strákana sem fullorðna menn.

Árið 2001, þegar Thomson og
Venables höfðu setið í átta ár í
fangelsi, hlutu þeir reynslulausn
fyrir góða hegðun. Komst nefnd
sem fjallaði um mál þeirra að því
að almenningi stafaði ekki hættu
af þeim. Thomson og Venables,
sem nú eru rúmlega tvítugir
menn, fengu ný nöfn og heimili
og engar upplýsingar hafa verið
veittar um þá af hræðslu við
hefndaraðgerðir.

Móðir James Bulger hlaut
bætur upp á 7.500 pund frá
ríkinu. Morðið var mikið áfall fyrir
föður og móður drengsins sem
skildu í kjölfarið.

SIGRÚN RÍKHARÐSDÓTTIR: FORMAÐUR KNATTSPYRNUFÉLAGS ÍA FYRST KVENNA

Með hávaða á pöllunum

Þau tímamót urðu á Akranesi á dög-
unum að fyrsta konan var valin for-
maður knattspyrnufélags ÍA. Sú heit-
ir Sigrún Ríkhardsdóttir og segja má
að hún hafi fengið fótboltaáhugann
með móðurmjólkinni enda dóttir Rík-
hards Jónssonar, eins merkasta knatt-
spyrnukappa sem Akranes hefur
átt. Hann lék alls 33 landsleiki fyrir
Ísland, þar af 24 sinnum sem fyrirliði.
Árið 1951 tók hann við þjálfun ÍA og
kom þeim þar með á kortið en liðið
varð Íslandsmeistari sex sinnum á tíu
árum.

„Ég segist vera alin upp á vellin-
um,“ segir hinn nýbakaði formaður
sem sjálf hefur þó aldrei lagt stund
á fótbolta. „Mín leikni liggur í því að
vera með hávaða í pöllunum,“ segir
Sigrún glettin en hún hefur starfað
innan knattspyrnufélagsins í hátt
í tuttugu ár enda á hún þrjá stráka
sem allir hafa stundað boltann að ein-
hverju marki.

Sigrún játar því að allsérstakt sé að
kona sé formaður knattspyrnufélags
enda sé mikið karlavelði þar við lýði.
Hún telur víst að hún sé fyrsta konan
til að gegna embættinu hjá ÍA en hún
var þó ekki fullviss um hvernig málin
stæðu í öðrum félögum. „Mér finnst
þetta frábært og hlakka mikið til að
takast á við starfið og vera með strák-
unum,“ segir hún glettin og hefur
engar áhyggjur af því að vera eina
konan innan um alla karlanna enda
segist hún ákveðin að upplagi.

Sigrún segir næga vinnu framund-
an í félaginu. Fjárhagsstaðan er ekki
góð og tap var á síðasta ári sem þarf
að takast á við. Þá er meistaraflokk-
urinn að missa menn og skörð þeirra
þarf að fylla með einum eða öðrum
hætti. Sigrún hlakkar samt sem áður
til að takast á við þetta krefjandi
verkefni enda segist hún starfa með
öflugum hópi fólks.

Sigrún var bankastarfsmaður í
tuttugu ár en söðlaði alveg um fyrir
hálfu öðru ári síðan og leggur nú stund
á fjarnám í Tömstunda- og félags-
málafraeði í Kennaháskólanum auk
þess sem hún er á kafi í öðrum félags-
málum. Hún segir námið einstaklega



ALIN UPP VIÐ FÓTBOLTA Sigrún er dóttir knattspyrnukappans Ríkhards Jónssonar og fékk áhugann á
fótbolta með móðurmjólkinni. Hún hefur sjálf aldrei spilað fótbolta en hefur fylgt sonum sínum eftir í
þeirra iðkun.

FRÉTTABLAÐIÐ/...

áhugavert. „Ef maður hugsar til þess
að börn eyða stórum hluta af sínum
tíma í frístundir þá er alveg kominn

tími til að hafa fagfólk í þeim hluta
eins og öllu öðru sem snýr að börnun-
um okkar,“ segir Sigrún ákveðin.

Alheimssamtök Lýðheilsustöðva stofnuð

Stofnfundur Alheimssam-
taka opinberra lýðheilsu-
stöðva, International Ass-
ociation of National Public
Health Institutes, fór fram í
Río de Janeiro í Brasilíu dag-
ana 29. janúar til 1. febrúar.
Þar tóku forstjórar flestra
opinberra lýðheilsustöðva
í heiminum þátt, þeirra á
meðal Anna Elísabet Ólafs-
dóttir, forstjóri Lýðheilsu-
stöðvar Íslands.

Markmið hinna nýstofn-
uðu samtaka er að styrkja
starfsemi lýðheilsustöðva
í heiminum auk þess sem
stutt verður við stofnun
nýrra stöðva.

Á fundinum voru sam-
þykkt lög alheimssam-
takanna og kosið í stjórn



NÝ HEIMSSAMTÖK Forstjórar flestra lýðheilsustöðva í heiminum tóku þátt
á fundinum.

þeirra. Bandaríkjamað-
urinn Jeffrey Koplan er
formaður stjórnar en
varaformaður er Finninn
Pekka Puska. Ákveðið var
að aðalskrifstofur sam-
takanna yrðu í Finnlandi
og þeim verður stýrt af

aðalritaranum Pekka Jous-
ilahti. Þrjú mál voru efst á
baugi á fundinum. Það voru
yfirvofandi fuglaflensufar-
aldur, viðbúnaður vegna
náttúruhamfara og for-
varnir gegn langvinnum
sjúkdómum.

MERKISATBURÐIR

- 1882 Kaupfélag Þingeyinga, fyrsta
íslenska kaupfélagið, er
stofnað.
- 1911 Fiskifélag Íslands er stofnað.
- 1919 Habibullah Khan, leiðtogi
Afganistan, er skotinn til
bana.
- 1943 Skömmtnun hefst á bensíni
á Íslandi.
- 1962 Bandaríski geimfarinn John
Glenn verður fyrstur manna
til að fara umhverfis jörðina
á sporbaug, um borð í
geimskipinu Friendship
Seven.
- 1991 Þýrla Landhelgisgæslunnar
bjargar átta manna áhöfn
Steindórs sem strandar við
Kýsuvíkurborg.

Fróðleikur af gardur.is

Lögspekingur, ráðherra og fræðimaður:

Einar Arnórsson

Einar Arnórsson var fæddur á Minna-
Mosfelli í Grímsnesi 24. febr. 1880, sonur
Arnórs bónda Jónss. og k.h. Guðrúnar
Þorgilsd. Stúd. í Rvík 1901. Lögfr. frá
Hafnarhásk. 1906. Yfirréttarmflm. 1907.
Vann með Jóni Þork. að ritinu Ríkisréttindi
Íslands. Kenn. við Lagask. 1908–11, próf.
við lagad. Hí 1911–15 og 1917–32, rektor
1918–19 og 1929–30. Ráðherra Ísl.
1915–17, dóms- og menntamálaráðhr.
1942–44. Hæstar-dómari 11 ár. Alþm. Ám. 1914–19,
Rv. 1931–32. Sat í sambandslagan. 1918–34.
Skattstj. Rv. 1922–28. Vann að ranns. og afhendingu
skjala úr ríkisskjalasafni Dana. Bæjarfr. í Rv.
1930–32. Heiðursfél. Bók.m.fél. 1919. 45 ár í stjórn
Sögufél., forseti 1935–55, heiðursfél. 1917.
Heiðursdoktor við H.Í. 17. júní 1936. Afmælisrit
helgað honum kom út 1940. Ritstj. Fjallkonunnar
1907, Mbl. 1919, Skírnis 1930, Blöndu, Tímar. lögfr.
1951–53 m.m. Merkur fræðim. í lögfr., réttarfarssögu
og þjóðarétti; mikilvirkur í sagnfræði. Lézt 29. marz
1955. Reit sæg fræðigreina. Helztu rit: Ný lögfrl.
formálábók. Ísl. kirkjuréttur. Réttarstaða Íslands.
Ísl. þjóðfélagsfr. Þjóðréttarsamband Ísl. og Danm.
(og dönsk þýð.). Þjóðabandalagið. Réttarsaga Alp.
Ari fróði. Alp. og frelsisbaráttan 1845–74. Árnesþing
á landnáms- og söguöld. Játningarit Ísl. kirkjunnar.
— K.h. (1907): Sigríður Þorlákssd. kaupm. Johnson.
Áttu 5 dætur og einn son, Loga hæstaréttardómara.

Meira um hann á gardur.is

Einar hvílir í
leiði nr. 1 á
svæði G 7 í
Hólavallagarði,
sjá nánar á
www.gardur.is

Hægt er að setja inn auðveldig litrína Íslendinga
með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is

100% VAXTALAUS

ÞVOTTAVÉLA OG ÞURRKARA TILBOÐ

 **Indesit**

1200sn ÞVOTTAVÉL

XXL - TEKUR 7kg

Indesit WIXXL146
1400 snúninga og 7kg þvottavél með rafeinda-
stýrðum kerfisveljara, ullarvögg og handþvotti,
4 hraðakerfum og kerfi fyrir skó og íþróttafatnað.
Þvotthæfni A. Orkunýting A.

Time 4 you
HRADÞVOTTAKERFI



VAXTALAUST
TILBOÐ

4.995

Á MÁNUÐI Í 10 MÁNUÐI

TILBOÐ 49.995

Fullt verð kr. 69.995

1200sn ÞVOTTAVÉL



VAXTALAUST
TILBOÐ

3.995

Á MÁNUÐI Í 10 MÁNUÐI

TILBOÐ 39.995

Fullt verð kr. 49.995

Time 4 you
HRADÞVOTTAKERFI

Indesit WIL125
1200 snúninga og 5kg þvottavél með rafeinda/mekanískum kerfisveljara,
ullarvögg og handþvotti, 4 hraðakerfum og kerfi fyrir skó og íþróttafatnað.
Þvotthæfni A. Orkunýting A+.

1200sn ÞVOTTAVÉL



VAXTALAUST
TILBOÐ

4.495

Á MÁNUÐI Í 10 MÁNUÐI

TILBOÐ 44.995

Fullt verð kr. 59.995

Time 4 you
HRADÞVOTTAKERFI

Indesit WIE127
1200 snúninga og 5kg þvottavél með stafrænum Evolution upplýsingaskjá,
rafeindatýrðum kerfisveljara, ullarvögg og handþvotti, 4 hraðakerfum og
kerfi fyrir skó og íþróttafatnað. Þvotthæfni A. Orkunýting A+.

7 kg XXL ÞURRKARI



VAXTALAUST
TILBOÐ

4.995

Á MÁNUÐI Í 10 MÁNUÐI

TILBOÐ 49.995

Fullt verð kr. 54.995

Indesit ISL70C
Tíuáttu 7kg barkalaus ÞURRKARI með rakaskynjara, 2 hitastigum,
9 kerfum og þar af 6 með rakaskynjara, sér kerfi fyrir íþróttaskó
og íþróttaföt, tímarofa og krumpuvörn. Orkunýting C.

ÞVOTTAVÉL / ÞURRKARI



VAXTALAUST
TILBOÐ

5.995

Á MÁNUÐI Í 10 MÁNUÐI

TILBOÐ 59.995

Fullt verð kr. 79.995

Time 4 you
HRADÞVOTTAKERFI

Indesit WIDL146
Sambyggð 1400 snúninga, 5kg ÞVOTTAVÉL og 4kg ÞURRKARI með 1400 snúninga
hámarksvindu, innri og ytri belg úr ryðfríu stáli og ullarkerfi. Þvotthæfni A.
Vinduhæfni B. Orkunýting B.

 **Indesit**

VANDAÐAR ÍTALSKAR ÞVOTTAVÉLAR



Heimilistæki

www.ht.is

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
EYRARVEGI 21 SELFÖSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR

Tælenskar

matvörur í úrvali

Frábær verð



THAI
Heritage
TOM YUM PASTE

BANTHAI
Laugavegi 138

na na thai

Skeifan 4
S. 588 1818

Atvinnu tækifæri



Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir sveinum eða meisturum í heils- og hálf-dagsstörf á nýjum og líflegum vinnustað.

TEXTURE

hárstofa

www.texture.is • Sími 566 8500

Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Prautinn er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

6	9	1	8	3	7	5	4	2
3	5	8	4	2	6	1	7	9
7	4	2	5	9	1	6	3	8
8	3	4	9	6	2	7	1	5
1	6	7	3	8	5	9	2	4
9	2	5	1	7	4	3	8	6
4	8	6	7	1	9	2	5	3
5	1	9	2	4	3	8	6	7
2	7	3	6	5	8	4	9	1

				5	6		1	
9			8					
	4	3		2	1			
	3	1				7		
6				8				2
		7				5	3	
			1	9		6	8	
				2				9
	6		7	3				

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ



STUÐ MILLI STRÍÐA: Blekkingarleikur af bestu gerð

FREYR GÍGJA GUNNARSSON GERIR UPP VIÐ RETTUNA



Ég man vel eftir mínum fyrsta smók. Hann var undir svölum á fjölbýlishúsi í Hafnarfirði. Mér var sagt að kústin væri að segja „amen“ því þá færi reykurinn beint ofan í lungun og áhrifin yrðu sem mest.

Þetta lærði ég á nokkrum dögum, hóstaði smá enda lungun óvön jafn miklum gæðareyk. Fannst ég geðveikt töff. Svona eins og flottu leikararnir í bíómyndunum og aðalspurnar í rokkhljómsveitunum.

Árin liðu og mér fannst sem reyklingarnar settu mig á stall með fulloröna fólkinu. Með Marlboro Lights eða Camel Filters hafði ég sagt skilið við æskuna og tekið upp

venjur þeirra sem eldri voru. Þegar árin liðu fóru hinir „frægu tuttugu“ að stjórna mér og mér varð ljóst að reyklingar höfðu ekkert með þroska að gera. Þúsundkallarnir voru brenndir í bílförum og á þessum tíu árum sem rettan var besti vinur minn var tæpum tveimur milljónum hent á bálið. Þetta er dýr vinur í rekstri. Þegar ég loks hafði mánndóm í að hætta taldi ég öruggt að þessi gamla synd heyrði sögunni til en það var nú aldeilis ekki. Á miðvikudaginn heimsótti ég minn gamla og góða heimilislækni sem hlustaði mig. Öndunin var ekki eðlileg og eftir nokkrar prófanir kom úrskurðurinn í ljós. Bráðastmi sem líkast til er tilkominn vegna synda minna frá árunum með rettunni.

Nú geng ég um með tvo brúsa í vasanum á Northface-úlpunni minni. Annan má ég nota tvisvar til fjórum sinnum á dag þegar hóstinn verður sem mestur en hinn tvisvar á dag, kvölds og morgna. Rettan, sem eitt sinn var mjög glæsilegur félagi, hefur nú snúið baki við mér; lætur mig sitja eftir í súpunni tveimur milljónum fátækari. Það sem er eiginlega verst við þetta allt saman er þó ekki astminn heldur mín eigin heimska. Allt væri auðveldara ef hægt hefði verið að skella skuldinni á einhvern annan. Rettan stakk sér ekki upp í munninn á mér og kveikti í. Það var ekki hún sem teygði mig út í búð og lét mig eyða þessum peningum. Það var ég og minn eigin vanþroski. ■

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Overli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Pú og pa

Eftir SÖB



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



Leitar undir yfirborðinu

Á laugardaginn opnaði Arnór Bieltvedt málverka-sýningu í litlu galleríi neðst á Skólavörðustígnum, sem heldur úti öflugri vefsíðu og ætlar sér að verða einn besti vettvangur íslenskra myndlistar á Netinu.

„Allar þessar myndir byggjast á minningum mínum og reynslu af Íslandi og íslensku landslagi,“ segir Arnór, sem hefur búið í Bandaríkjunum í tvo áratugi en sýnir verk sín víða um heim. „Þetta eru frekar abstrakt myndir en einhvern veginn finnst mér að ég hafi náð að snerta einhverjar taugar landsins.“

Arnór segist í verkum sínum vera að leita að „lífi sem er á bak við hörundið“ og nefnir sýningu sína „Hjartsláttur lifandi náttúru – Nýrómantísk túlkun á íslensku landslagi“ og er óhræddur við að fara eigin leiðir í listinni.

Arnór sleit barnsskónum á Íslandi en fluttist snemma út til Þýskalands og síðan til Bandaríkjanna þar sem hann býr nú í Chicago. Hann er hámenntaður í hagfræði og félagsvísindum, markaðsfræði og stjórnum, en söðlaði um fyrir sautján árum og sneri sér þá að myndlistarnámi.

„Ég hafði alltaf haft mikinn áhuga á listum og tók svo sésinn," segir Arnór, sem nýtir sér reyndar sitt fyrra nám í starfi sínu sem yfirmaður myndlistardeilda í barna- og unglingaskóla í Chicago.

Hann segir fjarveruna frá Íslandi gera það að verkum að hann sér landslagið í senn með augum útlendingsins og með augum heimamannsins. Hann beitir einnig frekar óvenjulegri tækni, sem hann hefur smám saman tamið sér.

„Ég nota yfirleitt kol og túss og jafnvel litblýanta til að byrja með, teikna með því og vinn mig síðan yfir í akrýlliti. Stundum fer ég svo yfir í tússinn aftur en enda svo altalíf á olíunni. Mér finnst þetta henta mér vel, en ég hef aldrei séð neinn annan mála svona.“

Galleríið neðst á Skólavörðu-

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

17 18 19 **20** 21 22 23

Mánudagur

☐ **12.30 Kjartan Pierre Emilsson**
flytur fyrirlestur er hann nefnir „Eðli
taks og munsturs“ í Listaháskóla
Íslands, Laugarnesvegi 91, í stofu
024.

Upplýsingar um viðburði og sýningar
sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki
síðar en sólarhring fyrir birtingu.



ARNÓR BIELTVEDT Sýnir nýrómantíska túlkun sína á íslensku landslagi í galleríinu Art Iceland.com neðst á Skólavörðustígnum.

stígnum heitir Art Iceland.com og heldur úti samnefndu vefgalleríi, þar sem 22 listamenn sýna verk sín. Þær vefsíður fá á milli tvö og þrjú hundruð heimsóknir á hverjum einasta degi, sem verður að teljast þýsna góð aðsókn. Meirihluti allra þessara heimsókna er frá útlöndum.

„Ég tel mig vera ágætis land-
kyrningu,” segir Alfreður Ólaf-
sdóttir, sem hafði haldið vefnum
úti í um það bil tvö ár þegar hún
tók við rekstri gallerísins í sumar-
ásamt manni sínum, Þrándi Arn-
þórssyni. „Við byrjuðum með
þetta á menningarnótt en sýning
Arnórs er fyrsta einkasýning-
in hjá okkur,” segir Alfreður.
sem sjálf er myndlistarmaður.
Hún sýnir verk sín á vefnum Art
Iceland.com, en meðal annarra
myndlistarmanna sem sýna verk
sín þar má nefna Kjartan Guð-
jónsson, Sigurð Örlýgsson og
Jóhann G. Jóhannsson. Vefurinn

er í örur vexti og þau Álfheiður og Þrándur eru staðráðin í að gera hann að einum besta vettvangi íslenskrar myndlistar á Netinu.

Arnór hefur haldið sýningar víða um Bandaríkin og Evrópu undanfarinn áratug og verk eftir hann er að finna í eigu einkaaðila og opinberra aðila um víða veröld.

Þetta er þriðja sýning Arnórs á Íslandi. Fyrst hélt hann sýningu hér í Loftkastalanum fyrir átta árum, en síðasta sumar var hann með sýningu í sal Íslenskrar grafíkur í Hafnarhúsinu.

„Núna hef ég brennandi áhuga á því að fara inn á íslenska markaðinn, enda er ég íslenskur og þetta eru allt myndir tengdar íslenskri náttúru.“

Bessi sama sýning, Hjartsláttur lifandi náttúru, mun einnig verða sett upp í íslenska sendiráðinu í Kaupmannahöfn í lok mars. ■



ÖSKUBUSKA

ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI

5. sýn. fös. 24. feb. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS - 6. sýn. sun. 26. feb. kl. 20 - NOKKUR SÆTI LAUS
7. sýn. 3. fös. 3. mars kl 20 - 8. sýn. sun. 5. mars kl. 15 - KYNNING KL 14.15

KYNNING FYRIR SÝNINGU KL 19. 15 Í BOÐI VINAFÉLAGS ÍSLENSKU ÓPERUNNAR

KANSÓNUR ÚR SUÐRI OG NORÐRI

HÁDEGISTÓNLEIKAR ÞRIÐJUD. 28. FEB. KL. 12.15
Kolbeinn Lón Ketilsson, tónfr. og Kurt Kenecký, p.

mailto:info@arcs.org

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.

Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN



Suite Hotel Princesa Yaiza ✨ ✨ ✨ ✨ ✨ ✨

Verð frá: **61.900,-** 6. júní – 20. júní m.v. 2 fullorðna og 2 börn í 2 vikur.
89.800,- m.v. 2 fullorðna

Yaiza er heill heimur út af fyrir sig og eitt besta hótél sem við höfum séð. Frábær aðbúnaður og afburða þjónusta á faguðu strandhóteli þar sem öll herbergi eru svítur og allt er eins og það á að vera.

Princesa Yaiza – svítur

Gestamóttaka	24/7
Strönd	50 m
Aðstaða	
Bar	Já (inn og út)
Veitingastaður	Já (5)
Sundlaug / Garður	Já / Já
Barnalaug / Leiksvæði	Já / Já
Sólbekkir / Handklæði	Já / Já
Skemmtidagskrá / Fyrir börn	Já / Já
Heilsurækt	Já
Tennisvöllur	Já
Fundaraðstaða	Já
Aðstaða fyrir fatlaða	Já

LÚXUSSVÍTUR

Svítur og fjölskyldu-svítur með stórum evólum, ísskáp, loftkælingu, sjónvarpi, síma, öryggishólfi og vel búnum baðherbergjum. Þríf og þjónusta alla daga vikunnar.

Skoðaðu fleiri gistingmöguleika á Playa Blanca á sumarferdir.is



Líf og fjör á Lanzarote



Puerto del Carmen

Á lengstu strönd Lanzarote er líf og fjör allan sólarhringinn. Hér er að finna glæsilegar strendur og skemmtileg hótél, verslunarmiðstöð með öllum helstu merkjunum á fátíðlegu verði, óteljandi veitingastaði með mat frá öllum heimshornum og fyrir þá hressustu eru næturklúbbarnir opnir alltof lengi. Þetta er staður fyrir fólk sem vill skemmta sér í fríinu!



Gististaðir í Puerto del Carmen

Apartamentos Lanzaplaya ✨ ✨ ✨

46.900,-

6.-20. júní
m.v. 2 fullorðna og
2 börn í 2 vikur



Sérlega gott íbúðahótél á frábærum kjörum við hjarta verslunargötunnar og ströndina í Puerto del Carmen.

Apartamentos Playa Club ✨ ✨

44.275,-

6.-20. júní
m.v. 2 fullorðna og
2 börn í 2 vikur

Hentug gisting og frábær staðsetning.
Tveggja svefnherbergja íbúðir í boði!



El Dorado ✨ ✨ ✨

46.550,-

6.-20. júní
m.v. 2 fullorðna og
2 börn í 2 vikur

Tilvalið fjölskylduhótél með stórum sundlaugargarði.
Tveggja svefnherbergja íbúðir í boði!



Suite Hotel Princesa Yaiza, firmu stjörnu hótél eins og þau gerast best

LÚXUS
á lágu verði

Lanzarote!

Ævintýraeyjan Lanzarote er eins og lítið heitt Ísland við strendur Afríku. Loftslagið er frábært, sólin skín og hitastigið er alltaf stillt á mátulegt. Fólkið er vingjarnlegt og umhverfið til fyrirmyndar, allt frá snyrtilegum ströndum upp í náttúrurundur fjallanna. Eyjan er vinsæll ferðamannastaður allt árið en mannfjöldinn nær aldrei að skyggja á sérkenni þessarar dásamlegu eyju. Á Lanzarote bjóðum við stórkostleg lúxushótel sem slógu eftirminnilega í gegn í fyrra, ásamt vönduðum gæðahótelum og íbúðahótelum á verði sem enginn keppir við.

Bókaðu núna:
www.sumarferdir.is
Sími 575 1515

**SUMAR
FERÐIR**
— ERU BETRI EN AÐRAR!

Nýtt í bíó



**SEXÍ.
STÓRHÆTTULEG
OG ÓSTÖÐVANDI.**

FORBENT
Á TOFFINN
Í BANDALÖGNUM

BECKINNALE SCOTT SPIDERS
**UNDERWORLD
EVOLUTION**

X
9797



MARGVERÐLAUN OG MÖGUND MYND
MED FELICITY HUFFMAN UR DESPERATE HOUSEWIVES



ÆVINTÝRID ER RÉTT AD BYRJA!

★★★★
Zathura finasta fjölskylduskemmtun sem býður eldri áhorfendum upp á ógætta afþreyingu og þeim yngri upp á baklúna ævintýra- og spennunna.
- VJV Topp5.is

★★★★
Zathura er frábær fjölskylduskemmtun, skemmtig og ógætta fyrir börn og unglinga á aldur einnig fyrir foreldra.
- ÞÓU - kvikmyndir.com

FRÁBÆR SKEMMTUN FYRIR
ALLA FJÖLSKYLDUNA



MISSID EKKI AF PESSARI YNDISLEGU MYND

★★★★★
- L.I.B. Topp5.com
- L.I.B. Topp5.com
- S.K. DV
- S.V. MBL
- M.M.J. Kvikmyndir.com

GOLDEN GLOBE
BESTA LEIKKONA ÁRSINS


TRANSAMERICA



★★★★★
Enginn attli að láta Walk the Line framhjá sig fara þú myndin er hláðandi fyrir augun, þyrn og hjartað.
- VJV topp5.is

★★★★★
..... Walk the Line er eins og klettur, stein, ástátt og mannslífsdrama sem látur engan ásnortinn. - SV MBL

★★★★★
- MMJ Kvikmyndir.com



VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI
2 VIKUR Í RÖÐ

★★★★★
- L.I.B. Topp5.is
- S.V. MBL

2 Tilnefningar til Óskarsverðlauna

★★★★★
VELJID HÉR AD NEÐAN KVIKMYNDAHÖS OG SÝNINGARTÍMA SEM YKKUR HENTAR
★★★★★

SMÁRA BÍÓ	REGNBÖGINN	BIOGRAPH
UNDERWORLD kl. 5.45, 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA ZATHURA m/íslensku tali kl. 3.40 og 5.50 B.I. 10 ÁRA ZATHURA m/ensku tali kl. 5.45 og 8 B.I. 10 ÁRA WALK THE LINE kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA SÝND Í LÚXUS kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA FUN WITH DICK AND JANE kl. 3.40, 8 og 10.10 BROKEBACK MOUNTAIN kl. 10.15 B.I. 12 ÁRA CHEAPER BY TE DOZEN 2 kl. 3.45	TRANSAMERICA kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 14 ÁRA MRS. HENDERSON kl. 5.45, 8 og 10.15 WALK THE LINE kl. 6 og 9 B.I. 12 ÁRA BROKEBACK MOUNTAIN kl. 6 B.I. 12 ÁRA MEMOIRS OF GEISHA kl. 9	ZATHURA kl. 6 B.I. 12 ÁRA WALK THE LINE kl. 5.40 B.I. 12 ÁRA UNDERWORLD kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA FINAL DESTINATION kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA

400 kr. í bíó!
Gildir á allar sýningar í Regnboginn meðan með gildi

BÍÓ.S – allit á einum stað

Sími 553 2075



LAUGARÁS **BÍO**

· bara lúxus

SVAKALEGHI SPENNUTRYLLI



FINAL DESTINATION

ÞUÐAR RÖÐIN KEMUR AÐ ÞÉR
ÞÁ FLYÐU ENN! NÁÐANN!





Sýnd kl. 6, 8 og 10 **strenglega h. 16**

MEÐ MARI STANHOVLDA



6 ÓSKARS TILNEFNINGAR GOOD NIGHT, AND GOOD LUCK.

MARQUELINAUÐU GABAMÝNDIÐ EYM HÖL
REYUR EYNDUGA LÖF GABAMÝNDUGA

Sýnd kl. 6, 8 og 10

THE LAST THING HE SAID TO ME



Stímin

LEIÐIR FRAM Á VATTNA SÁNNIR
AFREYÐIÐ HÖNNUR HVA

ZATHURA

Sýnd kl. 6 **fal. tal**

Jim Carrey



Fun with Dick & Jane

Sýnd kl. 8



6 ÓSKARS TILNEFNINGAR MEMOIRS OF A GEISHA

Sýnd kl. 10

www.laugarasbio.is



HIN NÝGIFTU Lisa Marie Presley og Michael Lockwood eru orðin hjón. Þetta er í fjórða sinn sem ungfrú Presley gengur upp að altarinu.

Fjörgift Lisa Marie

Lisa Marie Presley, dóttir konungs
roksins, Elvis Presley, giftist gít-
arleikaranum og upptökustjór-
anum Michael Lockwood á dögnum.

Athöfnin var með japönsku yfirbragði í borginni Kyótó. Þetta er í fjórða sinn sem Presley gengur í hjónaband en hún er 38 ára gömul. Hún var áður gift leikaranum Nicolas Cage, popparanum Michael Jackson og Danny Keough. Með þeim síðastnefnda á hún son og dóttur. Var hann jafn-

framt svaramaður í brúðkaupinu.

Dóttir þeirra, Riley Keough, var brúðarmær og sonurinn, Benjamin Keough, brúðarsveinn. Priscilla Presley, móðir Lisu Marie, leiddi dóttur sína upp að altarinu.

Lockwood var upptökustjóri á plötu Lisu Mariu Presley, Now What, sem hún gaf út á síðasta ári. Lisa Marie býr um þessar mundir í Los Angeles og hafa þau hjónin ekki ákveðið hvar þau ætla að búa í framtíðinni. ■

Vill ekki enda eins og Dána prinsessa

Söngkonan Britney Spears óttast að eins gæti farið fyrir sér og Díönu prinsessu ef ljósmyndarar halda áfram að áreita hana.

„Díana prinsessa lést af völdum þessara manna. Þeir ganga einum of langt.“ sagði Britney.

Hún segist jafnframt mjög sjaldan þora að fara með Preston son sinn út úr húsi vegna „paparazzi“ ljósmyndaranna. „Ég fer eiginlega aldrei út með hann. Það er hálf sorglegt að ég get ekki einu sinni gengið um með hann í kerrunni sinni. Ég vil ekki að fólk vorkenni mér, ég er bara að segja sannleikann. Ég er ekki bitur og mér gengur vel í lífinu. Ég er mjög hamingjusöm.“ sagði hún.

Ekki er langt síðan ljósmyndarar tóku myndir af Britney undir stýri með Preston í fanginu. Kennði hún ljósmyndurunum um atvikið en viðurkenndi samt að hún hefði gert mistök. ■



BRITNEY SPEARS Poppprinsessan er orðin hundleið á „paparazzi“ ljósmyndurum.

Skrautlegt opnunaratriði

Vetrarhátíð í Reykjavík verður haldin í fimmta sinn dagana 23. til 26. febrúar. Á annað hundrað atburðir eru á dagskrá þessa fjóra daga og verður væntanlega mikið um dýrðir.

Eins og undanfarin ár hefst hátíðin á fimmtudagskvöldi og að þessu sinni verður hún sett kl. 20.00 á Austurvelli, sem síðan umbreytist í leiksvið þar sem tónlist, ljós, sigmenn, dansarar og sjálfur Vetur konungur ráða ríkjum.

Á föstudeginum verður safn-
anótt haldin í annað sinn og á
laugardag verða m.a. tónleikar í
Hallgrímskirkju þar sem Megas
flytur Passíusálma Hallgríms
Péturssonar ásamt Kammerkór
Biskupstungna og valinkunnur
tónlistarmönnum. Á sunnudegin-
um verður síðan ýmislegt að gerast
fyrir fjölskylduna í Laugardalnum.
Dagskránni þar lýkur með brennu í
Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.

„Síðasta hátíð var alveg rosa-
lega fín og hátíðin er að taka á
sig smátt og smátt ákveðna fasta
mynd,“ segir Sif Gunnarsdóttir,
verkefnisstjóri hátíðarinnar.

Sif segist ætla að fylgjast með sem flestum viðburðum á hátíðinni en nefnir þó þrjá sem hún



SIF GUNNARSDÓTTIR Verkefnisstjóri Vetrarhátíðar Reykjavíkur á von á fjölbreyttri og skemmtilegri hátíð í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ætlar ekki að missa af. „Ég held að opnunaratíðin á Austurvelli á fimmtudagskvöld verði sannarlega skrautlegt og síðan er ég rosalega spennit fyrir hrafna-nóttinni á föstudagskvöld. Hún var skemmtileg í fyrra og er enn metnaðarfullri og fjölbreyttari í ár.“ segir hún. Loks nefnir hún

samísku söngkonuna Marit Hætta sem verður með tónleika í Íslensku óperunni á laugardagskvöldinu. „Hún er æðisleg. Þetta er svo taktföst og heillandi tónlist og svaltíð sérkennileg líka. Þetta er ekki eitt-hvað sem maður rekst á á hverjum degi. Ég hlakka gríðarlega mikið til að sjá hana.“ ■

Klisjukokteill að hætti Hollywood

[KVIKMYNDIR]

UMFJÖLLUN

North Country fjallar um Josey Aimes, einstæða móður sem neyðist til þess að ráða sig í starf hjá námuþyrirtæki til þess að sjá fyrir börnum sínum. Í námunni verðaðu hún og samstarfskonur hennar fyrir bæði andlegu og líkamlegu kynferðislegu ofbeldi. Aimes sættir sig ekki við þetta og reynir að rísa gegn gerendum án þess að hinar konurnar styðji baráttu hennar.

Myndin er byggð á sannri sögu og sú saga er áttanleig og ætti að vera stórgóður efniviður í gæðalega kvikmynd. Því miður er þessi efniviður alls ekki nógu vel nýttur í þessari mynd. Leikararnir komast ágætlega frá sínu miðað við hversu léleg persónusköpunin er. Theron er reyndar hér í hlutverki sem hún hefur leikið allt of oft áður, með tárin í augnum alla myndina og aumingjalegan svip. Frances McDormand getur bætt hvaða mynd sem er en nýtur sín illa í seinni hlutanum þar sem persónusköpunin er slöpp og klisjukennd. Sissy Spacek er góð en í litlu hlutverki og Richard Jenkins er ágætur í hlutverki föðursins en persóna hans tekur

afar ótrúverðugum stakkaskiptum þegar líður á myndina. Karlrembarnar í námunni eru einnig frekar týpískar og kjánalegar og í stað þess að reyna að lýsa þeim andlegu þjáningum sem konurnar gengu í gegnum er reynt að fá samúð áhorfandans með subbullegu kroti karlanna, óskemmtilegu sauratriði og fleira ógæði.

Þegar allt kemur til alls er þetta ekkert nema frekar slöpp Hollywood-mynd, því miður. Hún er full af þeim klisjum sem ein-kenna allt of margar myndir frá Ameríku og sérstaklega þeim sem virðast vera hannaðar til að vinna eitt stykki óskar. Ótrúlegt en satt þá leyndist meira að segja eitt Hollywoodískt klappatriði í myndinni. Þá meina ég atriði þar sem einhver persónan gerir eitt-hvað stórkostlegt og viðstaddir byrja að klappa. Fyrst einn... svo allir hinir. Eiginlega veit ég ekki hvað ég á að segja gott um myndina. Jú, sagan er góð og fint að vekja athygli á þessu málefni en, ó, hvað ég vildi að það hefði verið betur gert. Lög Bobs Dylan passa vel inn í og Woody Harrelson með sitt yndislega flata nef bjargar miklu. Þá er það komið. Þúninga-hönnunin er frekar léleg og ég hugsa að ég muni fá martraðir um



NORTH COUNTRY

LEIKSTJÓRN: NIKI CARO

ADALHLUTVERK: CHARLIZE THERON,
FRANCES MCDORMAND, RICHARD JENK-
INS OG WOODY HARRELSON.

Niðurstæða: North Country byggir á sannri sögu en mistekst hrapallega að koma henni vel til skila. Myndin er full af klisjum í Hollywood-stíl sem skyggja á allt það góða.

ógeðslegu hárkolluna sem Theron var með alla myndina. Að lokum er endirinn sjálfur sá hörmulega-asti, kjánalegasti og enn og aftur klisjulegasti sem ég hef séð lengi og gjörsamlega eyðilagði allt það góða við þessa mynd. Í stuttu máli sagt: Ef ætlunin er að fara út í rannsóknarvinnu á klisjum í bíó- myndum frá Hollywood þá mæli ég eindregið með þessari mynd, annars bara ekki.

Borghildur Gunnarsdóttir

FRUMSYNING



CASANOVA

KL. 3:45-5:45-8-10:20

CASANOVA VIP

KL. 5:45-8-10:20

NORTH COUNTRY

KL. 5:15-8-10:40

BAMBI 2 *isl. tal*

KL. 4-6

DERAILED

KL. 10:20

MUNICH

KL. 9:15

PRIDE & PREJUDICE

KL. 8

OLIVER TWIST

KL. 4-6:30

CRONICLES OF NARNIA

KL. 5:30

KING KONG

KL. 8:15

LITLI KJÚLLINN *isl. tal*

KL. 3:45

ÁLFABAKKI S: 587-8900

LARA FLECKINSALE

SOPHIE SPEEDMAN



STÓRSTÓRLETTULEG OG ÓSTÓRLEGG

UNDERWORLD EVOLUTION

MUNICH

CHEAPER BY THE DOZEN 2

THE FOG

CASANOVA

KL. 8

BAMBI 2 *isl. tal*

KL. 6

DERAILED

KL. 8-10:10

MARCH OF THE PENGUINS

KL. 6

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

Benjamin Beckett

Justin Long

Michelle Monaghan

DERAILED

DERAILED

KL. 6-8:15-10:30

BAMBI 2

KL. 6

MUNICH

KL. 8:15

KRINGLAN S: 588-0800

LEONARDO DI CAPRIO

HELEN MIRREN

CASANOVA

HANN VANN HUG OG HJÓRTU KVENNA EN HUN STAÐ HJARTANU HANS.

NORTH COUNTRY

KL. 6-9

BAMBI 2 *isl. tal*

KL. 6

MUNICH

KL. 5:50-9

CACHÉ

KL. 9

PRIDE & PREJUD.

KL. 6-9

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919

FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonan Sophia Bush neitar sögusögnum um að hún og Jake Gyllenhaal séu par og einnig neitar hún sögusögnum um sig og Austin Nichols. Bush segist vera upp með sér að vera orðuð við þessa tvo. „Ef ég á að vera í sambandi með einhverjum þá er ég alveg sátt við þessa tvo.“

Breski leikarinn Colin Firth ætlar sér ekki að leika í fleirum Bridget Jones myndum. „Ég sé ekki neitt sem mælir gegn því að önnur Bridget Jones mynd verði gerð, eða þrettán ef svo ber undir. En ég held að það sé kominn tími á nýjan Darcy. Ég er orðinn þreyttur á honum,“ sagði Firth.

Leikkonan Keira Knightley hefur neit- að orðrómi um að hún hyggtist flytja til Los Angeles og segir sér líða of vel í London. „Ég ætla mér ekki að flytja til Ameríku, ég er Lundúna- stelpa. Ég myndi aldrei fara. Ég er tuttugu ára og fjölskylda mín og vinir eru hérna. Auk þess fæ ég mikla vinnu hér,“ sagði hún.

Leikarinn George Clooney vill ekki að hótél og spilavítið sem hann keypti nýlega verði eingöngu peningamaskína og hyggtist því gefa hluta af gróðanum til fátækra í Afríku. „Ég ætla að taka 25 prósent frá og gefa til Afríku,“ segir Clooney en spilavítið verður klassastaður þar sem enginn kemst inn nema spariklaedd- ur.

Leikarinn Daniel Craig varð fyrir því óhappi að brjóta tvær framtennur í fyrstu bardagasenuinni í næstu Bond mynd og þykir það alls ekki nógu hörku- tólslegt af sér. Craig var staddur við tökur á senunni í Prag þegar áhættuat- riðið fór úrskeiðis. Leikarinn hrökklaðist aftur á bak í atriðinu og hélt höndinni fyrir blóðugum muninum og kvikmyndatökumennirnir áttuðu sig fljótlega á því að Craig var ekki að leika. Hann var svo illa meiddur að það þurfti að senda eftir hans eigin tannlækni til að bjarga málun- um.

HYUNDAI

SANTAFE

HM 2006





Official Partner



Leður á gírhnúð



Vindskeið



Samlitur



16 tommu álfelgur og heilsársdekk



Leðurstýri og skriðstillir





Með bílinn handa þér

 **HYUNDAI**

hefur gæðin

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is



Kolbeinn til HK

Framherjinn Kolbeinn Sigþórsson, einn allra efnilegasti knattspyrnumaður landsins, hefur ákveðið að söðla um og ganga í raðir HK í Kópavogi. Kolbeinn hefur leikið með Víkingi alla sína tíð en mun nú njóta handleiðslu hins færa yngri flokka þjálfara Zeljko Sankovic.

sport

sport@frettabladid.is

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

DHL-deild kvenna:

HAUKAR-FRAM 31-30

STABA EFSTU LIDA

VALUR	13	11	0	2	358-298	22
HAUKAR	13	11	0	2	405-343	22
ÍBV	13	10	1	2	343-290	21
STJARNAN	13	9	1	3	342-293	19

Enska bikarkeppnin:

PRESTON-MIDDLESBROUGH	0-2
0-1 Yakubu Aiyegbeni (52.), 0-2 Yakubu Aiyegbeni (77.)	
STOKE-BRIMINGHAM	0-1
0-1 Mikael Forsell (47.).	
CHELSEA-COLCHESTER	3-1
0-1 Richardo Carvalho, sjálfsm. (28.), 1-1 Paulo Ferreira (37.), 2-1 Joe Cole (79.), 3-1 Joe Cole (91.).	
ASTON VILLA-MAN. CITY	1-1
1-0 Milan Baros (72.), 1-1 Michael Richards (94.).	

Enska úrvalsdeildin:

TOTTENHAM-WIGAN	2-2
0-1 Andreas Johansson (10.), 1-1 Hossam Mido (23.), 1-2 Andreas Johansson (67.), 2-2 Jermain Defoe (68.).	

ÚR SPORTINU

Tyrggvi Guðmundsson skoraði þrennu og Sigurvin Ólafsson setti tvö þegar FH burstaði Þrótt, 6-0, í deildabikarnum í gærkvöldi.

Hvorki Logi Geirsson né Ásgeir Örn Hallgrímsson komust á blað hjá Lemgo þegar liðið bar sigurorð af Nordhorn í þýsku úrvalsdeildinni í gær. Magdeburg burstaði Dusseldorf 36-20 þar sem Arnór Atlason skoraði eitt mark en Sigfús Sigurðsson skoraði ekki fyrir Magdeburg. Þá skoraði Snorri Steinn Guðjónsson sex mörk fyrir Minden sem náði óvænt jafntefli gegn Flensburg, 27-27. Fjögur marka Snorra komu úr vítum.

Samuel Eto'o, sóknarmaður Barcelona, segir ekkert hæft í þeim orðrómi sem segir hann á leið til Chelsea eftir leiktíðina fyrir fimm milljarða króna.

AIan Smith hjá Man. Utd hefur þakkað leikmönnum, sjúkrapjálfurum og stuðningsmönnum Liverpool fyrir hlýleg viðbrögð í kjölfar fótbrotsins sem hann varð fyrir í leik liðanna á laugardag. Að sögn umboðsmanns Smiths ber hann sig nokkuð vel miðað við aðstæður en hann fór í aðgerð í gær og er búist við því að hann verði frá keppni í níu mánuði.

16-liða úrslit ensku bikarkeppninnar í gær:

Chelsea marði Colchester

FÓTBOLTI Meistaralið Chelsea slapp með skrekkinn gegn 2. deildar-liði Colchester í 16-liða úrslitum ensku bikarkeppninnar í gær. Chelsea sigraði 3-1 eftir að hafa lent undir í upphafi leiks og átt á brattann að sækja framan af.

Í síðari hálfleik tóku meistararnir hins vegar öll völd og skoraði Joe Cole tvö góð mörk. „Við vorum í draumaheimi þegar við komumst yfir en þeir voru aðeins of góðir í síðari hálfleik,“ sagði Wayne Brown, varnarmaður Colchester og brosti í leikslok en leikmenn Colchester uppskáru dynjandi lófaklapp frá stuðnings-

mönnum Chelsea í leikslok fyrir hetjulega frammistöðu. Eiður Smári Guðjohnsen var ekki í hópnum hjá Chelsea.

Íslendingaliðið Stoke féll úr leik með 1-0 tapi á heimavelli gegn Birmingham og þá vann Middlesbrough öruggan sigur á Preston, 2-0, þar sem Yakubu Aiyegbeni skoraði bæði mörkin. Þá skildu Aston Villa og Man. City jöfn 1-1 í leik þar sem Michael Richards skoraði fyrir Man. City á 94. mínútu og tryggði liðinu annan leik.

Í ensku úrvalsdeildinni fór fram einn leikur í gær þar sem Tottenham og Wigan skildu jöfn, 2-2, í fjörugum leik. - vig

DAGUR SIGURÐSSON HJÁ BREGENZ: VARÐ BIKARMEISTARI MEÐ LÍÐI SÍNU Í GÆR

Hristi af sér flensuna og vann bikarinn

Dagur Sigurðsson, spílandi þjálfari hjá Bregenz í Austurríki, varð í gær bikarmeistari með liði sínu. Bregenz sigraði AON Fivers í úrslitaleiknum í gær, 33-27, eftir mikla törn um helgina en bikarfyrikomulagið í Austurríki er á þann veg að 8-liða úrslit eru spiluð á föstudegi, undanúrslit á laugardegi og úrslit á sunnudegi. „Þetta var mjög sætt,“ sagði Dagur skömmu eftir leik, í skjónum með að hafa unnið sinn fyrsta bikarkeisarátitil í Austurríki.

Röddin í Degi var ekki með besta móti þegar Fréttablaðið ræddi við Dag í gær og sagði hann aðspurður að fagnaðarlætin ættu þar vissulega einhvern hlut að máli. „En svo er ég líka búinn að vera veikur í næstum tvær vikur og er ekki enn búinn að jafna mig fullkomn-

lega eftir það. Ég virðist hafa fengið þessa heiftarlegu flensu en það var gott að vera búinn að ná sér fyrir helgina og eiga möguleika á að taka þátt í þessum leikjum um helgina,“ sagði Dagur, sem skoraði fimm mörk í leiknum. „Mér gekk mjög vel í leiknum,“ sagði hann.

Dagur hefur orðið austurískur meistari með Bregenz síðustu tvö ár en aldrei unnið bikarkeppnina eins og áður segir. „Við vorum mjög óheppnir með drátt í þessari keppni í fyrra, fengum erfiða leiki alla dagana og svo fór að leikmenn voru of þreyttir í úrslit-

unum. Nú fengum við auðveldan leik á föstudaginn og laugardag og gátum fyrir vikið leyft liðinu að rulla nokkuð jafnt. Annars er þetta svona í það mesta - að spila þrjá leiki á þremur dögum,“ sagði Dagur.

Úrslitakeppnin er við það að hefast í Austurríki og segur Dagur að stefnan sé að sjálfsögðu sett á titilinn. „Við erum meistarar og nú orðnir bikarmeistarar svo að við getum ekkert falið okkur á bakvið einhverjar afsakanir. Við ætlum okkur að vinna deildina líka.“



Í GÓÐU FORMI Mark Arnars gegn Þór á laugardaginn var einkar glæsilegt. Þá barst boltinn til hans fyrir utan teig og hann hamraði boltanum í markvinkilinn. Hér sést Arnar vera við það að skora markið og Þórður er ekki langt undan.

FRÉTTABLAÐIÐ/PETROMYNDIR

Gömlu félagarnir ná vel saman í fremstu víglínu

Fyrir um 15 árum mynduðu Arnar Gunnlaugsson og Þórður Guðjónsson eitt hættulegasta framherjarpar sem sést hefur í yngri flokkunum á Íslandi. Fljótlega skildu leiðir en nú eru þeir sameinaðir á ný og hafa engu gleymt.

FÓTBOLTI Framherjinn Arnar Gunnlaugsson fór á kostum í tveimur leikjum ÍA á Akureyri um helgina en þá mætti liðið KA og Þór í deildarbikarnum. Arnar skoraði þrennu í fyrri hálfleik gegn KA á föstudag þegar ÍA sigraði 4-0 og eitt mark í 3-3 jafntefli gegn Þór á laugardaginn og er augljóslega að ná vel saman við Þórð í fremstu víglínu Skagaliðsins.

„Það er æðislegt að hafa leikmann eins og Þórð fyrir aftan sig. Hann er ennþá toppleikmaður,“ sagði Arnar við Fréttablaðið í gær og gerði lítið úr eigin frammistöðu. „Ég finn mig ágætlega en enn er bara febrúar og það má ekki tapa sér.“

Arnar og Þórður léku síðast saman með félagsliði á Íslandi árið 1992 þegar Skagaliðið varð Íslandsmeistari. Þá voru þeir einnig samherjar í einhverjum sterkasta yngri flokki sem um

getur á Íslandi og skoruðu þeir ófá mörkin. En eftir að hafa farið ungir í atvinnumennskuna eru þeir báðir komnir á heimaslóðir á ný og virðist samvinna þeirra í framlínunni ekki hafa beðið neinn hnekkj þótt langt sé um liðið.

„Þetta er á byrjendastigi hjá okkur en ég er bjartsýnn á framhaldið,“ segir Þórður, sem hefur spilað rétt aftan við Arnar í fremstu víglínu. „Það er frábært að spila með honum og ég held að hann eigi eftir að njóta sín vel hjá okkur. Honum líður vel og þegar svo er skorar hann alltaf mörk. Hann er í hörkuformi og ef fram heldur sem horfir á hann eftir að skora mörg mörk í sumar,“ segir Þórður.

Arnar sneri aftur til ÍA í haust eftir að hafa spilað með KR undanfarin ár og viðurkennir að gula treyjan muni ávallt skipa sérstakan sess hjá sér. „Ég ber auðvitað miklar taugar til Skagans en ég

held að það muni mestu um að einbeitingin er meiri en áður og skrokkurinn er í fínu standi,“ segir Arnar, sem spilað hefur fjóra leiki með ÍA á undirbúnings-tímabilinu og var leikurinn gegn Þór sá fyrsti sem hann tekur þátt í fram yfir fyrri hálfleik. „Ég spilaði í 65 mínútur gegn Þór svo að þetta er allt í áttina,“ segir Arnar sem er að sjálfsögðu ánægður með að hafa Þórð til að mata sig á góðum sendingum.

„Hann á eftir að setja sitt mark á sumarið. Það er áberandi hversu mikið hungur er í honum eftir að hafa verið úti í kuldunum hjá sínum liðum síðustu ár og ég hef mikla trú á honum. Hann á ekki eftir að bregðast neinum. Annars er ég er orðinn rosalega spenntur fyrir sumrinu. Þetta er mjög skemmtilegur hópur, góð blanda yngri og eldri og ég hef góða tilfinningu fyrir framhaldinu. Ég viðurkenni það alveg. vig

> Bradford mætti á klakann

Margir körfuboltaáhugamenn ráku upp stór augu á laugardaginn þegar þeir sáu bandaríska leikmanninn Nick Bradford á áhorfendapöllum í bikarúrslitaleik Grindavíkur og Keflavíkur á laugardaginn. Bradford mætti til landsins gagnert til að styðja við bakið á sínum gömlu félögum en hann lék með Keflavík síðustu tvö ár áður en hann gekk til liðs við lið Reims í frönsku úrvalsdeildinni yfir núverandi tímabil. Bradford fer af landi brott í dag en að sögn kunnugra skemmti hann sér konunglega í Bítlaðum yfir helgina, þrátt fyrir tap Keflavíkur í úrslitaleiknum.



ÚR SPORTINU

Sænska úrvalsdeildarliðið Halmstad hefur keypt Magnus Arvidsson, sænskan framherja sem leikið hefur með Hansa Rostock undanfarin ár. Arvidsson þessi er mikill markaskorari og hafa sænskir fjölmiðlar verið að gera sér mat úr því að með kaupnum séu forráðamenn Halmstad að tryggja sér verðugan arftaka Gunnar Heiðars Þorvaldssonar, sem verður að öllum líkindum seldur frá félaginu í sumar.

Ítalska lögreglan ruddist inn á híbýli austurrískra skíðagöngumanna á laugardag og gerði leit að ólöglegum lyfjum. Það var alþjóðlega ólympiunefndin sem stóð fyrir húsleitinni vegna gruns um að Walter Mayer, sem úrskurðaður var í ævilangt bann vegna lyfjaskandals á síðustu vetrarólympíuleikum, hefði aðstoðað austurríska liðið fyrir ÓL í Tórinó. Engin lyf eru talin hafa fundist og eru forsvarsmenn austurríska liðsins æfir vegna uppkomunnar.

Argentínska knattspyrnuþóti Diego Maradona skoraði tvö mörk fyrir Argentínu í sýningar- og góðgerðarleik gegn Brasilíu á laugardag. Leikurinn var á milli gamalla landsliðsmanna þjóðanna og í leiknum mátti sjá leikmenn eins og Dunga, Bebeto, Careca og Aldair hjá Brasilíu og Jose Basualdo, Sergio Goycochea og Jorge Burruchaga hjá Argentínu. Leikurinn endaði 8-4 fyrir Argentínu en um tíu þúsund manns mættu á völinn til að berja gömlu hetjumar augum.



Vignir Svavarsson skoraði þrjú mörk og Vilhjálmur Halldórsson eitt þegar lið þeirra Skjarn sigraði Ringsted í dönsku úrvalsdeildinni í handbolta í gær. Daniel Ragnarsson skoraði tvö mörk fyrir Helsinge sem tapaði fyrir Álaborg. Sturla Ásgeirsson skoraði tvö mörk fyrir Árósa í jafntefli gegn Silkeborg og það gerði Gisli Kristjánsson einnig í tapleik Ajax gegn Viborg.

Guðmundur E. Stephensen hafði betur gegn bróður sínum, Matthías Stephensen, í úrslitum Grand-Prix móts Rakkups sem fram fór um helgina. Guðmundur sigraði örugglega, 4-0. Guðrún Björnsdóttir bar sigur úr bítum í kvennaflokki.

Meistaramót Íslands í frjálsu fór fram í Laugardal um helgina:

Silja sigraði í þremur greinum fárveik

FRJÁLSAR Engin íslandsmet féllu á Meistaramóti Íslands í frjálsu um íþróttum sem fram fór í nýju frjálsíþróttahöllinni í Laugardal um helgina en þó náðist ágætis árangur í mörgum greinum og fjölmörg aldursflokkamet voru slegin. Maður mótsins að öðrum ólöstuðum var hinn 16 ára gamli spretthlaupari Sveinn Elías Halldórsson, sem bætti drengjameitið í 400 metra hlaupi og setti einnig met í 60 metra hlaupi í flokki 16-17 ára og 18-19 ára þegar hann hljóp á 6,97 sekúndum.

Ásdís Hjálmsdóttir setti met í flokki 21-22 ára þegar hún kastaði kúlu 13,70 metra og þá bætti Þorsteinn Ingvarsson met í þremur



SILJA ÚLFARSDÓTTIR Hljóp fárveik í tveimur keppnisgreinum í gær en sigraði þrátt fyrir það nokkuð örugglega. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

aldursflokkum en hann stök 14,66 metra í þristökki.

Silja Úlfarsdóttir var sigursæl á mótinu en hún kom gagnert til landsins frá Bandaríkjunum til að taka þátt í meistaramótinu. Silja tók þátt í 60 metra hlaupi, 60 metra grindahlaupi og 400 metra hlaupi og sigraði nokkuð örugglega í öllum greinum þrátt fyrir að hafa verið eðlilega nokkuð frá sínu besta vegna veikinda. „Ég er ekki búin að halda neinum mat niðri síðan á föstudag og síðan vaknaði ég fárveik í morgun [í gær]. Ég var nálægt því að hætta keppni en mig langaði bara svo mikið að vinna þessi hlaup í nýju höllinni að ég lét mig hafa það,“ sagði Silja.



NÝTT TÖLUBLAÐ KOMIÐ ÚT

PERSÓNULEG UMGJÖRÐ
HULDA INGIBJÖRG OG JÓN ARNAR

RÓMANTÍK MEÐ NÚTÍMATÆKNI

HVER SKAPAR MYNSTRIN?

ÖÐRUVÍSI PARKET

MEIRA LAGT Í HVERSDAGSMATINN



TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ Í
ÁSKRIFT MEÐ **30% AFSLÆTTI**
Á AÐEINS **489 KR.**
EINTAKIÐ OG FÁÐU VEGLEGA
GJÖF Í KAUPBÆTI

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS

febrúar 2006

ÖÐRUVÍSI PARKET ADALHEIDUR HÉDINSDÓTTIR JÓNÍNA SIGURDARDÓTTIR SKAGGS LESIÐ VIÐ LJÓSSKÍMU

VEGGFÓÐUR.

tímarit

PERSÓNULEG UMGJÖRÐ

HULDA INGIBJÖRG SKÚLADÓTTIR OG JÓN ARNAR MAGNÚSSON
SINNA HEIMILINU AF ALÚÐ

RÓMANTÍK MEÐ NÚTÍMATÆKNI

HÖNNUN GUÐRÚNAR LILJU GUNNLAUGSDÓTTUR

HVER SKAPAR MYNSTRIN?

BJART YFIR RAÐHÚSI Á SELTJARNARNESI
MEIRA LAGT Í HVERSDAGSMATINN

VERÐ 699 KRÓNUR

ÞVOTTAHÚSIÐ
HÁLFGERÐ AFGANGSSTÆRÐ?

VEGGFÓÐUR.

tímarit



SIGURTROÐSLAN Robinson stekkur yfir Spud Webb og treður með tilþrífum. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Troðslukeppnin í NBA:
Robinson tróð yfir Spud Webb

KÖRFUBOLTI Nýliði New York Knicks, Nate Robinson, bar sigur úr þýtum í árlegri troðslukeppni NBA-deildarinnar í fyrrinótt. Robinson tryggði sér sigur með magnaðri troðslu yfir hinn gamalkunna Spud Webb, sem er minnsti leikmaðurinn í sögunni sem unnið hefur þessa keppni. Troðslan var stórkostleg og hlaut hann fullt hús stiga fyrir. Robinson er sjálfur næst minnsti sigurvegari keppninar, en hann er aðeins 175 sm á hæð. Þjóðverjinn Dirk Nowitzki hjá Dallas sigraði í 3-stiga skotkeppniinni eftir bráðabana gegn Gilbert Arenas hjá Washington og Ray Allen hjá Seattle.

Leyndur andlátí sonar síns

Tresor LuaLua hjá Portsmouth fékk ekki að vita af dauða 18 mánaða sonar síns fyrr en löngu eftir að hann átti sér stað. Forráðamenn landsliðs Kongó hindruðu að upplýsingarnar bærust honum á meðan Afríkumótið var í gangi.

FÓTBOLTI Forsvarsmenn landsliðs Kongó í fótbolta hafa legið undir miklu ámæli í heimalandi sínu að undanfögnu eftir að í ljós kom að þeir beittu öllum brögðum til að hindra helsta stjörnuleikmann sinn, sóknarmanninn Tresor LuaLua, í að fréttu af hörmulegu andlátí 18 mánaða gamals sonar síns. LuaLua, sem leikur með Portsmouth á Englandi, lék með Kongó í Afríkukeppninni fyrir skemmstu en honum voru fyrst tjáð tíðindin eftir að landsliðið var úr leik í keppninni. Höfðu þá liðið tæpar tvær vikur frá andlátinu en forráðamenn Kongó höfðu allan þann tíma hindrað að LuaLua fengi hinar hörmulegu frétnir þar sem þeir töldu að þær yrðu til þess að leikmaðurinn yfirlægi herþúðir liðsins í keppninni, eða að þær myndu bitna stórflega á frammistöðu hans í leikjum liðsins.

„Okkur var sagt að hann fengi að vita hvað hefði gerst og því kom það mikið á óvart þegar hann hafði aldrei samband,“ sagði barnsmóðir LuaLua í nýlegu viðtali, en dánarorsökin reyndist vera óþekktur sjúkdómur sem herjar á börn og getur leitt til dauða án nokkurs fyrirvara. Líklegt þykir að LuaLua muni ekki spila fyrir þjóð sína í framtíðinni þó svo að það hafi ekki verið staðfest. Mörgum var brugðið þegar þeir sáu LuaLua í byrjunarliði Portsmouth í tapleiknum gegn Manchester United í ensku úrvalsdeildinni um síðustu helgi, en þar átti leikmaðurinn stjörnuleik þótt hann væri gagntekinn af sorg. „Fyrir mér er ekkert val um mann leiksins. Það sem LuaLua gerði



TRESOR LUA LUA Mun hugsanlega aldrei spila aftur fyrir þjóð sína þar sem forsvarsmenn landsliðsins leyndu hann upplýsingum um dauða sonar síns. Hér sést hann spila fyrir Portsmouth í leiknum gegn Man. Utd um síðustu helgi. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

hér í kvöld var með ólíkindum,“ sagði Ruud van Nistelrooy, sóknarmaður Man. Utd, eftir leikinn. „Hann var frábær í leiknum og nánast eina ógn Portsmouth með hraða sínum, styrk og tækni,“ sagði Nistelrooy, en hann var einn fjölmargra leikmanna Man. Utd sem gengu til LuaLua eftir leikinn og vottuðu honum samúð sína. „Ég tjáði honum samúð mína og lét hann vita að ég hugsaði til hans. Hvernig hægt var að spila svona vel undir þessum aðstæðum

er ofar mínum skilningi,“ bætti Nistelrooy við. LuaLua kvaðst hrærður yfir samúð leikmanna Man. Utd eftir leikinn og sagði hana skipta miklu fyrir hann og fjölskyldu sína. „Þetta sýnir að leikmenn hér á Englandi vilja hver öðrum vel. Ég hef fengið margar samúðaróskir síðan ég kom aftur til Englands og er djúpt snortinn yfir þeim skilningi sem mér hefur verið sýndur. En það kom aldrei annað til greina en að spila þennan leik.“

ÚR SPORTINU

Eddie Jordan, maðurinn á bakvið Jordan-liðið í formúlu 1 kappakstri, segir að Michael Schumacher ætli sér að hætta keppni að loknu næsta tímabili í formúlunni og mæta til leiks að ári liðnu með eigið keppnislið. Jordan segir að Volkswagen muni verða helsti bakhjarl Schumachers í liðinu. Jordan segir þetta í viðtali við blaðið F1 Racing sem út kemur í næstu viku en enn hefur engin yfirlýsing borist frá Schumacher vegna þessara ummæla Jordan.



Íslendingarnir í þýska körfuboltanum voru misatkvæðamiklir um helgina. Jakob Sigurðarson lék í fjórar mínútur fyrir lið sitt BG Leverkusen í sigurleik gegn Köln í úrvalsdeildinni og náði ekki að skora stig á þeim tíma. Logi Gunnarsson skoraði aftur á móti 15 stig fyrir Bayreuth sem tapaði fyrir Echingen í 2. deild syðri. Leverkusen er í 13. sæti úrvalsdeildarinnar en Bayreuth er í 6. sæti í sinni deild.

Ólafur Stefánsson lék ekki með Ciudad Real sem vann öruggan sigur Algeciras, 31-19, í spænsku úrvalsdeildinni í handbolta á laugardag. Ólafur er enn að jafna sig á meiðslunum sem hann hlaut gegn Serbum á EM í Sviss. Ciudad er í 3. sæti deildarinnar, þremur stigum á eftir Portland og fjórum á eftir Barcelona.

Rúnar Kristinsson skoraði mark Lokeren þegar liðið tapaði fyrir St. Truiden, 1-2, í belgísku úrvalsdeildinni um helgina. Mark Rúnars þótti einkar glæsilegt. Davíð Þór Víðarsson sat allan tímann á varamannabekk Lokeren en Indriði Sigurðsson lék



allan leikinn fyrir Genk sem tapaði fyrir Waragem, 1-0. Genk er í 5. sæti deildarinnar og Lokeren í því 8.

Grétar Rafn Steinsson sat á varamannabekk AZ Alkmar allan leikinn þegar liðið tapaði óvænt fyrir Utrecht á heimavelli í hollensku úrvalsdeildinni, 2-3. AZ er í 2. sæti deildarinnar, nú átta stigum á eftir toppliði PSV.

Barcelona og Real Madrid unnu örugga sigra í spænsku úrvalsdeildinni í fótbolta á laugardagskvöldið. Barcelona lagði Betis 5-1 þar sem stjörnur Lionel Messi og Ronaldinho skoruðu meðal annars sitt markið hvor og Real vann sigur á Alaves á heimavelli, 3-0. Guti, Robinho og Cicinho skoruðu mörk Real. Barcelona er sem fyrr langefst í deildinni.

Jenson Button, ökumaður Honda-liðsins, hefur verið langduglegastur að æfa sig fyrir komandi vertíð í formúlunni samkvæmt nýjum mælingum Williams-liðsins. Button hefur ekið um níu þúsund kílómetra á undirbúningstímabilinu og þannig prófað og vanist bíl Hondaliðsins sem mest. Næstur honum er Pedro de la Rosa, varaökumaður McLaren, með 7500 km. Honda-liðið hefur einnig prufukeyrt langmest allra liða, eða tæplega 22 þúsund km. Næst kemur McLaren með um 4000 km minna en Renault er í þriðja sæti með rúma 17 þúsund km.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR? FEBRÚAR

16 18 19 20 21 22 23

Mánudagur

LEIKIR

18.00 Haukar og Fram mætast í DHL-deild kvenna í handbolta á Ásvöllum.

SJÓNVARP

18.30 NBA á Sýn. Útsending frá Stjörnuleiknum í NBA-deildinni sem fram fór í nótt.

20.30 Ítölsku mörkin á Sýn.

21.00 Ensku mörkin á Sýn.

21.30 Spænsku mörkin á Sýn.

Sælkera Ýsurúllur

með rækjuostafyllingu beint í ofninn.. eintóm hamingja!

Fiskbúðin Vör höfðabakka 1 s 5875070
Fiskbúðin Hafrún skipholti 70 s 553 0003
Fiskbúðin Vegamót nesvegi 100 s 562 1070
Fiskbúðin Árbjörg hringbraut 119 s 552 5070

ÉG REYNDI AÐ NEGLA NIÐUR...

ÓLAFUR F. NÚMASON / MYNDAK.


UMFERDARSTOFA

HÆGÐU Á ÞÉR

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:
„People like blood sausage too, people are morons.“

Svar:
Phil í kvikmynduinní Groundhog Day frá árinu 1993.

dagskrá



▶ 22.25

Spenna

LOST



SJÓNVARPIÐ

8.25 Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó 10.25 Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó 10.55 Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó 11.25 Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó 11.55 Vetrarólympíuleikarnir

í Tórínó 13.40 Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó 15.35 Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó 16.35 Helgarsportíð 16.50 Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó 18.00 Táknmálsfréttir 18.10 Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó

18.40 Orkuboltinn (6:8) Íþróttáalfurinn og félagar hans fjalla um orkuátak Latabæjar og krakkar úr hverjum landsfjórðungi keppa í bráðskemmtilegum þrautum.
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljós
20.30 Átta einfaldar reglur (72:76) (8 Simple Rules)Bandarísk gamanþáttaröð.
21.00 Lífið í lággróðrinum (2:5) (Life in The Undergrowth)
22.00 Tiufréttir
▶ 22.25 Lífsháski (29:49) (Lost II)Bandarískur myndaflokkur um strandaglópa á afskekktri eyju í Suður-Kyrrahafi þar sem ýmsar ögnir leynast. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

23.10 Spaugstofan 23.35 Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó 0.05 Kastljós 0.55 Dagskrárlök



STÖÐ 2 BÍÓ

6.40 Spy Kids 2: The Island of Lost Dreams
8.20 My Boss's Daughter 10.00 Triumph of Love 12.00 2001: A Space Travesty 14.00 Spy Kids 2: The Island of Lost Dreams 16.00 My Boss's Daughter 18.00 Triumph of Love 20.00 Swimfan (Aðdáandinn) B. börnum. 22.00 Conviction (Staðráðinn) Mynd um mann sem braut sér leið út úr víðjum fátæktar og glæpa. Stranglega bönnuð börnum. 0.00 Original Sin (B. börnum) 2.00 Buffalo Soldiers (Str. b. börnum) 4.00 Conviction (Str. b. börnum)



▶ 19.35

Gaman

STRÁKARNIR



6.58 Ísland í bítið 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 2005 9.35 Oprah 10.20 My Sweet Fat Valentina 11.05 Veggfóður 12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi

2005 13.05 Four Weddings And A Funeral 14.55 Osbournes 15.15 Jack Osbourne – Adrenaline Rush 16.00 Shoebox Zoo 16.25 Yoko Yakamoto Toto 16.35 Stróni draumurinn 17.00 Kyrin Kolla 17.10 Froskafjör 17.20 Bold and the Beautiful 17.40 Neighbours 18.05 The Simpsons 12

18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.00 Ísland í dag
▶ 19.35 Strákarnir
20.05 Grey's Anatomy (16:36)
20.50 Huff (3:13) Bönnuð börnum.
21.45 You Are What You Eat (17:17) (Mataræði 3)(Raj Mann – Revisit) Í þessum þætti heimsækir Dr. Gillian aftur Raj nokkum Mann.
22.10 Derek Acorah's Ghost Towns (1:8) (Draugabæli)Nýir draugarannsóknarþættir þar sem miðillinn snjalli Derek Acorah heldur áfram þar sem frá var horfið í Most haunted við að leita uppi hina framliðnu í bæjum og þorpum sem alræmd eru fyrir draugagang.
22.55 Meistarinn (8:21)

23.45 Prison Break (B. börnum) 0.30 Rome 1.20 The Closer (B. börnum) 2.05 Men With Brooms 3.45 Muggers (Bönnuð börnum) 5.20 Fréttir og Ísland í dag 6.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ



OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



▶ 21.00

Keppni

AMERICAN IDOL



SIRKUS

18.30 Fréttir NFS
19.00 Ísland í dag
19.30 Fashion Television (15:34)
20.00 Friends (3:24)
20.30 Kallarnir (4:20) Það eru þeir Gillzenegger og Party-Hans taka hina ýmsu karlmenn úr þjóðfélaginu og markmiðið er að breyta þeim í hnakka.
21.00 American Idol 5 (9:41) (Bandaríska stjórmeleitin 5)(Vika 5 – #511 – Hollywood Show 2) Fimmta þáttaröðin af vinsælasta þætti heims.
▶ 21.50 American Idol 5 (10:41) (Bandaríska stjórmeleitin 5) (Vika 5 – #512 – Green Mile)
22.40 Smallville (10:22) (e) (Scare) Fjórða þáttaröðin um Ófurmennið í Smallville.

23.25 Idol extra 2005/2006 (e) 23.55 Friends (3:24) 0.20 Kallarnir (4:20) (e)



E! ENTERTAINMENT

12.00 Live from the Red Carpet 14.00 Live from the Red Carpet 16.00 Live from the Red Carpet 18.00 Live from the Red Carpet 20.00 Live from the Red Carpet 22.00 Dr. 90210 23.00 Wild On 0.00 E! News 0.30 Celebrity Soup 1.00 Dr. 90210 2.00 The E! True Hollywood Story



▶ 22.00

Spenna

C.S.I.



SKJÁREINN

17.30 Game tívi (e) 18.00 Cheers

18.30 Sunnudagsþátturinn (e)
19.20 Fasteignasjónvarpið
19.30 Malcolm in the Middle (e)
20.00 The O.C. – 3. þáttaröð Það er undurfallet í Orange County í Kaliforníu og þar býr ríka, fina fólkið.
21.00 Survivor: Panama Í þessari 12. þáttaröð af Survivor verður haldið á ægifagar slóðir og leikið eftir nýjum reglum.
▶ 22.00 C.S.I. – ný þáttaröð! CSI er frumleg og óvenjuleg glæpaþáttaröð þar sem persónurnar nota tæknilegar meinafræðirannsóknir til rannsókna á sönnunargögnum sem sanna eiga glæpi af ýmsu tagi.
22.50 Sex and the City

23.20 Jay Leno 0.05 Boston Legal (e) 0.55 Cheers (e) 1.20 Fasteignasjónvarpið (e) 1.30 Östöðvandi tónlist



AKSJÓN

Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á Klukkutíma fresti til kl. 9.15



O.J. SIMPSON Réttarhöldin yfir O.J. stóðu í langan tíma og kostuðu óhemju mikið.

Þeir höfðu verið í þættinum ber vitni um.



▶ 21.30

Fótbolti

SPÆNSKU MÖRKIN



SYN

16.20 Enska bikarkeppnin 18.00 Íþróttasjallið 18.12 Sportíð

18.30 NBA 2005/2006 – Finals games (NBA 2005/2006 – All Star Game)
20.30 Ítölsku mörkin (Ítölsku mörkin 2005-2006)Öll mörkin, flottustu tilþrífir og umdeildustu atvikin í ítalska boltanum frá síðustu umferð.
21.00 Ensku mörkin
▶ 21.30 Spænsku mörkin Síðasta umferð í spænska boltanum eru gerð ítarlega skil. Öll mörkin, tilþrífir, umdeildustu atvikin og allt það markverðasta úr síðustu umferð.
22.00 Stump the Schwab (Veistu svarið?)
22.30 HM 2002 endursýndir leikir Útsending frá leik sem fór fram á Heimsmeistaramótinu í knattspyrnu sumarið 2002.

0.10 Ítalski boltinn



ENSKI BOLTINN

18.00 Að leikslokum (e)
19.00 Liverpool – Arsenal 14.02 Leikur sem fór fram miðvikudaginn 15. febrúar sl.
21.00 Að leikslokum (e) .
22.00 Everton – Blackburn frá 11.02 Leikur sem fór fram laugardaginn 11. febrúar sl.
0.00 Dagskrárlök



RENAULT

Vönduð frönsk hönnun
Einstök þægindi
Fallegir litir
5 stjörnu NCAP öryggi
Einstaklega sparneytinn
Hlaðinn staðalbúnaði
3 ára ábyrgð

Þú eignast hann fyrir
kr. 1.930.000
Bílasamningur / Bílalán
kr. 20.426 á mánuði*

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Með allskonar finerí sem hinir hafa ekki



Renault Megane II Sport Tourer, 5 dyra, 1600 / 16V, 115 hestöfl, beinskiptur. Aukahlutir á mynd: Dynamic útfærsla, vindkljúfasett.

VERTU Á ÖRUGGASTA BÍLNUM

Alls hafa átta bílar frá Renault fengið 5 stjörnur eða hæstu einkunn í öryggisprófunum Euro NCAP, sem er meira en tvöfalt betri árangur en hjá öðrum bílaframleiðendum.

Bílasamningur miðað við 70% lánslutfall í 84 mánuði.



Með bílinn handa þér

VIÐ MÆLUM MEÐ...

Derek Acorah's Ghost Towns

Stöð 2 kl. 22.10

Nýir draugarannsókna-
þættir með Derek Acorah

Derek Acorah þarf oft að glíma við
drungalegar aðstæður.





► 21.10

Fréttir

60 MINUTES



7.00 Ísland í bítið 9.00 Fréttavaktin fyrir há-degi

12.00 Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttaf-réttir/Leiðarar dagblaða/Hádegjið – fréttav-iðtal. 13.00 Íþróttir/lífsstíll 14.00 Hrafn-aþing/Miklabraut 15.00 Fréttavaktin eftir há-degi 18.00 Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþrótt-ir/veður

19.45 Brot úr dagskrá
20.00 Fréttir
20.10 Silfur Egíls Umræðuþáttur í umsjá Eg-íls Helgasonar.
21.00 Fréttir
► 21.10 60 Minutes Framúrskarandi fréttav-áttur sem vitnað er í.
22.00 Fréttir Fréttir og veður
22.30 Hrafnþing/Miklabraut Hrafnþing þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga í umsjá Ingva Hrafn Jónssonar og Miklabraut mánudaga og miðvikudaga í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

23.15 Kvöldfréttir/Íslandi í dag/Íþrótt-ir/veður 0.15 Fréttavaktin fyrir hádegji 3.15 Fréttavaktin eftir hádegji 6.15 Hrafn-aþing/Miklabraut



ERLENDAR STÖÐVAR

EUROSPORT

12.00 Alpine Skiing: Winter Olympic Games Torino Italy 13.10 Olympic Games: Olympic News Flash 13.15 Curling: Winter Olympic Games Torino Italy 16.00 Ski Jumping: Winter Olympic Games Torino Italy 16.45 All Sports: Daring Girls 17.00 Ski Jumping: Winter Olympic Games Torino Ita-ly 17.55 Ski Jumping: Winter Olympic Games Torino Italy 18.40 Olympic Games: Olympic News Flash 18.45 Figure Skating: Winter Olympic Games Torino Italy 22.15 Olympic Games: Olympic Extra 23.15 All Sports: Daring Girls 23.30 Olympic Games: Mission to Torino (m2t) 23.45 Ice Hockey: Winter Olympic Games Torino Italy 0.45 Ski Jumping: Wint-er Olympic Games Torino Italy 1.30 Alpine Skiing: Winter Olympic Games Torino Italy 2.00 Alpine Skiing: Winter Olympic Games Torino Italy

BBC PRIME

12.00 The Brittias Empire 12.30 Last of the Summer Wine 13.00 Down to Earth 14.00 Balamory 14.20 Teletubbies 14.45 Tweenies 15.05 Binka 15.15 Fimbles 15.35 Ace Lightning 16.00 Changing Rooms 16.30 Bargain Hunt 17.15 The Weakest Link 18.00 Doctors 18.30 EastEnders 19.00 The British Academy Film Awards 21.00 French and Saunders Go to the Movies 21.30 Red Dwarf III 22.00 Days that Shook the World 22.50 Casualty 23.40 Radical Highs 0.00 Wild Weather 1.00 I Want My Little Boy Back 2.00 The Mark Steel Lectures

NATIONAL GEOGRAPHIC

12.00 Violent Planet 13.00 Sperm Whale Oasis 14.00 Meg-astructures 15.00 Megastructures 16.00 Megastructures 17.00 Violent Planet 18.00 Battlefront 18.30 Battlefront 19.00 Hunting Hounds of Arabia 20.00 Megastructures 21.00 Megastructures 22.00 Megastructures 23.00 Alien Worlds 0.00 Megastructures 1.00 Megastructures

ANIMAL PLANET

12.00 Amazing Animal Videos 12.30 Monkey Business 13.00 Animal Icons 14.00 Animal Planet at the Movies 14.30 Animal Planet at the Movies 15.00 Miami Animal Police 16.00 Pet Rescue 16.30 Wildlife SOS 17.00 Amazing Animal Videos 17.30 The Planet's Funniest Animals 18.00 Meerkat Manor 18.30 Monkey Business 19.00 RSPCA – Have You Got What it Takes? 19.30 Wildlife SOS 20.00 Equ-a-tor 21.00 Animal Cops Houston 22.00 Animal Precinct 22.30 Monkey Business 23.00 Emergency Vets 23.30 Hi-Tech Vets 0.00 Pet Rescue 0.30 Wildlife SOS 1.00 Equator 2.00 RSPCA – Have You Got What it Takes?

DISCOVERY

12.00 American Chopper 13.00 Thunder Races 14.00 Building the Ultimate 14.30 Building the Ultimate 15.00 Extreme Machines 16.00 Junkyard Wars 17.00 Rides 18.00 American Chopper 19.00 Mythbusters 20.00 The Boy Who Gave Birth to His Twin 21.00 Trauma 22.00 Dr G – Medical Examiner 23.00 Mythbusters 0.00 Forensic Detectives 1.00 FBI Files 2.00 Finding the Fallen

TALSTÖÐIN FM 90,9 6.58 Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 9.10 Allt og sumt 12.25 Fréttaviðtalið 13.05 Bílaþátturinn e. 14.10 Hrafnþing 15.10 Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar 17.59 Á kassanum. Illugi Jökulsson. 18.30 Fréttir Stöðvar 2 19.00 Ísland í dag 19.30 Allt og sumt 21.30 Á kassanum e 22.00 Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e. 0.20 Hrafnþing Ingva Hrafn e.	RÁS 1 FM 92,4/93,5 7.05 Morgunvaktin 9.03 Laufskálinn 9.50 Morgun-leikfimi 10.13 Stefnumót 11.03 Samfélagið í nær-mynd 12.00 Fréttayfirlit 12.03 Hádegisútlarp 12.20 Há-degisfréttir 13.00 Vitt og breitt 14.00 Fréttir 14.03 Útlarpssagan 14.30 Miðdegistónar 15.03 Þar sem austrið er ekki lengur rautt 17.03 Viðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Vítinn 19.30 Laufskálinn 20.05 Söngvamá 21.00 Hve glöð er vor æska 22.15 Lestur Passíusálma hefst 22.22 Úr tónlistarlífínu – Myrkir músikldagar 2006 0.10 Útlarpað á samtengdum rásum til morguns	RÁS 2 FM 90,1/99,9 6.05 Morguntónar 6.30 Morgunútlarp Rásar 2 9.05 Brot úr degi 12.03 Hádegisútlarp 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútlarpíð 18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Ung-mennafélagið 21.30 Konsert 22.10 Popp og ról
BYLGJAN FM 98,9 5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bítið 9.00 Ívar Guðmundsson 12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahagahédegj Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykja-vík Síðdegis 18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju	ÚTLARP SAGA FM 99,4 8.00 Arnþrúður Karlsdóttir 10.00 Rósa Ingólfs-dóttir 11.00 Bláhornið 12.25 Meinhornið 14.00 Kjtartan Gunnar Kjtartansson 15.00 Hild-ur Helga 17.00 Gústaf Nielsson 18.00 Mein-hornið 19.00 Bláhornið 20.00 Arnþrúður Karls-dóttir 22.00 Rósa Ingólfsdóttir 23.00 Kjtartan G. Kjtartansson 0.00 Hildur Helga 2.00 Gústaf Nielsson 3.00 Rósa Ingólfsdóttir 4.00 Kjtart-an G. Kjtartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir	AÐRAR STÖÐVAR FM 95,7 Effemm / Zúber tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjólkskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying

Mér finnst hafragrautur vera nammi nammm

Hafragrautur fyrir örbylgjuofninn fæst með epla- og kanilbragði og ávaxta- og berjabragði. Fljótlegur og hollur morgunmatur.



pipar / SIA / 5162

1 Helltu haframjölinu úr pokanum í skál

2 Settu 1,5 dl. af vatni út í (notaðu pokann undir vatnið – nákvæmlega rétti skammturinn)

3 Tilbúinn í örbylgjuofninum á 2 1/2 mínútu





HRÓSIÐ

...fær forvarnarverkefnið Blátt áfram fyrir nýjar auglýsingar gegn kynferðisofbeldi á börnum.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2 ómerkilegt 6 tveir eins 8 árkvislir 9 struns 11 tveir eins 12 reiknivél 14 meltingarfæri í fugli 16 tveir eins 17 fugl 18 umfram 20 tveir eins 21 gefa frá sér reiðihljóð.

LÓÐRÉTT 1 steintegund 3 þverslá á siglutré 4 plöntutegund 5 ósigur 7 vilsa 10 nögl 13 kosning 15 þefa 16 efni 19 íþróttafélag.

LAUSN

LÁRÉTT: 1 ágað, 3 rá, 4 alþarðs, 5 tap, 7 gróttur, 10 kló, 13 val, 15 nasa, 16 lau, 19 k. LÓÐRÉTT: 1 urra, 2 tilva, 14 í dörn, 16 tt, 17 lóa, 18 auk, 20 ss, 21 pp.

SVÖRIN

- Magnús Geirsson.
- Við Guantanamoflóa.
- Tórínó á Ítalíu.

Upplýsingar í síma 590 2525
Textavarp: Stöð 2 • 150-153
RÚV • 281, 283 og 284

Vínningstölur laugardaginn 18.2.2006

7 13 20 30 31

Einfaldur 1. vinningur nk. laugardag

Bónus tala 14

Jókertölur vikunnar

Jóker 7 2 5 3 0

Fyrsti vinningur gekk ekki út.

V Í K I N G A

LOTTO Alltaf á miðvikudögum

Vínningstölur miðvikudaginn 15.2.2006

Aðaltölur 7 20 23 25 26 43

Bónustölur Ofurtala 6 9 29

Einfaldur 1. vinningur nk. miðvikudag

Jókertölur vikunnar

1 3 1 8 3

Fyrsti vinningur gekk ekki út.

Birt með fýrvara um prentvillur

34

FRÉTTABLAÐIÐ

20. febrúar 2006 MÁNUDAGUR

SÉRFRÆÐINGURINN SIF GUNNARSDÓTTIR HELDUR UTAN UM VETRARHÁTIÐ Í REYKJAVÍK

Sköpunarkraftur borgarbúa í algleymingi

Vetrarhátíð í Reykjavík hefst á fimmtudaginn með pompi og prakt og stendur dýrðin allt til sunnudagskvölds. Af mörgu er að taka og eins gott að skipuleggja sig vel til að upplifa sem mest, því um hlaðborð spennandi viðburða er að ræða.

Sif Gunnarsdóttir er verkefnastjóri viðburða hjá höfuðborgarstofu en hátíðin er nú haldin í fimmta sinn.

„Það var þáverandi borgarstjóri, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, og forsvarsmenn Orkuveitu Reykjavíkur sem ákváðu að halda hátíð með sömu hugmyndafræði og Menningarnótt að baki, sem gekk svo vel með þátttöku almennings. Þau vildu því búa til sams konar hátíð í dagatalinu beint á móti Menningarnótt og nýta augljósan sköpunarkraft borgarbúa,“ segir Sif um Vetrarhátíðina sem hefst á fimmtudagskvöldi þegar nógu dimmt er

orðið til að njóta bæði ljóss og skugga, en nógu snemmt fyrir barnafjölskyldur að fara bæjarferð saman.

„Fimmtudagshátíðin miðast mjög við miðborgina en síðan fer hátíðin um alla borg og minnir á smærri útgáfu af Menningarnótt. Að venju ber margt nýrra við, en einnig fastir liðir eins og dægurlagatónleikar í Frikirkjunni, bókmenntaganga Borgarbókasafnsins og ýmsir viðburðir í Ráðhúsi, Hafnarhúsi, Dómkirkjunni og fleiri stöðum,“ segir Sif sem hlakkar sérstaklega til föstudagsins.

„Ólíkt Menningarnótt er þessi hátíð mitt á skólaárinu og vegna þess njótum við þátttöku leikskóla- og grunnskólaklúbba í hátíðahöldunum. Í ár standa leikskólarnir fyrir sérstakri skuggahátíð, með vasaljósum og syngja „Ég á lítinn, skrýttinn skugga.“ Í Ráðhúsinu verður Mannréttindatorg með sláandi gjörningum

á vegum mannréttindafélaga og klukkan sjö um kvöldið hefst safnanótt sem er stórkostlegt fyrirbæri þar sem öll söfn Reykjavíkur verða opin fram yfir miðnætti með ókeypis aðgangi og uppákomum, auk þess sem ljósum prýddur strætó sér um að skutla gestum á milli staða,“ segir Sif og heldur áfram að telja upp atburði hátíðarinnar þar sem hvert mannsbarn finnur örugglega eitthvað við sitt hæfi.

„Laugardagurinn verður mikill tónlistardagur, með KaSa-hópnum í Ráðhúsinu, Megasi í Hallgrímskirkju og samísku söngkonunni Marit Hætta Överli í Íslensku óperunni. Á sunnudeginum verður svo hverfahátíð í Laugardalnum, þar sem allir leggjast á eitt um að gera frábæra dagskrá í dalnum,“ segir Sif og minnir á ótæmandi dagskrá Vetrarhátíðar á rvk.is.



MARLON POLLOCK: FYRSTA PLATAN KOMIN ÚT

Rappar og teiknar verur

Tónlistarmaðurinn og teiknarinn Marlon Pollock, sonur rokkarans Mike, hefur gefið út plötuna Apocaliptik Magik Child.

Marlon hefur verið búsettur í London undanfarið ár þar sem hann hefur einbeitt sér að tónlistarferlinum auk þess sem hann hefur reynt að koma teikningum sínum á framfæri. Fer hann á næstunni á fund út af teikningunum hjá manni að nafni Banksy sem hefur meðal annars selt verk eftir Jamie Hewlett, sem stofnaði teiknimyndahljómsveitina vinsælu Gorillaz ásamt Damon Albarn.

Marlon gefur nýju plötuna út undir nafninu Huxun en hann er einnig meðlimur hljómsveitarinnar Anonymous ásamt systur sinni Tanyu. Hann er staddur hér á landi í stuttri heimsókn og ákvað því að gefa plötuna út í leiðinni í takmörkuðu upplagi.

Móðir hans, Jóhanna Hjálmtýsdóttir, systir Diddúar, syngur á plötunni og hafði Marlon mjög gaman af samstarfinu með henni. „Ég hafði alltaf haft áhuga á að vinna með henni. Þegar ég var að búa til tónlist í herberginu mínu var hún alltaf að söngla lögin,“ segir

MARLON POLLOCK Tónlistarmaðurinn og teiknarinn býr í London um þessar mundir.

hann og bætir því við að móðir sín hafi sungið fyrir hann á tónleikum sem hann hélt í kirkjunni St. Augustine's Church í London ekki alls fyrir löngu.

Marlon lýsir plötunni sem hip-hop/electro. Auk mömmu hans rappar hann sjálfur á plötunni og einnig fær hann hjálp frá Lúlla úr Rottweiler í laginu Is this the Beginning.

Marlon byrjaði að rappa fyrir um það bil sex árum og hefur í þrjú ár verið meðlimur í hópnum „Hinir“ ásamt köppum á borð við Illaleikinn, Steve Sampling og Vivid Brain. Hann hefur einnig gert nokkuð af því að rappa með plötusnúðum og hefur keppt í svokölluðu rímnaflæði, eða „battle“ í London þar sem hann söng á sínu öðru tungumáli, ensku. Í einni keppninni vann hann þrjá keppendur og tapaði fyrir einum sem sýnir að þarna er á ferðinni fær rímna-meistari.

Fyrir tveimur árum fékk Marlon síðan sitt stærsta tækifæri til þessa þegar hann hitaði upp fyrir rapparann 50 Cent á tónleikum hans hér á landi.

Hvað varðar teikningarnar vonast Marlon eftir því að þær eigi eftir að hitta í mark í Bretlandi og á netinu fari þær í sölu þar. Flestar eru þær teiknaðar með tæknipenna og trélitum og eru ýmiss konar verur oftast viðfangsefnið.

Marlon vonast til að hitta Jamie Hewlett þegar hann fer aftur til London. „Mig langar að spjalla við Jamie og sjá hvernig hann teiknar og læra af honum. Ég vil líka leyfa honum að heyra tónlistina mína,“ segir hann.

Áður en Marlon fer út spilar hann í Hinu húsinu á Vetrarhátíðinni 25. febrúar klukkan 22.00. Platan Apocaliptik Magic Child er til sölu í Nakta apanum og í 12 Tónum.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Andrea Róberts getur ekki annað en agnúast út í Valentínusardaginn á bloggsíðu sinni. Andrea er stödd á Íslandi og þar hefur þessi dagur ástarinnar ekki farið framhjá neinum. „En adur en við komum ad tvi ta var eg sem sagt stoddarna i Goa og djofulsins vald hefur Lonely Planet. Eg valdi gistiheimili ur bokinni og tar var sagt ad tetta vaeri rolegur stadur og kosi en var sidan vibbi og alveg vid jarnbrautateinana tannig ad eg svaf ekki rassgat og rafmagnid alltaf ad fara af. Tad var nu samt allt i lagi tannig tar til ad eg for og tekkadi a matsolustad sem einnig var mael med ur bokinni sem var vibbi.is. Baud bara upp a kokteila t.d. Pussy Foot, Farmer's Joy, Virgin Pinacolada og Lovers Special. En sa sidasti er kannski eitthvad i tengslum vid Valentinusardaginn. Tad er magnad hvad tessi dagur er aberandi i litlum bae a Indlandi og lika hera a Thailandi. Kort, sukkuladi og bara allir astsjukir a morgun 14. februar a V-day - tad er nokkud ljost. Eg sem helt ad Valdis Gunnar utvarpsmadur vaeri bara ad klappa ameriskri hugmynd i godu glensi,“ skrifar Andrea á bloggsíðu sinni.

Það er alltaf stuð í kringum bloggdrötnunguna Betu rokk en hún skemmti sér konunglega um helgina í gervi Silvíu Nætur. Á laugardagskvöldið fór hún í teiti þar sem Silvíu Nætur þema var í hávegum haft og fékk Beta rokk verðlaun. „ég vann keppnina og fékk medalíu sem stóð silvía night #1 og var ógissla ánægð með það. og í telfni þess þurfti ég að syngja til hamingju island í spes betukaróki en það er þegar söngvarinn fær lagið blastað í heyrnatölum og á að syngja. mér leið eins og ég væri í höllinni og dansaði og æpti en enginn heyrði lagið...heyrði bara thumpið þegar ég dansaði og mig að syngja. ég heyrði ekkert í mér en held ég hafi sungið þetta ógissla vel. svo fórum við í eftirpartyið hennar alvöru silvíu. soldið fyndið að fá fimm viljvera-silviur í silviupartyið. en þúst...hún er ógissla góð vinkona mín þannig að auðvitað fórum við að söpportana,“ segir Beta rokk á bloggsíðu sinni. Hún var þó ekki eina stjarnan í alvöru Silvíu Nætur teitinu því þar voru líka Sigga Beinteins, Gulli Briem, Birgitta Haukdal og Krummi í Mínus

GREEN VISION Þessi vera er ein af mörgum sem Marlon hefur teiknað í gegnum tíðina.

Við hinn endann á hnakkavæðingunni

Nokkrir gæjar sem hafa gert garðinn frægan í Rottweilerhundunum byrja með sjónvarpsþáttinn Tívoli á Sirkus fyrstu vikuna í apríl. Að sögn Lúðvíks úr Rottweiler verður þetta fræðslu- og skemmtiþáttur en hann vill ekki gefa mikið meira upp að svo stöddu. „Þetta verður mjög tónlistartengt og „look-ið“ á þættinum verður mjög hiphop. Við fáum gesti í heimsókn og hittum fullt af fólki,“ segir Lúðvík.

Hann þvertur fyrir það að Rottweiler sé búnir að vera. „Við erum allir að hanga saman mjög mikið en Erpur er úti í Kína og eins og staðan er núna erum við ekki að gera neitt.“

Lúðvík segir að flestir séu þeir að malla í tónlist hver í sínu horni og að hugsanlega sé von á einhverju nýju efni frá honum á næstunni. Mikil hnakkavæðing hefur átt sér stað á Sirkus með nokkrum nýjum þáttum sem hafa notið mismikilla vinsælda. „Við erum við hinn endann má segja,“ segir Lúðvík. „Ég hef ekkert á móti hnakkavæðingunni en ég held bara að þetta sé orðið gott þar.“ -fb

Á LEIÐ Á SIRKUS Lúðvík og félagar byrja í apríl með þáttinn Tívoli á sjónvarpsstöðinni Sirkus.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Nokkrir nýjir Dodge Durango Limited á fáranlega lágu verði. **Aðeins 3.990 þús.**

Algengt listaverð um 5.500 þús.

Lánamöguleikar: Allt að 100% lán.

Ábyrgð: Tveggja ára Evrópsk verksmiðjuábyrgð.

Þjónusuaðili: Ræsir hf.

Litir: Svartur – Dökkblár – Dökkgrár og Silfurgrár.

Vél: 5,7 lítra Hemi. 335 hestöfl.

Sjálfskipting: 5 þrepa með OD.


Drifbúnaður: Sídrif með tölvustýrðum millikassa og háu og lágu drifi.

Búnaður: 7 manna, leðurinnrétting, glertoppluga, rafknúin sæti með mjóbaksstuðningi, minni á bílstjórasæti, hiti í sessum og stólbaki frammí, rafknúnar rúður, fjarstýrðar samlæsingar, rafknúnir aðfellanlegir og upphitaðir útispeglar sem dökkna í mikilli birtu, sjálfvirk loftkæling, "17 álfelgur, króm stigbretti, hlífðarpanna undir vél og gírkassa, ABS bremsukerfi, líknarbelgir, hraðastillir ("Cruise Control"), leðurstýri, stökkur með geymsluhólfum í lofti og milli sæta, 3. sætaröð fellanleg niður í gólf, ofl.ofl.

Hljómgræjur: 6 diska CD spilari í mælaborði með sjálfvirkum tónjafnara, magnara, MP3 spilara, 9 hátölurum og aðgerðarhnöppum í stýri.

Sýningarbill á staðnum.

www.sparibill.is



Skúlagötu 17 · Sími: 577 3344

PÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á **visir** VEF



HORFÐU EINSOG PÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir
í stafrænum gæðum á visir.is



BAKÞANKAR
PRÁINS BERTELSSONAR

Flokkur í útrýmingarhættu!


Nýjustu rannsóknir benda til þess að Framsóknarflokkurinn sé í útrýmingarhættu og yrði lífríki Íslands stórum fátækara ef síðasti framsóknarmaðurinn hyrfi af sjónarsviðinu ofan í glatkistu sögunnar og legðist þar til hvíldar undir dúnsæng úr síðasta geirfuglinum.

KANNSKI vísindin komi framsóknarmönnum til bjargar. Ástralíumenn eru langt komnir með að endurskapa frambærilegt eintak af Tasmaníu-tígrisdýrinu úr ketbita sem einhver forsjáll aðili átti í frystikistu frá því fyrir 60 árum þegar landnemar á Tasmaníu útrýmdu þessu dýri í hugsunarleysi. Það segir sig sjálft að það er mun kostnaðarsamara að endurskapa merkileg fyrirbæri upp úr gaddfreðnum DNA-keðjum og kjarnasýrum en að vernda stofna sem eru í útrýmingarhættu og leyfa þeim að lifa áfram okkur öllum til ánægju.

RANNSÓKNIR sýna að framsóknarmenn eru komnir niður í 7,1% og eru aðeins rétt fyrir ofan feigðarmörk stjórnmalaflokka sem eru 5%. Þeir flokkar sem fara niður fyrir feigðarmörkin eru dæmdir til að farast, nema að þeir bregði á það ráð að bjarga örmagna erfðavísunum sínum í hús með því að sameinast einhverjum öðrum flokki eða flokkum.

HNIGNUNARSKEIÐ framsóknarflokksins er nú orðið „nokkuð langt“ eins og ungfrúin sagði við Þórberg í Gamla kirkjugarðinum forðum tíð, en það hófst fyrir alvöru með svonefndu „Olíumáli“ sem ekki þætti merkilegt nú til dags, en upp úr því var ákveðið að leggja flokkinn í einelti og kenna honum um allt sem aflaga fór í þjóðfélaginu, hvort sem það var stórfellt spírasmygl eða dularfull mannhvörf sem héldu áfram að vera jafndularfull þótt hópur af saklausu fólki væri dæmdur í fangelsi og síðan neitað um uppreisn æru. Í seinni tíð hafa framsóknarmenn helst unnið sér það til óhelgi að sjá til þess að Sjálfstæðisflokkurinn, sem margir eru hændir að, fari með völdin í landinu. Einna nóturlegast við stöðu Framsóknarflokksins er að það eru helst svonefndir umhverfisverndarsinnar sem vilja útrýma honum, og hlýtur sú staðreynd að verða nokkurt umhugsunarefni bæði þeim sem unna íslensku lífríki – og ekki síst framsóknarmönnum sjálfum. ■

NISSAN PATHFINDER



ÆVINTÝRI LÍKASTUR

 Breyting frá Arctic Trucks

Verðið á Nissan Pathfinder hefur líklega aldrei verið hagstæðara. Með 35" sérhönnuðum breytingum eru gæði þessa skemmtilega jeppa einfaldlega orðin enn meiri. Hann er áfram jafn og þægilegur í akstri og nú ævintýri líkastur.

Líttu inn og berðu hetjuna augum!

Verðið á breyttum Nissan Pathfinder er frá **4.379.000 kr.**

Ingvar Helgason		Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is	Opíð: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00			
Umboðsmenn um land allt	Selfossi 482 3100	Njarðvík 421 8808	Akranesi 431 1376	Höfn í Hornafirði 478 1990	Reyðarfirði 474 1453	Akureyri 461 2960

AEG

Handverkfæri af **BESTU** gerð!



HJÓLSÖG K 55
Kr. 16.900.-



STINGSÖG STEP 1200
Kr. 19.900.-



VELTU RAFHLÖÐUVÉL RDSE 12T
Kr. 16.900.-



BORVÉL SB2 630
Kr. 8.990.-



BORHAMAR PN 3000R2/K
Kr. 26.900.-

BETRI VERÐ!
AEG handverkfærin sverja sig í ættina. Þau eru eins og annað sem kemur frá þessum þýska framleiðanda vönduð og traust.

ORMSSON
LÁGMÚLA 6 SÍMI 530 2800

Auglýsingastofna Góðráðar Önnu